

Greinargerð

með fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2013

Samþykkt í borgarstjórn 4. desember 2012



Reykjavíkurborg

Efnisyfirlit

Umfjöllun

Inngangur borgarstjóra	1
Forsendur fjárhagsáætlunar 2013	2
Meginniðurstöður	16
Kynjuð fjárhagsáætlunargerð	27
Reglur um gerð fjárhagsáætlunar.....	28

Svið

Íþróttar- og tómstundasvið	37
Menningar- og ferðamálasvið	42
Miðlæg stjórnsýsla.....	53
Önnur útgjöld	62
Skóla- og frístundasvið	63
Skipulags- og byggingasvið.....	77
Umhverfis- og samgöngusvið	80
Velferðarsvið	87
Framkvæmda- og eignasvið.....	95
Framlög til B-hluta fyrirtækja.....	101
Ný upplýsingakerfi	103

B-hluta fyrirtæki

Bílastæðasjóður	107
Faxaflóahafnir	109
Félagsbústaðir.....	111
Malbikunarstöðin Höfði hf.	114
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.....	115
Strætó bs.	117
Sorpa bs.	
Orkuveita Reykjavíkur	

INNGANGUR BORGARSTJÓRA

Meirihluti Besta flokks og Samfylkingar leggur nú fram sína þriðju fjárhagsáætlun. Hún einkennist, eins og áður, af ábyrgri fjármálastjórn, aðhaldi og stefnufestu. Nýjar fjármálareglur sveitarfélaga knýja á um að jöfnuði sé náð yfir hvert þriggja ára tímabil milli reglubundinna tekna og gjalda og að það takist að lækka hlutfall skulda og skuldbindinga af reglulegum tekjum á næstu tíu árum þannig að það verði ekki hærra en 150%. Aðgerðaáætlun eigenda og stjórnenda Orkuveitu Reykjavíkur frá 2011 hefur staðist en hún gegnir lykilhlutverki í því að ná ofangreindum markmiðum. Allt bendir til þess að bæði Orkuveitan og samstæðan í heild sinni nái jafnvægi og ásættanlegu skuldahlutfalli á næstu árum.

Mikill fjöldi fólks missti vinnu eða lækkaði verulega í tekjum vegna efnahagshrunsins. Vaxandi hópur hefur aldrei fengið atvinnu og hefur af þeim sökum ekki öðlast rétt til atvinnuleysisbóta. Reykjavíkurborg tók á árinu 2012 myndarlega þátt í atvinnuskapandi verkefnum með Vinnumálastofnun og fjölmörgum fyrirtækjum til að hjálpa fólki sem misst hefur vinnu og atvinnuleysisbætur að fá tækifæri til vinnu á ný. Á árinu 2013, eins og fram kemur í þessari fjárhagsáætlun, má búast að enn fleiri missi rétt til atvinnuleysisbóta. Meirihluti Besta flokks og Samfylkingar mun beita sér fyrir því að þegar verði hafinn undirbúningur að vinnumarkaðs- aðgerðum á árinu 2013 með þátttöku ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja til að taka föstum tókum á þeim vanda sem við blasir. Líta verður sérstaklega til ungs fólks 18-24 ára og þeirra sem vilja vinna en staðið hafa í fleiri en fjögur ár utan vinnumarkaðar. Þessir hópar þurfa á meiri stuðningi að halda en aðrir. Aðstæður nú til aðgerða eru betri en undanfarin ár þar sem hagvöxtur virðist fara vaxandi.

Um helmingur útgjalda Aðalsjóðs rennur til skóla- og frístundamála. Grunnskólar, leikskólar og frístundamiðstöðvar eru kjölfesta í okkar samfélagi. Kannanir sýna að börnum líður þar almennt vel og þau fást þar við þroskandi og uppbyggileg verkefni. Það er til marks um árangur í skólastarfi í Reykjavík að reykvískir nemendur í 10. bekk náðu bestu niðurstöðu á samræmdum prófum á landinu nýverið. Þá sýna mælingar að foreldrar eru mjög ánægðir með starf skóla- og frístundamiðstöðva í borginni.

Áfram verður haldið uppi háu framkvæmdastigi hjá Reykjavíkurborg. Varið verður um 6,9 milljörðum til framkvæmda, einkum til verkefna sem ekki auka fastan rekstrarkostnað borgarinnar.

Í þessari fjárhagsáætlun verður, eins og í tengslum við fjárhagsáætlun 2012, opnað fyrir aukna lýðræðislega aðkomu að fjárhagsáætlunarvinnu við skiptingu smærri nýframkvæmda og viðhaldsverkefna (hverfapottar). Samráðsvefurinn Betri Reykjavík verður notaður til að taka við hugmyndum frá íbúum um þessi verkefni. Eftir að þau hafa verið kostnaðarmetin verður þeim stillt upp í rafræna, bindandi kosningu.

Áfram verður lögð áhersla á skipulagsmál og framgang atvinnustefnu borgarinnar. Nýtt aðalskipulag til 2030 verður kynnt 2013. Þá hefst vinna við hverfisskipulag af fullum krafti þar sem felast gríðarleg tækifæri. Þar verður fjallað um samgöngur, þjónustu og ýmis önnur mál sem tengjast lýðheilsu og lífsgæðum almennt. Þetta er í samræmi við markmið um Reykjavík sem græna borg. Hverfisskipulag verður unnið í samráði við íbúa og önnur svið.


Málefni fatlaðs fólks voru færð frá ríki til sveitarfélaganna 2011. Eftir nær tveggja ára rekstur er ljóst að þjónustuþegar fá heildstæðari þjónustu en áður – en tekjur standa ekki undir gjöldum. Mikilvægt er að ríkið fjármagni þetta verkefni að fullu.

Á árinu 2012 var unnið að því að taka fyrstu skrefin hvað varðar innleiðingu kynjaðrar starfs- og fjárhagsáætlunargerðar hjá Reykjavíkurborg. Í mars var stofnað til fjölmargra tilraunaverkefna hjá sviðum og stofnunum borgarinnar til að efla þekkingu og þróa verklag þeirra sem koma til með að vinna að fjárhagsáætlunargerð til framtíðar. Á næstu vikum og mánuðum verður unnið að endurbótum á verklagi til þess að gera okkur kleift að samtvinna mannréttindastefnu borgarinnar með svipuðum hætti við gerð næstu fjárhagsáætlunar.

Stjórnkerfisbreytingar hafa sett mark sitt á fjárhagsáætlunarundirbúninginn að þessu sinni. Nýtt svið, Umhverfis- og skipulagssvið, er að verða til og ný skrifstofa eigna og atvinnuþróunar. Fjárhagsáætlunarvinnan byggist enn á eldra stjórnkerfi og því er nauðsynlegt að endurskoða áætlunina á fyrsta ársfjórðungi ársins 2013 þegar fyrir liggur nákvæmlega útfært skipulag á nýju sviði og nýrri skrifstofu. Það á ekki að hafa áhrif á niðurstöður rekstrar, efnahags eða sjóðsstreymis.

Meirihluti Besta flokks og Samfylkingar lækkaði fasteignaskatta á yfirstandandi ári og leggur til að álagningarhlutfall fasteignaskatta af íbúðarhúsnæði verði áfram 0,2% og lóðarleiga sömuleiðis 0,2%. Þessi álagningarhlutföll eru áfram með því allra lægsta sem gerist á landinu.

Reykjavíkurborg er frábær staður til að búa á. Reykjavík er líka góður staður til að heimsækja enda fjölgar ferðamönnum í borginni gríðarlega á hverju ári og orðspor borgarinnar fer vaxandi um allan heim. Reykjavík er eftirsóknarverður staður fyrir fólk. Reykjavík stendur fyrir mannúð, menningu, náttúru og frið. Með þessi orð að leiðarljósi getur Reykjavík orðið besta borg í heimi fyrir fjölskyldur, fyrirtæki, stofnanir, ferðamenn og allskonar íbúa.




FORSENDUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR 2013

Helstu hagspár um hagvöxt, einkaneyslu og fjárfestingar


Forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 5. júlí sl.

Hagstofan gerir ráð fyrir að hagvöxtur ársins 2012 nemi 2,8% og hagvöxtur árið 2013 verði nánast sá sami eða 2,7%. Ekki liggur fyrir nein greining á hagvaxtarþróun eftir landshlutum þannig að óljóst er hvort spá fyrir landið eigi við um Reykjavík og höfuðborgarsvæðið. Myndin hér að neðan sýnir að spár ASÍ, Seðlabanka Íslands (SÍ) og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um hagvöxt árið 2013 eru svipaðar enda þótt spá Seðlabanka skeri sig nokkuð úr.




Mynd: Hagvaxtarspár

Tveir meginþrífraftar eru sagðir að baki hagvaxtarspá Hagstofunnar, annars vegar einkaneysla og hins vegar fjárfesting. Vöxturinn er þó hóflegur og fjárfesting lítil í sögulegu samhengi. Spá um einkaneyslu 2012 virðist aðallega drifin áfram af launahækkunum, sérstakri vaxtaniðurgreiðslu íbúðaeigenda og framlengdum heimildum almenninga til úttektar séreignasparnaðar. Spá um einkaneyslu 2013 virðist hins vegar fyrst og fremst byggja á spá um aukinn kaupmátt launa. Það er mat Fjármálaskrifstofu að gangi spá Hagstofu eftir um launabreytingar og fjármunamyndun séu líkur á meiri verðbólgu og minni aukningu kaupmáttar launa en spá Hagstofu gerir ráð fyrir.



Mynd: Spár um einkaneyslu

Hagstofan gerir ráð fyrir 16% aukningu í atvinnuvegafjárfestingum árið 2012 en aðeins um 1,5% á árinu 2013 sem hlýtur að teljast mjög lítið miðað við fjárfestingar síðustu ára. Í nýrri spá ASÍ er hins vegar gert ráð fyrir kröftugum fjárfestingum atvinnuvega 2013 eða 21,9%. Spá Hagstofu gerir hins vegar ráð fyrir umtalsverðri aukningu í fjárfestingum í íbúðahúsnæði eða 16% árið 2012 og rúmlega 20% árið 2013 sem aftur virðist mega rekja til spár um aukinn kaupmátt almenninga. Í heildina gerir Hagstofa ráð fyrir 12,6% aukningu fjármunamyndunar 2012 og aðeins 5,3% árið 2013. Spá AGS gerir ráð fyrir mun jafnari aukningu í fjármunamyndun en aðrir spáaðilar og spá ASÍ varðandi 2013 sker sig úr í þessum samanburði eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.



Mynd: Spár um fjármunamyndun


Gengi, verðlag, vextir og laun

Í forsendum fjárhagsáætlunar 2012 var gert ráð fyrir að gengisvísitala (m.v. þrönga viðskiptavog) yrði um 221 stig í árslok og gengið myndi veikjast um 0,9% á árinu. Í fyrirbyggjandi þjóðhagsspá er gert ráð fyrir 2,8% veikingu gengis frá upphafi til loka árs en gengið hefur veikst um 2% á fyrstu þremur fjórðungum ársins en hefðbundið er að það veikist á seinni hluta ársins. Lágt gengi íslensku krónunnar hefur ásamt hagfelldum fiskverðum erlendis haft mikla þýðingu fyrir útflutning og ferðamannaíðnaðinn en teikn eru á lofti um lækkandi verð erlendis á hráefnum og hálfunnum vörum.

Áætlað er að vísitala neysluverðs hækki á þessu ári um 5,4% en í forsendum fjárhagsáætlunar 2012 var gert ráð fyrir 3,7% hækkun í samræmi við þágildandi þjóðhagsspá. Gert er ráð fyrir 3,9% verðbólgu á árinu 2013 og síðan lækkunarferli að verðbólgu markmiðum, þ.e. 2,5%.

Líklegt er að stýrivextir verði áfram háir hér á landi vegna veiks gjaldmiðils og vaxandi verðbólgu þrátt fyrir þann framleiðsluslaka sem er í hagkerfinu, þar sem Seðlabankinn hefur litið á stýrivexti sem helsta tæki sitt til að ná verðbólgu markmiðum sínum en einnig tæki til að styðja við áætlanir um afnám hafta. Stýrivextir hafa bein áhrif á lán banka hjá Seðlabanka en virka yfirleitt strax á aðra vexti. Við vaxandi óvissu í jaðarhagkerfi er tilhneigingin sú að bilið breiðkar á milli innláns- og útlánsvaxta. Ekki liggur fyrir formleg spá um þróun (stýri)vaxta árið 2013 eða á næstu árum.

Launavísitala Hagstofu Íslands mælir breytingar fastra launa en tekur ekki tillit til breytinga á starfshlutfalli eða yfirvinnu. Á milli áranna 2010 og 2011 hækkaði launavísitalan um 6,8% og er talin munu hækka um 7,4% á milli áranna 2011 og 2012. Hagstofa spáir því að launavísitalan hækki um 5,6% á milli áranna 2012 og 2013. Meðfylgjandi mynd sýnir spá Hagstofu um þróun launa (launavísitölu) og þróun verðlags árin 2011-2013 ásamt nýrri verðbólgu spá ASÍ:



Mynd: Spár um verðbólgu og launapróun

Íbúapróun og atvinnuástand


Íbúar Reykjavíkur voru 118.814 hinn 1. janúar 2012 en voru á sama tíma 2011 um 119.220 og hafði þannig fækkað um 380 manns milli ára. Karlar í upphafi ársins voru 58.960 en konur 59.880. Erlendir ríkisborgar voru í upphafi ársins 9.120 og hafði fækkað á milli ára um 470 manns en alls voru brottfluttir umfram aðflutta 508 manns árið 2011. Gert er ráð fyrir að íbúar borgarinnar verði 119.535 hinn 1. janúar 2013 og fjölgi á milli ára um 0,66%. Hagstofan spáir ekki sérstaklega fyrir þróun mannfjölda í Reykjavík þannig að hér er fylgt landsspá.

Gert er ráð fyrir að vinnumagn (full ársverk) muni aukast um 2,2% á milli ára 2012 og 2013 í Reykjavík í samræmi við landsspá Hagstofu. Hins vegar ef atvinnuleysisþróun á höfuðborgarsvæðinu er borin saman við landsbyggðina kemur í ljós að vinnumarkaður á höfuðborgarsvæðinu/Reykjavík er talsvert næmari fyrir hagsveiflum, sérstaklega þegar niðursveiflur eiga sér stað. Í mildri niðursveiflu árið 2002 var atvinnuleysi rúmlega 40% meira að meðaltali á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni og í kjölfar kreppunnar 2008 var atvinnuleysi ríflega 30% hærra á höfuðborgarsvæðinu. Ætla mætti að atvinnuleysi hafi í kjölfarið verið mun minna á höfuðborgarsvæðinu í sterkri uppveiflu sem hófst 2004 en munurinn reyndist óverulegur.

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar var talið að um 5.500 manns væru atvinnulausir á Íslandi á árinu 2008 og þar af um 200 eða 3,3% með meira en árs atvinnuleysi að baki. Sömu tölur fyrir árið 2009 voru um 13.100 og 900 eða 6,8% með meira en árs atvinnuleysi að baki. Á árinu 2010 er talið að um 13.700 manns hafi að jafnaði verið atvinnulausir en um 2.800 eða um 20,3% með meira en árs atvinnuleysi að baki. Árið 2011 dró hins vegar úr fjölda atvinnulausra sem að meðaltali voru um 12.700 manns en þó voru þar af um 3.400 eða um 26,5% með meira en árs atvinnuleysi. Langtímaatvinnuleysi dróst saman að jafnaði þegar litið er til fyrstu 6 mánaða 2012 þar sem um 3.350 manns eru talin hafa verið atvinnulausir yfir 12 mánuði þar af 3.900 á fyrsta ársfjórðungi og 2.800 á öðrum ársfjórðungi og má rekja árangurinn að miklu leyti til vinnumarkaðsaðgerða ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja. Mikilvægt er að árétta að þó tölur muni benda til á næstu misserum að langtímaatvinnuleysi sé að dragast saman þá mun stór hluti samdráttar verða rakinn til þess að langtímaatvinnulausir einfaldlega klári bótarétt sinn og detti af vinnumarkaði yfir á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Ef borin er saman svæðisbundin þróun á fjölda starfandi (bæði í fullu starfi og hlutastarfi) þá fyllir það upp í myndina af atvinnuástandinu. Á árinu 2007 er talið að fjöldi starfandi á höfuðborgarsvæðinu hafi verið um 116.900. Fjöldi starfandi var 107.500 árið 2010 eða um 9.400 færri en 2007 en fjöldi starfandi í fullu starfi var hins vegar 12.300 færri á árinu 2010 en 2007 og fækkaði um rúmlega 8% á þessu tímabili. Á árinu 2011 fjölgaði starfandi um 1.100. Ef litið er nánar á skiptingu innan höfuðborgarsvæðis kemur í ljós að á undanförunum árum hefur niðursveiflan verið skörpust í Reykjavík þar sem fjöldi starfa á höfuðborgarsvæði hafa nánast staðið í stað ef litið er framhjá Reykjavík. Í raun má rekja fækkun starfandi á landsvísi að mestu leyti til fækkunar starfandi meðal Reykjavíkinga að Suðurnesjum frátöldum á meðan fjöldi starfandi í öðrum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðis hafa nánast haldið velli frá 2008.¹ Samkvæmt ofangreindu má ætla að vinnumarkaður Reykjavíkinga hafi orðið einna mest fyrir barðinu á niðursveiflunni. Samkvæmt Peningamálum Seðlabankans 2012/2 er gert ráð fyrir að slakinn muni dragast saman og hverfa á miðju ári 2014. Ef gert er ráð fyrir að spár Seðlabankans gangi eftir má ætla að aukning starfa hlaupi á þúsundum í Reykjavík á milli ára 2012-2013 þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að helmingur þeirra starfa sem fækkað hefur í Reykjavík á milli ára 2007-2011 tapist endanlega.

1) Hafa ber í huga að magntölur eiga við starfandi í fullu starfi og hlutastarfi.



Mynd: Uppsöfnuð breyting á fjölda starfandi 2007-2011

Tafla: Þróun starfandi í fullu starfi og hlutastarfi

	2007	2008	2009	2010	2011	Breyting frá 2007
Allt landið	177.200	178.600	167.800	167.200	167.300	-9.900
Reykjavík	71.000	69.800	62.400	61.400	62.600	-8.400
HBS án Reykjavíkur	45.900	46.800	46.200	46.100	46.000	100
Höfuðborgarsvæðið	116.900	116.600	108.600	107.500	108.600	-8.300

Tafla: Þróun starfandi í fullu starfi og hlutastarfi, uppsöfnuð hlutfallsleg breyting frá 2007

	2007	2008	2009	2010	2011
Allt landið	0,0%	0,8%	-5,3%	-5,6%	5,6%
Reykjavík	0,0%	-1,7%	-12,3%	-13,9%	-11,8%
HBS án Reykjavíkur	0,0%	2,0%	0,7%	0,5%	0,2%
Höfuðborgarsvæðið	0,0%	-0,3%	-7,1%	-8,1%	-7,1%

Ytri skilyrði

Mikil óvissa er um framvindu efnahagsmála á alþjóðavettvangi. Evrusvæðið er eitt mikilvægasta viðskiptasvæði Íslendinga. Mörg evruríki glíma við háar ríkisskuldir og mikilvægar fjármálastofnanir í þessum ríkjum hafa ítrekað þurft á ríkisaðstoð að halda. Grikkland er í harðri glímu við skilmála annarra evruríkja og Spánn fékk nýverið 100 milljarða neyðarlán. Fleiri evruríki eins og Ítalía og Portúgal, gætu dregist fyrirvaralítið inn í þessa vegferð. Ekki er útilokað að bakslag komi í efnahagsumbætur þeirra evruríkja sem eru í hvað mestum skuldavanda og að ótti fjárfesta aukist á ný. Skuldakreppan gæti því aukist enn frekar og breiðst út til fleiri evruríkja og raunar víðar. Því gæti heimsbúskapurinn dregist inn í nýtt samdráttarskeið sem gæti varað í nokkurn tíma. Óróleikinn á alþjóðlegum fjármálamörkuðum gæti aukist enn frekar. Seðlabanki Evrópu og Framkvæmdastjórn ESB hafa komið með nýjum hætti að málum undanfarna mánuði sem hefur orðið til að skapa ákveðna trú á að lausnir verði fundnar á þessum vandamálum. Þannig sést ákveðin styrking á evrunni undanfarið.

Alþjóðabankinn hefur bent á að meðan skuldakreppa evruríkja heldur áfram að versna megi búast við löngu óstöðugleikatímabili í heimshagkerfinu. Hvetur bankinn evruríkin til að einbeita sér að aðgerðum sem auka framleiðni og langtímahagvöxt fremur en að bregðast stöðugt við daglegum markaðssveiflum á fjármálamörkuðum. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur undanfarið einnig vakið athygli á mikilvægi þess að efla hagvöxt og taka lengri tíma í aðlögun opinberra fjármála en hingað til hefur verið stefna sjóðsins. Hagvaxtarspár OECD og IMF gera ráð fyrir nokkrum hagvexti í hagkerfum heimsins en einkum utan Evrópu og Bandaríkjanna og þá helst í Kína, Indlandi og Brasilíu. Batnandi hagvaxtarhorfur eru taldar vera í Bandaríkjunum, Japan og þróunarrikjum. Spáð er tæplega 2% hagvexti meðal helstu viðskiptalanda Íslands á næsta ári.

Við þessar aðstæður hefur aðgengi íslenskra fyrirtækja og fjármálastofnana að erlendu lánsfé reynst afar takmarkað og Ísland hefur verið skilgreint af lánshæfisfyrirtækjum sem áhættusamt svæði, ýmist með skírskotun í óútkljáð skuldaskil „gömlu bankanna“, ábyrgðir og skuldastöðu ríkisins og/eða með tilvísun í gjaldmiðilinn og takmarkanir á gjaldeyrismörkuðum. Þá er ljóst að neyðarlögin frá 2008 hafa haft neikvæð áhrif á erlenda lánveitendur og þeirra gætir enn.

Helstu forsendur

Tafla : Helstu þjóðhagsforsendur Hagstofu Íslands (júlispá 2012)

Þjóðhagslegar forsendur Hagstofuspár	2011	2012	2013
Einkaneysla	4,0	3,2	2,6
Samneysla	-0,6	0,3	0,5
Fjármunamyndun	13,4	12,6	5,3
Atvinnuvegafjárfesting	25,8	16,0	1,5
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	8,6	16,0	20,2
Fjárfesting hins opinbera	-17,6	-8,5	6,0
Þjóðarútgjöld, alls	4,7	3,8	2,3
Útflutningur vöru og þjónustu	3,2	3,8	3,3
Innflutningur vöru og þjónustu	6,4	5,8	2,5
Verg landsframleiðsla	3,1	2,8	2,7
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	8,2	6,8	7,4
Vísitala neysluverðs	4,0	5,4	3,9
Gengisvísitala	0,1	2,8	0,6
Raugengi	0,9	0,4	1,2
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	7,4	6,0	5,3
Launavísitala	6,8	7,4	5,6
Alþjóðlegur hagvöxtur	1,8	0,8	1,8
Alþjóðleg verðbólga	2,8	2,2	2,1

Tafla: Sérstakar landshlutforsendur

Landshlutaspa/Reykjavík	2012	2013
VNV innan ársins *	5,0%	3,7%
Íbúafjöldi, 1. janúar	118.856	119.065
Vinnumagn, breyting **	2,1%	2,2%
Atvinnulausir %	7,0%	6,3%

* Miðað við forsendur þjóðhagsspár

** Gert ráð fyrir magnbreytingum sbr. landstölur

Yfirlit yfir áhættur tengdar forsendum í þjóðhagssþá

Byggt á þjóðhagssþá Hagstofu Íslands 5. júlí 2012

Áhættuþáttur	Fjárlög (frumvarp)	Áhrif á fjármál borgarinnar	Áhrif frávíka	Eftirlit - mat á tilefni til viðbragða
Hagvöxtur	Gerir ráð fyrir 2.8% hagvexti. Ekki gerð landshlutasþá.	Áhrif á fjölgun starfa og vinnumagn talin veruleg vegna aukinnar framleiðslu-spennu. Áhrifin á útsvar talin geta orðið umtalsverð.	A-hluti: Ef hagvöxtur minnkar/eykst getur dregið úr útsvarstekjum og öfugt	FMS gerir grein fyrir þróun útsvars í skýrslum með uppgjörum
Vinnumagn	Gerir ráð fyrir 2.2% aukningu á landsvísi, áætlun RVK gerir ráð fyrir sömu aukningu í Reykjavík.	Bein áhrif við mat á atvinnutekjum og útsvari	A-hluti: 1% aukning/fækkun ársverka er talin auka/minnka útsvarstekjur um 310 mkr	FMS gerir grein fyrir þróun vinnumagns á landsvísi í skýrslum með uppgjörum
Launaþróun tekjur	Gerir ráð fyrir 5.6% hækkun launa(vísitölu). Ekki gerð landshlutasþá.	Bein áhrif við mat á atvinnutekjum og útsvari	A-hluti: 1% hækkun/lækkun launavísitölu talin auka/minnka útsvarstekjum um 390 mkr	FMS gerir grein fyrir þróun launavísitölu í skýrslum með uppgjörum
Launaþróun útgjöld		Launaþróun starfsmanna metin á grundvelli kostnaðaráhrifa kjarasamninga	A-hluti: 1% hækkun/lækkun launa er talin auka/minnka launakostnað um 370 mkr	FMS gerir grein fyrir þróun launakostnaðar í skýrslum með uppgjörum
Launaþróun lífeyrisskuldbinding		Áfallin lífeyrisskuldbinding hækkar í samræmi við launaþróun starfsmanna	A-hluti: 1% hækkun/lækkun launa starfsmanna er talin auka/minnka skuldbindingu um 418 mkr að eignum óbreyttum	FMS gerir grein fyrir þróun lífeyrisskuldbindinga í skýrslum með uppgjörum
Verðbólga	Gert er ráð fyrir 3,9% verðbólgu milli ára en við er bætt 1,7%stigi vegna verðbólgu umfram spár á árinu 2012, alls 5,6%. Áhrif innan árs metin 3%.	Áhrif verðbólgu birtast í hærri útgjöldum og hærri fjármagnskostnaði.	A-hluti: 1% hærri/lægri verðbólga er talin auka/lækka fjármagnsgjöld og minnka/bæta afkomu um 250 mkr . Samstæða: Áhrif 1% hærri/lægri verðbólga getur leitt til 60-65 mkr bata í	FMS gerir grein fyrir þróun verðbólgu í mánaðarlegum uppgjörum
Vextir	Ekki formleg spá um (stýri) vexti. Líkur á vaxtahækkunum á alþjóðlegum mörkuðum. Líkur á áframhaldandi háum stýrivöxtum hérlandis	Vextir hafa annars vegar áhrif á tekjur af lausafé og hins vegar á lánsfjárlagkostnað	A-hluti: Hækki/lækki vextir 1% batnar/versnar fjármunatekjur og afkoma A-hluta um 111 mkr . Stærsti hluti lána A-hluta á föstum vöxtum. Samstæða: Fjármagnsgjöld myndu aukast um 560 mkr hjá OR ef ekki	FMS gerir grein fyrir í mánaðarlegum uppgjörum hvort tilefni er til viðbragða
Gengi	Gert er ráð fyrir að gengi ísl krónunnar veikist um 2,8% innan ársins	Gengi ísl krónunnar hefur aðallega áhrif á fjármagnskostnað og skuldir	A-hluti: Styrkist/veikist gengi ísl krónunnar um 1%stig batnar/ versnar afkoma um 5,5 mkr . Samstæða: Veikist ísl króna um 1% hefur það neikvæð áhrif um 171 mkr á sjóðsstreymi OR og eykur halla á rekstri og skuldir á efnahag um 1.750 mkr .	FMS gerir grein fyrir í mánaðarlegum uppgjörum hvort tilefni er til viðbragða

Yfirlit yfir áhættur tengdar frumvarpi að fjárlögum

Áhættuþáttur	Fjárlög (frumvarp)	Áhrif á fjármál borgarinnar	Áhrif frávika	Eftirlit - mat á tilefni til viðbragða
Langtímaatvinnulausir gjöld	Miðað við að atvinnuleysisbótaréttur verði samfelldur í 3 ár í stað samfelldra 4 ára	Eykur útgjöld til fjárhagsaðstoðar og dregur úr skatttekjum; metin áhrif 1.112 mkr í útgjaldaauka. Matið byggist á að 45% nýti sér	Áhættumörk talin vera +/- 290 mkr miðað við +/- 10% hliðrun forsenda um bóta-missi yfir á fjárhagsaðstoð	FMS gerir grein fyrir þróun útgjalda vegna fjárhagsaðstoðar í skýrslum með uppgjörum
Framlög vegna mál-efna fatlaðra	Greiðslur Jöfnunarsjóðs munu byggja á innheimtu 0,95% af útsvari og 39,1% hlutdeild skv. Jöfnunarsjóði.	Áætluð framlög til Rvk nema 3.566 mkr m.v. forsendur fjárlagafrumvarps.	Hækki/lækki útsvarsstofn um 5% hækkar/lækkar framlag Jöfnunarsjóðs um 178 mkr.	FMS fylgist með og gerir borgarráði grein fyrir í skýrslum með uppgjörum.
Tónlistarskólar	Samkomulag við ríki um eflingu tónlistarnáms á framhaldsstigi, 480 mkr. Ríkið hefur bætt við 40 mkr vegna 2012-2013. Vantar 40 mkr.	Framlög ríkis taka ekki að fullu mið af auknum kostnaði vegna kjarasamninga og aukins fjölda nemenda.	Væntanlega vantar tónlistarskóla um 40 mkr ef ekki á að koma til skerðingar þjónustu	SFS gerir grein fyrir þróun í skýrslum með uppgjörum
Frístundaklúbbar og frístundastarf 10-16 ára nemenda Kletta-skóla	Samkomulag við ríki að borgin annist þetta starf gegn 50% kostnaðarhlutdeild ríkis	Óvissa um framlög ríkis 2013. Árið 2012 var framlag ríkis skert um 37 mkr.	Væntanlega vantar frístundaklúbba um 40 mkr ef ekki á að koma til skerðingar þjónustu.	ÍTR gerir grein fyrir þróun í skýrslum með uppgjörum
Hjúkrunarheimil	Samkomulag við ríki um rekstur Droplaugarstaða og Seljahlíðar. Ekki viðbætur í frumvarpi til að bæta halla	Framlög ríkis í gegnum daggjöld nægja ekki fyrir rekstrargjöldum	Mismunur á áætluðum tekjum af daggjöldum frá ríki og áætluðum rekstrarútgjöldum nemur um 150 mkr	VEL gerir grein fyrir þróun í skýrslum með uppgjörum
Sjúkraflutningar	Samkomulag SHS við ríki um sjúkraflutninga er runnið út. Ríkið greiðir nú 510 mkr á ársgrundvelli eða 31% kostnaðar SHS. Á samkvæmt mati KPMG að greiða 52% eða 856 mkr.	Frumvarp m.v. að ríkið greiði 780 mkr eða 42% kostnaðar.	Áhætta borgar liggur í framlagi ríkis og fjármagns-kostnaði.	FMS gerir grein fyrir í mánaðarlegum uppgjörum hvort tilefni er til viðbragða

Skatttekjur

Skattlagningu borgarinnar er settur rammi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skiptast skattar í útsvar og fasteignaskatta.


Útsvar

Gert er ráð fyrir að álagningahlutfall útsvars verði óbreytt á milli ára, 14,48%, á næsta ári. Áætlað er að útsvarstekjur borgarinnar nemi á árinu 2013 um 54.888 mkr, þar af er áætlað að eftiráálagning vegna ársins 2012 nemi 1.800 mkr. Af þeirri fjárhæð munu 6.520 mkr ganga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og nettó útsvarstekjur borgarinnar verða því um 48.368 mkr. Miðað við útkomuspá 2012 er áætlað að útsvarstekjur aukist um 3.416 mkr á milli ára eða um 7,6% að teknu tilliti til eftiráálagningar vegna ársins 2012.

Áætlun 2013 er byggð á þjóðhagsspá Hagstofunnar frá júlí 2012, þar sem gert er ráð fyrir að aukning vinnumagns um 2,2% og 5,6% hækkun launavísitölu á landsvísi eigi einnig við um Reykvíkinga. Ef framleiðsluslaki undanfarinna ára er yfirfærður á innlendan vinnumarkað, þá er ljóst að samdráttur hefur orðið einna mestur í Reykjavík og þess vegna mætti ætla að hlutdeild Reykjavíkur í áætlaðri aukningu vinnumagns verði a.m.k. í samræmi við þjóðhagsspá. Hér er líka rétt að geta þess að ekki er gert ráð fyrir áframhaldandi framlengingu á heimild til útgreiðslu viðbótalífeyrissparnaðar.

Miðað við þróun staðgreiðsluskila á fyrstu 8 mánuðum ársins 2012 og forsendur þjóðhagsspár gerir útkomuspá 2012 ráð fyrir að nettó útsvarstekjur verði 44.952 mkr sem er um 2.081 mkr eða 4,9% umfram fjárhagsáætlun 20-12. Auknar tekjur skýrast fyrst og fremst af forsendubreytingum á vinnumagni og launapróun.

Í útsvarsáætlun 2012 var ekki gert ráð fyrir auknu vinnumagni í Reykjavík á milli ára en þjóðhagsspá fyrir landið gerir ráð fyrir að vinnumagn aukist um 2,1% á milli áranna 2011 og 2012. Áhrif 1% vinnumagns voru metin á 320 mkr í greinagerð með fjárhagsáætlun 2012. Samkvæmt því ætti 2,1% aukning að þýða 672 mkr hækkun útsvars ef gert er ráð fyrir að vinnumagn aukist í Reykjavík í samræmi við landsspá². Ennfremur var gert ráð fyrir að launavísitala myndi hækka um 5% á milli ára en nú gerir þjóðhagsspá ráð fyrir að þróunin verði 7,4%. Áhrif 1% hækkunar launavísitölu voru í greinagerð með fjárhagsáætlun 2012 metin á 370 mkr þannig að 7,4% hækkun í stað 5% hækkunar þýðir um 888 mkr hækkun útsvars þegar gert er ráð fyrir að launapróun í Reykjavík sé í samræmi við landsspá. Að lokum var gert ráð fyrir í útsvarsáætlun 2012 að framlenging á úttektarheimild vegna sér eignasparnaðar myndi auka útsvarstekjur um 300 mkr. Samkvæmt ríkisskattstjóra verður tekjuaukinn um 649 mkr eftir að heimild til úttektar var afnumin í júlílok 2012 eða 349 mkr umfram áætlun. Samanlagt er útlit fyrir að forsendubreytingar á árinu 2012 skýri um 1.909 mkr af 2.081 mkr fráviki útsvarstekna samkvæmt útkomuspá og er það miðað við að nota forsendur þjóðhagsspár á landsvísi fyrir Reykjavík.




Mynd: Útsvar

2) Sjá bls. 6-7 í greinargerð með fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar árið 2012

Fasteignaskattar

Áætlað er að tekjur Aðalsjóðs vegna fasteignagjalda, það er fasteignaskatta og lóðarleigu, nemi 13.233 mkr og aukist um 874 mkr á milli ára m.v. áætlun 2012. Miðað er við óbreytt magn eigna á miðju ári 2012. Þegar tekið hefur verið tillit til millivíðskipta Aðalsjóðs og Eignasjóðs nema nettó tekjur A-hluta af fasteignagjöldum 12.036 mkr. Nettó aukning m.v. áætlun 2012 nemur 777 mkr. Ef tekið er mið af rauntölum 2012 sem eru 61 mkr hærri er áætlað var er aukningin 716 mkr.

Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði verði óbreytt á milli ára eða 0,200% af fasteignamati. Ennfremur er gert ráð fyrir að álagningarhlutfall lóðarleigu vegna íbúðarhúsnæðis standi í stað á milli ára og verði 0,200% af fasteignamati. Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignaskatta af atvinnuhúsnæði verði óbreytt eða 1,65% af fasteignamati og af opinberu húsnæði 1,32% sem eru hámarksálagningarhlutföll. Þá er gert ráð fyrir að lóðarleiga vegna atvinnu- og opinbers húsnæðis verði óbreytt eða 1% af fasteignamati lóðar.



Mynd: Fasteignagjöld

Gjaldskrártekjur (þjónustutekjur)

Forsendur fjárhagsáætlunar gera ráð fyrir að gjaldskrár sem snúa að þjónustu sem er greidd er að hluta til eða öllu leyti fyrir veitta þjónustu á svið leik- og grunnskóla, íþróttar- og tómstundastarfs, félagsstarfs, heimaþjónustu, menningarmála og fleiri þátta hækki í samræmi við verðlag eða um 5,6% að meðaltali. Tekið er mið af þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 5. júlí sl. sem gerir ráð fyrir 3,9% hækkun vísitölu neysluverðs á milli árunna 2012-2013, en að auki er gert ráð fyrir 1,7% hækkun umfram forsendur fjárhagsáætlunar 2012. Í forsendum fjárhagsáætlunar 2012 var gert ráð fyrir 3,7% hækkun, en nýjasta spá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að verðlag hækki um 5,4% frá 2011-2012 sem er 1,7% umfram forsendur.

Haustið 2010 var ákveðið að stefna að því gjaldskrár Reykjavíkurborgar myndu í þremur áföngum ná raunvirði m.v. ársbyrjun 2008 og hækka um 5,35% ár hvert næstu 3 árin. Við rammaúthlutun þann 27. september 2012 var fallið frá því að fara í þriðja áfanga hækkunarinnar og er því aðeins gert ráð fyrir að gjaldskrár haldi verðgildi sínu m.v. síðasta ár.

Leiðarljós fyrir gjaldskrárstefnu borgarinnar eru eftirfarandi:


- Að gjaldskrár borgarinnar verði sanngjarnar og að borgarbúar njóti hagkvæmni stærðar Reykjavíkur, þar sem við á.
- Að þjónustugjöld verði aldrei hærri en sá kostnaður sem fellur til við að veita þjónustuna. Kostnaðarþátttaka íbúanna verði gagnsæ og raunkostnaður við þjónustubætti verði ávallt aðgengilegur.
- Að gjaldskrár verði endurskoðaðar einu sinni á ári, hið minnsta.
- Að afslættir verði samræmdir, einfaldir og taki eins og kostur er tillit til þeirra sem minnst bera úr býtum.

Að öðru leyti er vísað í samantekt yfir gjaldskrár borgarinnar sem lagðar voru fram með frumvarpi að fjárhagsáætlun.

Fjárhagsaðstoð

Skv. gögnum frá Vinnumálastofnun (VMST) dags. 20. sept 2012 munu 788 reykvískir einstaklingar missa atvinnuleysisbótarétt strax um áramótin 2012/2013 í Reykjavík ásamt 45 einstaklingum í janúar 2013 þegar miðað er við að bótaréttur verði að hámarki 36 mánuðir í stað 48. Auk þess benda gögn VMST til að 816 reykvískir einstaklingar muni missa atvinnuleysisbótarétt frá og með febrúar til ársloka 2013 og um 328 þátttakendur í Vinnandi vegi sem búsettir eru í Reykjavík. Fjöldi miðast við að einstaklingar muni ekki fá starf á almennum vinnumarkaði á tímabilinu.


Með hliðsjón af reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð má gera ráð fyrir að meginþorri atvinnuleysisbótaþega sem eru giftir eða í sambúð, ásamt bótaþegum sem náð hafa aldri til ellilífeyristöku, muni ekki eiga rétt á fjárhagsaðstoð til framfærslu. Miðað við bakgrunnsupplýsingar um aldur og hjúskapastöðu Reykvíkinga, sem munu að öðru jöfnu missa atvinnuleysisbótarétt um næstu áramót, eru um 39% í sambúð/giftir og 3% hafa náð aldri til ellilífeyristöku. Ef einnig er gert ráð fyrir að 13% til viðbótar muni ýmist ekki eiga rétt á fjárhagsaðstoð vegna annarra takmarkandi þátta og/eða þátta, eins og t.d. námsgöngu eða fáa starf á almennum vinnumarkaði, má áætla að um 45% þeirra sem missa bótarétt muni nýta sér rétt sinn til fjárhagsaðstoðar til framfærslu. Miðað við óbreyttar grunnfjárhæðir 2012 er gert ráð fyrir að útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar verði 3.911 mkr ef miðað er við 36 mánaða atvinnuleysisbótaréttindi (3.267 mkr ef miðað er við 48 mánaða bótarétt). Myndin hér að neðan lýsir vaxandi þunga fjárhagsaðstoðar í Reykjavík og tvær öftustu súlurnar sýna 2013 annars vegar m.v. 48 mánaða atvinnuleysisbótarétt (fremri) og hin (aftari) m.v. 36 mánaða bótarétt.



Mynd: Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar

Eins og sést af myndinni er áætlað að útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar aukist um nær 3 milljarða á 6 árum sem er svipuð fjárhæð og Jöfnunarsjóður lagði borginni til á árinu 2011 vegna málefna fatlaðs fólks.

Næsta mynd lýsir áætlaðri fjölgun bótaþega á fjárhagsaðstoð mánuð fyrir mánuð á árinu 2013 en búist er einnig við verulegri fjölgun þeirra á síðasta ársfjórðungi 2012.




Mynd: Áætluð viðbót á fjárhagsaðstoð vegna bótamissi 2013

Samhliða gífurlegri aukningu útgjalda hjá Reykjavíkurborg vegna lögbundinnar fjárhagsaðstoðar til framfærslu á síðastliðnum árum hefur störfum fækkað langmest í Reykjavík eins og sjá má í meðfylgjandi töflu. Hlutdeild Reykjavíkurborgar í fjölda starfa á landsvísi hefur lækkað um 3% í samanburði milli áranna 2007 og 2011. Þegar litið er á hlutdeild Reykjavíkur í útsvarsstofni landsins þá dróst hún saman um 2,3% á milli áranna 2007 og 2011 (37,4% á síðasta ári). Skv. nýjustu gögnum Hagstofu Íslands, sem eru frá 2010, þá eru 66% útgjalda vegna fjárhagsaðstoðar á landsvísi hjá Reykjavíkurborg og um 63% af fjölda greiðslna.

Þróun starfandi í fullu starfi og hlutastarfi					
	2007	2008	2009	2010	2011 Breyting frá 2007
Allt landið	177.200	178.600	167.800	167.200	167.300 -9.900
Reykjavík	71.000	69.800	62.400	61.400	62.600 -8.400
HBS án RVK	45.900	46.800	46.200	46.100	46.000 100
Höfuðborgarsvæðið	116.900	116.600	108.600	107.500	108.600 -8.300
Þróun starfandi í fullu starfi og hlutastarfi, uppsöfnuð hlutfallsleg breyting frá 2007					
Allt landið	0,0%	0,8%	-5,3%	-5,6%	-5,6%
Reykjavík	0,0%	-1,7%	-12,1%	-13,5%	-11,8%
HBS án RVK	0,0%	2,0%	0,7%	0,4%	0,2%
Höfuðborgarsvæðið	0,0%	-0,3%	-7,1%	-8,0%	-7,1%
Hlutdeild Reykjavíkurborgar af árlegum fjölda starfandi á landsvísi					
Reykjavík	40,1%	39,1%	37,2%	36,7%	37,4%
Höfuðborgarsvæðið	66,0%	65,3%	64,7%	64,3%	64,9%


Heimild: Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands

Næsta mynd lýsir þróun útgjalda til fjárhagsaðstoðar sem hlutfalli af útsvarstekjum, þ.e. hve stórum hluta útsvarstekna þarf að verja til fjárhagsaðstoðar að öðru óbreyttu. Þegar litið er á þróun útgjalda vegna fjárhagsaðstoðar og gert er ráð fyrir að einungis óbreyttar útsvarstekjur eigi að fjármagna lögbundið hlutverk sveitarfélaga er augljóslega um forsendubrest að ræða þar sem ekki er hægt að ætlast til að gert hafi verið ráð fyrir að sveitarfélög þurfi að verja margfalt hærri hlutdeild útsvarstekna til fjármögnunar á lögbundnum hlutverkum með tilheyrandi ruðningsáhrifum á öðrum rekstri og skyldum sveitarfélaga. Ennfremur er ljóst að nýir liðir í almenna hluta tryggingagjalds sem metnir eru að fjárhæð 1.800 mkr í fjárlagafrumvarpi 2013 duga ekki til að rétta einungis hlut Reykjavíkurborgar í auknum útgjöldum vegna fjárhagsaðstoðar frá árinu 2010 miðað við áætluð útgjöld 2013. Það er sláandi hvert stefnir í ljósi þess að hér er eingöngu litið á Reykjavíkurborg sem og að útgjöld borgarinnar vegna fjárhagsaðstoðar næstum tvöfölduðust á milli áranna 2008 og 2010, bæði í krónutölum sem og í hlutfalli af útsvarstekjum.



Mynd: Útgjöld fjárhagsaðstoðar, hlutfall af útsvari

Næsta mynd sýnir fjölgun Reykvíkinga á framfærslustyrk frá efnahagshruninu í október 2008.



Mynd: Framfærslustyrkur, fjöldi notenda

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er hugsuð sem skammtímaúrræði til lágmarksframfærslu. Þegar atvinnuleysi jókst í kjölfar efnahagshrunsins samþykkti Alþingi hækkun tryggingargjalds til að fjármagna auknar skuldbindingar Atvinnuleysistryggingarsjóðs. Á sama tíma jukust skuldbindingar sveitarfélaga, einkum Reykjavíkurborgar, vegna einstaklinga sem áttu rétt á fjárhagsaðstoð. Alþingi samþykkti engar breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga til að mæta þessum auknu útgjöldum en lagði á sveitarfélög að taka fullan þátt í fjármögnun Atvinnuleysistryggingarsjóðs. Þegar skuldbindingar Atvinnuleysistryggingarsjóðs hafa minnkað vegna fækkunar í þeim hópi sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum hefur tryggingargjaldið verið lækkað að hluta til en engar ráðstafanir gerðar til að sveitarfélögin geti mætt þeim stóra hópi sem mun á næstu mánuðum tapa rétti til atvinnuleysisbóta og bæstast við þann sífellt stækkandi hóp sem á rétt á fjárhagsaðstoð. Að lokum ber að nefna að samkvæmt fjárlagafrumvarpi er lækkun tryggingagjalds mun minni en áætluð lækkun útgjalda Atvinnuleysistryggingarsjóðs vegna lægra (skráðs) atvinnuleysis og er það að hluta fjármagnað af sveitarfélögum.

Mikilvægt er að fulltrúar ríkis og sveitarfélaga setjist niður og meti nauðsynlega tilfærslu tekna til sveitarfélaga til að mæta þessum útgjöldum en eins og framan er rakið ber Reykjavíkurborg langstærsta hlutann af þessum byrðum vegna fjárhagsaðstoðar. Í þessu mati þarf að horfa til eftirfarandi:

- Hver er fjöldi einstaklinga sem farið hafa á fjárhagsaðstoð eftir 2008 vegna atvinnuleysis og eftir atvikum atvinnubótamissis og hver er kostnaður sveitarfélaga af þessum sökum? Við þetta mat verði gögn um einstaklinga frá sveitarfélögum og VMST samkeyrð.
- Hver er kostnaður sveitarfélaga vegna vinnumarkaðsaðgerða þeirra vegna einstaklinga sem höfðu atvinnuleysisbótarétt frá og með árinu 2009 og nutu fjárhagsaðstoðar eftir árið 2009?
- Hver er fjöldi einstaklinga sem farið hafa á fjárhagsaðstoð eftir 2008 vegna þess að viðkomandi hafa ekki öðlast rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingarsjóði og af þeim sökum átt rétt á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga vegna atvinnuleysis?

Reykjavíkurborg vill að ríki og borg taki upp viðræður um eftirfarandi:

- Að ríki bæti sveitarfélögum þá aukningu útgjalda til fjárhagsaðstoðar sem sveitarfélögin hafa orðið fyrir eftir 2008 vegna einstaklinga sem hafa misst atvinnu og rétt til atvinnuleysisbóta.
- Að ríki bæti sveitarfélögum þá aukningu útgjalda til fjárhagsaðstoðar sem sveitarfélögin hafa orðið fyrir eftir 2008 vegna einstaklinga sem ekki hafa átt kost á atvinnu eða getað aflað sér atvinnuleysisbótaréttinda vegna skorts á atvinnu, þ.e. að ríkið bæti sveitarfélögum kostnað vegna framfærslustyrkja til nýrra kynslóða án atvinnuleysisbótaréttar.
- Að bráðabirgðaákvæði um 4 ára atvinnuleysisbótarétt verði framlengt a.m.k. um 3-6 mánuði.
- Að ríkið fjármagni og hafi forgöngu um vinnumarkaðsaðgerðir vegna þeirra einstaklinga sem vilja vinna en njóta ekki atvinnuleysisbótaréttinda að fyrirmynd Vinnandi vegs. Ráðningartími miðist almennt við 12 mánuði.
- Að gripið verði til vinnumarkaðsaðgerða líkt og Vinnandi vegar, a.m.k. fyrir þá sem klára bótarétt um áramót og á næsta ári. Ráðningartími miðist almennt við 12 mánuði og greiðslur til vinnuveitenda verði óháðar bótarétti.

Lífeyrisskuldbinding

Mat á áfallinni lífeyrisskuldbindingu í bókum Aðalsjóðs hefur á undanförunum árum verið færð sem nettó lífeyrisskuldbinding Aðalsjóðs samkvæmt tryggingafræðilegu uppgjöri. Á móti skuldbindingunni hafa verið færð núvirt verðmæti skuldabréfa sem Reykjavíkurborg fékk við sölu á hlut í Landsvirkjun í lok árs 2007.

Metin lífeyrissjóðsskuldbinding Aðalsjóðs breytist í samræmi við forsendur um lífaldur, örorku og launaþróun. Við mat á gjaldfærslu lífeyrissjóðsskuldbindingar vegna ársins 2011 reyndist áfallin lífeyrissjóðsskuldbinding Aðalsjóðs samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt nema um 40.715 mkr. Á móti kom verðmæti skuldabréfs vegna sölu á hlut í Landsvirkjun sem metið var á 27.948 mkr. Þegar tekið hafði verið tillit til lífeyrisgreiðslna á árinu 2011 að fjárhæð 1.174 mkr og upphafsstöðu í ársbyrjun 9.542 mkr þá var mismunur til gjaldfærslu 4.398 mkr.

Tafla: Lífeyrisskuldbinding

	2007	2008	2009	2010	2011
Metin lífeyrisskuldbinding Aðalsjóðs	-38.866	-41.354	-40.078	-38.806	-40.715
Skuldabréf vegna Landsvirkjunar	23.937	28.504	29.806	29.262	27.948
Samtals skuldbinding Aðalsjóðs	-14.929	-12.850	-10.272	-9.542	-12.767
<i>Breyting skuldbindinga á milli ára</i>					
Staða í ársbyrjun	-38.658	-14.929	-12.850	-10.272	-9.542
Greiddur lífeyrir á árinu, inngreiðslur	24.807	943	1.046	1.100	1.174
Samtals	-13.851	-13.985	-11.804	-9.172	-8.369
Tekjufærsla/gjaldfærsla ársins	-1.078	1.136	1.532	-370	-4.398

Samkvæmt bráðabirgðamati Fjármálaskrifstofu má gera ráð fyrir að áfallin lífeyrissjóðsskuldbinding Aðalsjóðs á árinu 2012 aukist um sem nemur hækkun á launatöxtum starfsmanna Reykjavíkurborgar á árinu. Meðallauna-hækkanir vegna gildandi kjarasamninga nema um 4% á milli áranna 2011 og 2012 á ársgrundvelli. Þannig má ætla að lífeyrisskuldbinding borgarsjóðs aukist að öðru óbreyttu um 1.582 mkr á árinu. Breyting á skuldbindingu á milli ára er færð til gjalda í rekstrarreikning yfirstandandi árs.

Á móti lífeyrissjóðsskuldbindingu standa eignir lífeyrissjóðsins, þ.á.m. skuldabréfaeign vegna sölu á Landsvirkjun árið 2007, en virði þessarar eignar hreyfist með ávöxtunarkröfu HFF34 á markaði. Nánar tiltekið getur núvirði eignar lækkað þegar ávöxtunarkrafa er lág á markaði og hækkað þegar ávöxtunarkrafan er há. Í þessu samhengi ber að nefna að ávöxtunarkrafa hefur lækkað mikið á undanförunum misserum sem að öðru jöfnu mun auka gjaldfærslu vegna lífeyrisskuldbindingar enn frekar eins og gerðist árið 2011 þar sem bókfært virði eigna var fært niður um 1.477 mkr vegna lækkunar ávöxtunarkröfu á HFF34 flokknum. Einnig þarf að hafa í huga að verðbólga hefur jákvæð áhrif á núvirt, bókfært verð skuldabréfsins þar sem heildargreiðslur með afborgun verðbóta og verðbættum vöxtum er notað sem grunnur til núvirðingar. Möguleg áhrif af þessum sökum á gjaldfærslu ársins hafa ekki verið metin fyrir árið 2012 og er ekki hægt að meta áhrifin með vissu þar sem ekki er ljóst hver ávöxtunarkrafa HFF34 verður fyrr en í árslok. Ef árslokagengi á HFF 34 væri hið sama og 30. júní síðastliðin ásamt verðbólgu má gera ráð fyrir að bréfið myndi rýrna um tæplega 1.300 mkr. Ekki er ólíklegt á meðan fjármagnsmarkaður er jafn lokaður og raun ber vitni, einkum vegna hafta á gjaldeyrismörkuðum, að ávöxtunarkrafa umrædds skuldabréfs haldist afar lág með ofangreindum afleiðingum.

Ef miðað er við að kjarasamningsbundnar hækkanir 2013 verði 4% þá má gera ráð fyrir að áfallin lífeyrisskuldbinding Aðalsjóðs muni hækka um 1.700 mkr. Ef auk þess er gert ráð fyrir að ávöxtunarkrafa HFF34 haldi áfram að lækka í ljósi áframhaldandi hafta þá er áætlað að gjaldfærsla 2013 verði samanlagt 2.600 mkr.

MEGINNIÐURSTÖÐUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR

Framsetning og vinnsla

Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar er sett fram í samræmi við 62. og 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og reglur Reykjavíkurborgar um gerð fjárhagsáætlunar sem samþykktar voru af borgarráði 9. febrúar 2012. Áætlunin samanstendur af samstæðuáætlun af A og B hluta, sbr. 60. gr. laganna. Frá og með ársbyrjun 2013 breytir Reykjavíkurborg reikningsskilaaðferðum sínum á þann hátt að fjárfestingaeignir Félagsbústaða verða færðar á gangverði í samanteknum ársreikningi Reykjavíkurborgar í samræmi við lög um ársreikninga en þær hafa áður verið færðar samkvæmt kostnaðarverðsaðferð. Samkvæmt 39. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingaeignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Félagsbústaðir eru alfarið í eigu Reykjavíkurborgar. Breytingin miðast við 1. janúar 2013 en í þessari samstæðuáætlun nota Félagsbústaðir útkomuspá 2012 samkvæmt þessari reglu til að gera gögnin samanburðarhæfari á milli ára. Minnt er á í þessu sambandi að reikningsskil Orkuveitu Reykjavíkur hafa um árabíl byggt á IFRS uppgjörssköðlum. Uppgjör A-hluta og annarra B-hluta fyrirtækja byggja á kostnaðarverðsaðferð. Framsetning samstæðuáætlunar byggir á ofangreindum reikningsskilaaðferðum.

Skilgreiningar á A- og B-hluta.

A-hluti samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði. Í Aðalsjóði birtist rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa borgarinnar sem fjármagnaður er með skatttekjum og þjónustutekjum. Í Eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna, auk sérstakra skipulagsverkefna. Í áætlun A-hluta er milliviðskiptum, s.s. vegna innri leigu og fasteignaskatta, jafnað út á milli A-hluta stofnana.

Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu borgarinnar. Fyrirtæki og rekstrareiningar sem falla undir B-hluta eru: Bílastæðasjóður Reykjavíkur, Faxaflóahafnir, Félagsbústaðir hf., Íþrótt- og sýningarhöllin hf., Jörundur ehf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að mestu leyti fjármagnaður með framlögum frá eignaraðilum og er hlutur Reykjavíkurborgar gjaldfærður hjá Aðalsjóði. Hluti af þjónustutekjum Íþrótt- og sýningahallar og Sorpu er hluti af gjöldum málaflokka innan Aðalsjóðs. Að öðru leyti eru fyrirtækin fjármögnuð með þjónustutekjum. Í áætlun samstæðu er milliviðskiptum jafnað út milli A-hluta og B-hluta.

Samstæða

Rekstrarniðurstaða fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2013 er áætluð 7,7 milljarðar. Samkvæmt útkomuspá 2012 nemur halli af rekstri tæpum 1,0 milljarði og nemur viðsnúningurinn 8,7 milljörðum. Áætlað er að rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði verði rúmelga 19,5 milljarðar sem er um 1,4 milljörðum eða 7,7% betra en útkomuspá 2012 sem skýrir viðsnúning að hluta til, en að öðru leyti skýrist hann af hagstæðari niðurstöðu fjármagnsliða. Fjármagnsgjöld eru áætluð 9,2 milljarðar en verða skv. útkomuspá 20 milljarðar. Óhagstæð gengispróun ársins 2012 og há verðbólga skýra útkomuspá fjármagnsliða árið 2012.

Áætlað er að rekstrartekjur aukist um 7,7 milljarða eða um 6,5% en rekstrargjöld aukist um 6,3 milljarða eða 6,3%

Tafla: Fjárhagsáætlun samstæðu og samanburður milli ára

(tölur í mkr.)	Rauntölur 2011	Útkomuspá 2012	Áætlun 2013	Áætlun br. frá 2012
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	11.459	18.112	19.513	7,7%
Rekstrarniðurstaða	-4.675	-953	7.700	908,3%
Rekstrartekjur	108.868	118.750	126.489	6,5%
Rekstrargjöld	97.409	100.638	106.976	6,3%
Fjármagnsliðir	-22.691	-19.950	-9.282	53,5%
Eignir	464.700	460.652	451.900	-1,9%
Skuldir og skuldbindingar	318.170	314.989	298.468	-5,2%
Eigið fé	138.639	137.772	145.539	5,6%
Handbært fé frá rekstri	24.885	25.347	28.640	13,0%
Fjárfestingahreyfingar	-18.414	-9.886	-8.976	-9,2%
Fjármögnunarahreyfingar	-9.770	-13.418	-22.079	64,6%
Handbært fé í árslok	15.744	17.788	15.373	-13,6%

Áætlað er að eignir á árinu 2013 lækki um 1,7%, skuldir og skuldbindingar dragist saman um 5,0% og eigið fé aukist um 7,6 milljarða eða 5,5%.

Fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 9 milljarðar. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum eru áætlaðar um 15,2 milljarðar, þar af hjá Orkuveitu Reykjavíkur um 4,6 milljarðar, Eignasjóði 6,7 milljarðar, Félagsbústöðum 1,1 milljarða, Faxaflóahöfnum 1,0 milljarður, Sorpu 785 mkr, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins 430 mkr, Strætó 350 mkr, og Bílastæðasjóði 50 mkr. Til samanburðar gerir útkomuspá ráð fyrir að fjárfestingar nemi um 13 milljörðum.

Fjármögnunarahreyfingar eru áætlaðar 22,1 milljarður. Áætlað er að lántökur árið 2013 nemi alls 5,7 milljörðum en til samanburðar verða þær um 5,8 milljarðar árið 2012 en voru tæplega 9 milljarðar 2011.

Gert er ráð fyrir að afborganir langtímalána nemi 27,9 milljörðum árið 2013 en í útkomuspá 2012 nema þær 19,3 milljörðum. Til samanburðar námu afborganir langtímalána árið 2011 aðeins 13,2 milljörðum.

Gert er ráð fyrir að Orkuveita Reykjavíkur greiði niður skuldir að fjárhæð 24,7 milljarðar árið 2013 en gert ráð fyrir hraðri niðurgreiðslu skulda fram til ársins 2016. Á móti er gert ráð fyrir að lántökur nemi 4,3 milljörðum. Útkomuspá gerir ráð fyrir að afborganir verði um 14,5 milljarðar á þessu ári og ný langtímalán nemi um 1,6 milljörðum. Árið 2011 námu lántökur 13,8 milljörðum en afborganir um 10,5 milljörðum.

A-hluti Reykjavíkurborgar áætlar að greiða niður skuldir sem nemur 2 milljörðum en á móti er gert ráð fyrir 3,3 milljarða lántöku vegna nýfjárfestinga. Gert er ráð fyrir að lántaka A-hluta nemi um 50% af áætluðum fjárfestingum en það sem eftir stendur eða 50% verði fjármagnað úr rekstri. Félagsbústaðir gera ráð fyrir nýjum lánum sem nema 1 milljarði vegna íbúðafjárfestinga, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins áformar um 430 mkr lántökur vegna byggingar á nýrri slökkvistöð við Skarhólabraut í Mosfellsbæ og Sorpa áformar um 650 mkr lántökur einkum vegna framkvæmda við nýja gasgerðarstöð.

Handbært fé frá rekstri er áætlað 28,6 milljarðar og hækkar um 3,3 milljarða miðað við útkomuspá. Áætlað er að handbært fé verði 15,4 milljarðar hjá samstæðu Reykjavíkurborgar í árslok.


Taflan hér að neðan sýnir helstu kennitölur í samstæðu Reykjavíkurborgar.

Tafla: Kennitölur samstæðu, A- og B-hluta


	Rauntölur 2008	Rauntölur 2009	Rauntölur 2010	Rauntölur 2011	Útkomuspá 2012	Áætlun 2013
Eiginfjárlutfall	28,7%	26,4%	30,8%	29,8%	29,9%	32,0%
Arðsemi eigin fjár	N/A	-1,6%	9,8%	-3,4%	-0,7%	5,2%
Veltufjárlutfall	1,04	1,06	1,05	0,91	0,84	1,08
Skuldsetningarhlutfall	211%	239%	201%	195%	189%	171%
Uppgreiðslutími	15	15	16	12	11	10

Eiginfjárlutfall er mælt sem eigið fé á móti heildareignum og arðsemi eigin fjár er mælt sem eigið fé á móti hagnaði ársins. Veltufjárlutfall er skilgreint sem veltufjármunir á móti skammtímaskuldum og uppgreiðslutími skulda er mældur sem samtala langtímaskulda og skuldbindinga á móti veltufé frá rekstri.

Áætlun 2013 gerir ráð fyrir að kennitölur fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar batni m.v. árið 2012. Eiginfjárlutfall styrkist aftur og verði komið í 32% í árslok 2013 og veltufjárlutfall hækki og er það áætlað 1,08. Skuldsetningarhlutfall, mælt sem hlutfall langtímaskulda á móti eigið fé, er viðvarandi hátt.



Mynd: Rekstrarniðurstaða samstæðu fyrir og eftir fjármagnsliði (mkr)



Mynd: Skuldir samstæðu með og án lífeyrisskuldbindinga (mkr)

Rétt er að benda á að samstæðan er viðkvæm fyrir breytingum á ytri forsendum. Þannig myndi t.d. 1% veiking á gengi íslensku krónunnar að öðru jöfnu leiða til 1.750 mkr lakari rekstrarniðurstöðu Orkuveitu Reykjavíkur og tilsvaramandi hækkunar skulda á efnahag. Sjóðstreymi myndi versna um 171 mkr. Styrking á gengi krónu myndi að sama skapi skila sér í bættri afkomu. Veiking gengis leiðir yfirleitt til hækkunar verðlags sem síðan myndi skila sér í sjóðstreymi. Ef að verðbólgaustig reynist 1% hærra en þjóðhagsspá gerir ráð fyrir veikir það í gegnum fjármagnslið afkomu A-hluta um 250 mkr en áhrifin á OR eru líklega þau að afkoma batnar um 60-65 mkr þegar horft er til áhrifa á smásöluverð, almennan rekstur og laun. Ef vextir á lánum OR myndu hækka um 1% gætu áhrifin leitt til um 560 mkr lakari afkomu ef ekki væru vaxtaskiptasamningar hjá OR sem hafa að miklu leyti læst inni þau hagkvæmu vaxtakjör sem fyrirtækið býr við. Ætla má að vextir á alþjóðamörkuðum hafi fyrst og fremst tilhneigingu til að hækka. Þessi áhrif myndu skila sér beint í samstæðuuppgjör.

A-hluti

Rekstrarniðurstaða A-hluta árið 2013 er áætluð jákvæð um 329 mkr. Til samanburðar gerir útkomuspá fyrir árið 2012 ráð fyrir um 41 mkr halla. Í útkomuspá A-hluta er tekið mið af endurskoðaðri áætlun tekna og gjalda, en forsendum Hagstofu Íslands um gengis- og verðlagsþróun vegna fjármagnsliða sem skýrir lakari niðurstöðu en áætlun ársins gerir ráð fyrir.

Tafla: Fjárhagsáætlun A-hluta og samanburður milli ára

(tölur í mkr.)	Rauntölur 2011	Útkomuspá 2012	Áætlun 2013	Áætlun br. frá 2012
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	-2.425	822	772	-6,1%
Rekstrarniðurstaða	-2.808	-41	329	906,5%
Rekstrartekjur	68.577	70.832	76.204	7,6%
Rekstrargjöld	71.003	70.010	75.432	7,7%
Fjármagnsliðir	-383	-863	-443	48,7%
Eignir	136.799	138.558	143.171	3,3%
Skuldir og skuldbindingar	56.956	58.756	63.040	7,3%
Eigið fé	79.843	79.802	80.131	0,4%
Handbært fé frá rekstri	5.914	4.679	5.629	20,3%
Fjárfestingahreyfingar	-13.024	-6.685	-10.033	50,1%
Fjármögnunarhreyfingar	4.240	869	1.518	74,6%
Handbært fé í árslok	11.798	10.661	7.774	-27,1%

Áætlun A-hluta fyrir árið 2013 miðar að því að ná fram jöfnuðu tekna og útgjalda. Afkoma fyrir fjármagnsliði er áætluð 772 mkr eða 50 mkr lakari en útkomuspá gerir ráð fyrir.

Rekstrartekjur eru áætlaðar um 76,2 milljarðar en verða skv. útkomuspá 70,8 milljarðar árið 2012. Aukningin nemur 5,4 milljörðum. Skatttekjur eru áætlaðar 60,4 milljarðar. Útsvarstekjur eru áætlaðar 54,9 milljarðar, en þar af greiðir Reykjavíkurborg 6,5 milljarða til Jöfnunarsjóðs vegna grunnskóla og málefna fatlaðra. Nettó útsvarstekjur nema því 48,4 milljarði og hækka um 3,4 milljarða m.v. útkomuspá 2012. Tekjur vegna fasteignagjalda eru áætlaðar 12 milljarðar þegar tekið hefur verið tillit til milliviðskipta innan A-hluta og nemur hækkun þeirra um 777 mkr milli ára. Brúttó skatttekjur aukast um 3,9 milljarða, þar af aukast greiðslur í Jöfnunarsjóð um 461 mkr svo eftir stendur nettó aukning skatttekna 3,4 milljarðar.

Tekjur frá Jöfnunarsjóði eru áætlaðar alls 5,1 milljarður, þar af 993 mkr vegna sérskólanna, 233 mkr vegna tónlistarskólanna og 3,8 milljarðar vegna málefna fatlaðs fólks. Ekki liggur fyrir áætlun Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðs fólks, en tekið er mið af tekjuþróun útsvarstekna og áætlun Jöfnunarsjóðs árið 2012. Til framtíðar er miðað við að greiðslur Jöfnunarsjóðs taki mið af þjónustuþyngd skv. SIS mati.

Áætlunin gerir ráð fyrir að þjónustutekjur og ýmsar aðrar tekjur verði 11,3 milljarðar og aukist um 545 mkr m.v. útkomuspá 2012. Þar af er gert ráð fyrir að tekjur Aðalsjóðs aukist um 330 mkr, en tekjur Eignasjóðs um 215 mkr þegar tekið hefur verið tillit til tekjubreytinga vegna milliviðskipta. Gert er ráð fyrir að gjaldskrárskyldar þjónustutekjur Aðalsjóðs aukist um rúmlega 220 mkr en að öðru leyti eru það tekjur Velferðarsviðs sem aukast vegna þjónustu við ríkið, auk þess sem breytingar á fjölda barna í leikskólum og grunnskólum skili meiri tekjum á Skóla- og frístundasviði.

Rekstrarútgjöld eru áætluð 75,4 milljarðar eða 5,4 milljörðum hærri en útkomuspá ársins 2012. Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld verði 41,9 milljarðar eða 3,6 milljörðum hærri en útkomuspá. Þar af nema kostnaðaráhrif kjarasamninga um 1,5 milljarði, gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar er um 1 milljarði og magnbreytingar og önnur áhrif um 1 milljarði. Áætlað er að annar rekstrarkostnaður verði 29,8 milljarðar og hækki um 1,8 milljarða m.v. Útkomuspá. Afskriftir eru áætlaðar 3,6 milljarðar og hækka um 192 mkr.

Áætlað er að fjármagnsliðir verði neikvæðir sem nemur 443 mkr og til samanburðar neikvæðir um 863 mkr skv. útkomuspá 2012. Forsendur fjárhagsáætlunar 2013 gera ráð fyrir 3,7% verðlagsbreytingum innan ársins en aðeins óverulegum gengisbreytingum og er miðað við gengisvísitöluna 221 í upphafi árs og 222 í lok árs eða veikingu krónunnar um 0,6%. Áhrif gengisbreytinga birtast fyrst og fremst vegna erlendra lána Eignasjóðs og fyrir tækja í B-hluta einkum Orkuveitu Reykjavíkur. Áætlað er að eignir aukist um 3,7%, skuldir um 8,1% og eigið fé um 0,4%.


Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum eru áætlaðar um 6,7 milljarðar, þar af vegna fasteigna og stofnbúnaðar 2,8 milljarðar, gatnaframkvæmda 3,3 milljarðar, endurbætur og meiriháttar viðhald 150 mkr, átaksverkefna 350 mkr, áhalda tækja og hugbúnaðar 150 mkr auk kaupa á lóðum og skipulagseignum 250 mkr. Á móti fjárfestingum í götum er gert ráð fyrir tekjum af gatnagerðargjöldum 347 mkr. Gert er ráð fyrir að OR sé veitt verðtryggt eigendalán að fjárhæð 3.752 mkr. Gert er ráð fyrir að ný lán nemi 3,3 milljörðum.

Áætlað er að handbært fé í árslok verði um 7,8 milljarðar hjá A-hluta Reykjavíkurborgar.


Tafla: Kennitölur A-hluta

	Rauntölur 2008	Rauntölur 2009	Rauntölur 2010	Rauntölur 2011	Útkomuspá 2012	Áætlun 2013
Eiginfjárlutfall	66%	65%	63%	58%	57%	56%
Arðsemi eigin fjár	3,8%	5,0%	1,8%	-3,5%	N/A	0,04%
Veltufjárlutfall	1,74	2,20	2,42	1,87	1,86	1,59
Skuldsetningarhlutfall	13%	22%	36%	42%	46%	46%
Uppgreiðslutími	1	2	5	10	13	11

Áætlun 2013 gerir ráð fyrir að eiginfjárlutfall fyrir A-hluta Reykjavíkurborgar lækki lítillega og verði 56%. Veltufjárlutfall er áætlað 1,59 í árslok 2013. Skuldsetningarhlutfall, mælt sem langtímaskuldir á móti eigið fé, er áætlað 46%. Efnahagur A-hluta ber vott um mikinn fjárhagslegan styrk, en borgin býr yfir sterkri lausafjárstöðu sem hefur verið byggð upp vegna mögulegrar áhættu vegna ábyrgða á skuldum B-hluta.



Mynd: Rekstrarniðurstaða A-hluta fyrir og eftir fjármagnsliði (mkr)



Mynd: Skuldir A-hluta með og án lífeyrisskuldbindinga (mkr)

Rétt er að benda á að A-hluti er viðkvæmur fyrir breytingum á verðlagi og launum. Ef verðbólguþig reynist 1% hærra en þjóðhagsspá gerir ráð fyrir eykur það útgjöld á fjármagnslið og veikir afkomu A-hluta um 250 mkr enda ekki mikið um aðrar sjálfvirkar verðtryggingar í rekstri A-hluta. Hækki laun almennt um 1% umfram forsendur gæti það skilað 390 mkr í auknar útsvarstekjur en sama hækkun á launum starfsmanna gæti aukið launakostnað um 370 mkr og leitt til um 418 mkr hækkunar á gjaldfærslu vegna lífeyrisskuldbindingar að öllu öðru óbreyttu. Þannig gæti almenn 1% launahækkun skilað um 440 mkr neikvæðri niðurstöðu fyrir A-hluta.

Samantekt um helstu breytingar milli ára og úthlutun fjárheimilda

Frumvarp að fjárhagsáætlun A-hluta byggir á því að ná fram jöfnuði í rekstri. Við gerð fjárhagsáætlunar hefur verið tekið mið af fyrirjáanlegum breytingum í rekstrarumhverfi borgarinnar á þessu ári og því næsta.

Helstu breytingar tekna

Þegar áætlun 2013 er borin saman við endurskoðaða áætlun 2012 er gert ráð fyrir að tekjur vegna útsvars hækki um 3,4 milljarða og tekjur af fasteignagjöldum hækki um 777 mkr. Gert er ráð fyrir 220 mkr hækkun tekna vegna þjónustugjalda, framlög Jöfnunarsjóðs vegna málefna fatlaðra aukist um 140 mkr, framlög Jöfnunarsjóðs vegna sérskóla hækki um 292 mkr og framlög jöfnunarsjóðs vegna tónlistarskóla um aukist 233 mkr. Magnbreytingar, einkum á Skóla- og frístundasviði nema tæpum 200 mkr. Samtals nemur hækkun tekna frá útkomuspá 2012 til áætlunar 2013 um 5,4 milljörðum.

Helstu breytingar útgjalda

Þegar áætluð útgjöld 2013 eru borin saman við áætlun 2012 er gert ráð fyrir að kjarasamningsbundnar launahækkanir nema um 1,4 milljarði, hækkun á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar nemi um 1 milljarði, verðbætur á útgjöld vegna aðkeyptrar þjónustu og aðfanga nemur um 1,2 milljarði, hækkun fjárhagsaðstoðar og atvinnumála nemur rúmlega 1 milljarði, hækkun opinberra gjalda, styrkur til elli- og örorkulífeyrisþega og framlög til B-hluta fyrirtækja nema 113 mkr, framlag til kaupa á tölvubúnaði hækkar um 100 mkr og ýmsar aðgerðir og skuldbindingar á sviðum borgarinnar nema um 400 mkr, auk þess sem afskriftir hækka um 190 mkr. Samtals nema útgjaldahækkanir því um 5,5 milljörðum.

Fjármagnsliður árið 2013 ívið betri en útkomuspá 2012 gerir ráð fyrir, eða um 420 mkr betri, sem skýrist af því að verðbólga er áætluð lægri árið 2013 en í útkomuspá 2012.

Samtals eru kostnaðarhækkanir um 5,1 milljarður, en áætlunin gerir ráð fyrir að afkoma A-hluta verði jákvæð um 329 mkr sem er um 370 mkr betra.

Úthlutun fjárheimilda

Við úthlutun fjárheimilda var farin sú leið að hækka fjárheimildir fagsviða miðað við upprunalega áætlun 2012 sem nemur kostnaðarhækkunum kjarasamninga, eða um 1.400 mkr. Þá voru verðlagsáhrif innri leigu bætt við fjárheimildir sviðanna sem og aukinn leigukostnaður vegna mannvirkja sem tekin hafa verið í notkun eða notið hafa viðhalds á árinu. Auk þess voru fjárheimildir vegna annars rekstrarkostnaðar auknar um 5,6%, eða sem nemur áætlun þjóðhagsspár um hækkun verðlags á milli ára um 3,9%, auk 1,7% hækkunar verðlags árið 2012 umfram forsendur fjárhagsáætlunar. Ýmsum samningsbundnum skuldbindingum hefur verið mætt með auknum fjárheimildum. Þá hefur verið tekið mið af brýnustu þörfum og stefnumótandi áherslum við úthlutun þeirra heimilda sem til ráðstöfunar eru.

Auk þess sem að ofan kemur fram hafa framlög til Velferðarsviðs verið aukin um 75 mkr til ýmissa smærri verkefna, svo sem til eflingar barnaverndar og 100 mkr vegna kostnaðaráhrifa starfsmats í málaflokki fatlaðs fólks og aukins yfirvinnuálags. Framlög til Íþrótt- og tómstundasviðs hafa verið aukin um 150 mkr einkum vegna samningsskuldbindinga við Íþróttafélög. Framlög til Skóla- og frístundasviðs aukast um 205 mkr vegna fjölgunar barna í leik- og grunnskólum og 350 mkr sem sviðið hefur varið til ýmissa brýnna verkefna. Framlög til Menningar- og ferðamálasviðs eru aukin um 92 mkr, einkum vegna samningsbundinna skuldbindinga vegna Ráðstefnuskrifstofu Reykjavíkur og verkefnisins Ísland allt árið. Framlag til Skipulags- og byggingasviðs er óbreytt ef lítið er framhjá verðlags- og launahækkunum, en sviðið hefur áfram til ráðstöfunar 100 mkr til að halda áfram vinnu við hverfaskipulag borgarinnar. Framlög til Umhverfis- og samgöngusviðs aukast um 11,5 mkr til að mæta samningsbundnum skuldbindingum. Rekstrarframlög til Strætó og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins aukast um tæplega 140 mkr, en á móti kemur lækkun á niðurgreiðslum vegna nemakorta Strætó um 76 mkr.

Við síðari umræðu voru samþykkt aukin framlög til málaflokka sem nemur 407 mkr. Framlag til Íþróttá- og tómstundasviðs var aukið sem nemur 33 mkr vegna viðhaldssamninga við íþróttafélög og annarra samninga. Framlög til Menningar- og ferðamálasviðs voru aukin um 16 mkr m.a. til að bæta safnakost. Ráðstafað var 57,8 mkr til Skóla- og frístundasviðs vegna ýmissa verkefna. Um 190 mkr var ráðstafað til Velferðarsviðs vegna félagslegrar stuðningsþjónustu og annarra brýnna þarfa. Um 16 mkr var ráðstafað til Skipulags- og byggingasviðs vegna svæðisskipulags á Höfuðborgarsvæðinu og 88 mkr var varið til ýmissa verkefna sem borgin tók yfir frá ríkinu í tengslum við samning um eflingu tónlistarnáms. Þá var ráðstafað 4 mkr annars vegar og 3 mkr hins vegar til að efla Betri Reykjavík og kynjaða fjárhagsáætlunargerð.

Aðalsjóður

Áætluð rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs 2013 er neikvæð um 3,0 milljarða en er skv. útkomuspá neikvæð um 1,2 milljarð árið 2012. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð neikvæð um 8,5 milljarða, en verður skv. útkomuspá neikvæð um 7,2 milljarða.

Tafla: Fjárhagsáætlun Aðalsjóðs og samanburður milli ára

(tölur í mkr.)	Rauntölur 2011	Útkomuspá 2012	Áætlun 2013	Áætlun br. frá 2012
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	-9.230	-7.243	-8.541	-17,9%
Rekstrarniðurstaða	-1.883	-1.164	-2.981	-156,1%
Rekstrartekjur	69.507	72.240	78.021	8,0%
Rekstrargjöld	78.737	79.483	86.562	8,9%
Fjármagnsliðir	7.347	6.079	5.560	-8,5%
Eignir	83.884	78.736	77.314	-1,8%
Skuldir og skuldbindingar	23.607	19.623	21.182	7,9%
Eigið fé	60.277	59.113	56.132	-5,0%
Handbært fé frá rekstri	-743	-3.364	-3.559	-5,8%
Fjárfestingahreyfingar	-5.276	5.397	-1.188	122,0%
Fjármögnunarhreyfingar	3.327	-3.111	211	106,8%
Handbært fé í árslok	11.651	10.572	6.036	-42,9%

Rekstrartekjur Aðalsjóðs eru áætlaðar 78 milljarðar en verða 72,2 milljarðar m.v. útkomuspá og aukast því um 5,8 milljarða. Áætlað er að skatttekjur aukist um 5 milljarða að frádregnum greiðslum í Jöfnunarsjóð og þjónustutekjur um 718 mkr eða um 330 mkr þegar tekið hefur verið tillit til milliviðskipta.

Rekstrarútgjöld eru áætluð 86,5 milljarður og hækka um 7 milljarða frá árinu 2012.

Áætlað er að nettó fjármunatekjur Aðalsjóðs nemi 5,5 milljörðum 2013 sem er um 518 mkr lækkun miðað við útkomuspá. Meginskýringin felst í lækkun verðbóta vegna skulda Eignasjóðs vegna áætlunar um lægri verðbólgu árið 2013 en útkomuspá gerir ráð fyrir.

Áætlað er að eignir dragist saman um 1,8% árið 2013, skuldir og skuldbindingar aukast um 7,9%, eigið fé dragist saman um 5% og eiginfjárlutfall lækkar úr 75% niður í 73%.

Áætlað er að handbært fé í árslok verði 6 milljarðar.

Eignasjóður

Áætluð rekstrarniðurstaða Eignasjóðs 2013 er jákvæð um 3,3 milljarða en verður 1,1 mkr m.v. útkomuspá 2012. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð jákvæð um 9,3 milljarða en verður skv. útkomuspá jákvæð um 8,1 milljarð.

Tafla: Fjárhagsáætlun Eignasjóðs og samanburður milli ára

(tölur í mkr.)	Rauntölur 2011	Útkomu- spá 2012	Áætlun 2013	Áætlun br. frá 2012
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	6.805	8.065	9.313	15,5%
Rekstrarniðurstaða	-925	1.124	3.310	-194,6%
Rekstrartekjur	16.206	16.988	18.735	10,3%
Rekstrargjöld	9.402	8.923	9.423	5,6%
Fjármagnsliðir	-7.730	-6.941	-6.003	13,5%
Eignir	103.745	101.746	106.408	4,6%
Skuldir og skuldbindingar	83.143	80.021	81.373	1,7%
Eigið fé	20.601	21.725	25.035	15,2%
Handbært fé frá rekstri	6.657	8.043	9.188	14,2%
Fjárfestingahreyfingar	-4.981	-5.566	-6.004	-7,9%
Fjármögnunarahreyfingar	-1.855	-2.535	-1.534	-39,5%
Handbært fé í árslok	147	89	1.739	1859,8%


Rekstrartekjur Eignasjóðs eru áætlaðar 18,7 milljarðar en verða samkvæmt útkomuspá um 17 milljarðar eða tekjuaukning um 1,7 milljarða. Meginþorri tekna Eignasjóðs kemur frá málaflokkum Aðalsjóðs vegna leigu og rekstrar á húsnæði og götum. Áætlað er að söluhagnaður verði 650 mkr vegna sölu byggingaréttar. Rekstrarútgjöld 2013 eru áætluð 9,4 milljarðar og hækka um 5,6% m.v. útkomuspá 2012.

Áætlað er að nettó fjármagnsgjöld Eignasjóðs nemi 6,0 milljörðum sem er um 0,9 milljarði lægra miðað við útkomuspá 2012. Áætlað er að eignir aukist um 4,6%, skuldir og skuldbindingar um 1,7%, eigið fé um 15,2% og eiginfjárhlutfall styrkist og verði 23%. Áætlað er að handbært fé í árslok verði 1,7 milljarðar.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Gert er ráð fyrir að í árslok 2012 verði vaxtaberandi langtímaskuldir A-hluta 24 milljarðar. Erlendar skuldir nema um 654 mkr eða rúmlega 2% af langtímaskuldum. Í árslok 2013 er áætlað að skuldir verði 26,6 milljarðar og þar af erlendar skuldir um 255 mkr eða tæplega 1%. Dregið hefur verulega úr gjaldeyrisáhættu Reykjavíkurborgar frá árinu 2012. Gert er ráð fyrir að tekin verði ný lán í formi innlendra skuldabréfa að fjárhæð 3,3 milljarðar að markaðsvirði vegna framkvæmda ársins 2013. Skuldbindingar vegna leigusamninga samkvæmt nýjum reiknings-skila-aðferðum verða í árslok 2012 um 12,5 milljarðar m.v. útkomuspá og áætlun gerir ráð fyrir að þær verði í árslok 2013 um 13 milljarðar.

Undanfarin ár hefur lánsfjáröflun A-hluta farið fram á innlendum markaði í gegnum skuldabréfaflokkinn RVK 09 1 og RVK 19 1 en báðir flokkar eru skráðir á Nasdaq OMX. RVK 09 1 hefur verið stækkaður í áföngum frá árinu 2009 en RVK 19 1 var stofnaður í maí 2012. Eftir greiðslu erlends láns sem var á gjalddaga í september 2012, þá hefur vægi erlendra lána í lánasafni stórlega lækkað og er innan við 3%. Á móti kemur að vægi verðtryggða innlendra lána hefur aukist. Útboð í skuldabréfaflokknum RVK 09 1 og RVK 19 1 eru haldin mánaðarlega eftir markaðsaðstæðum hverju sinni. Ávöxtunarkrafan RVK 09 1 hefur farið lækkanði á árinu eða úr 3,50% í 3,40% en bréfin bera 4,40% nafnvexti. Fjögur útboð hafa verið haldin í flokknum það sem af er ári. Sala á skuldabréfaflokki RVK 19 1 fór fyrst fram í maí á ávöxtunarkröfunni 2,00%, en bréfin bera 1,95% nafnvexti. Samþykkt tilboð frá kaupendum nema 1,9 milljarðar að nafnvirði en 2,5 milljarðar að markaðsvirði. Salan hefur farið fram í gegnum viðskiptavaka á fjármálamarkaði sem eru; Íslandsbanki, MP banki og Straumur fjárfestingarbanki. Gerður var nýr aðalmiðlarasamningur við þessi fjármálafyrirtæki varðandi viðskiptavakt skuldabréfa á árinu 2012.



Mynd: Vaxtaferill ríkisverðbréfa og verðtryggðra skuldabréfa borgarinnar

Vaxtalína borgarinnar er nokkuð hærri á línuritinu en vaxtalína ríkisins og sýnir það í raun álag borgarinnar á ríkisverðbréfin. Álagið er mun meira á RVK 19 1 (stutta flokkinn) en RVK 09 1 (langaflokkinn) enda hefur eftirspurnin verið meiri eftir langa flokknum en þeim stutta. Álagið breytist m.a. eftir því hvernig markaðsaðstæður og eftirspurn þróast.

Fjármagnsgjöld A-hluta umfram fjármagnstekjur eru áætlaðar 443 mkr. árið 2013, samborið við 863 mkr umfram fjármagnsgjöld árið 2012. Vaxtatekjur Aðalsjóðs eru áætlaðar 421 mkr árið 2013 samanborið við 443 mkr árið 2012. Tekjur vegna arðs eru áætlaðar 130 mkr. Ábyrgðargjald frá Orkuveitu Reykjavíkur árið 2013 er áætlað 1 milljarður.

Forsendur gengis-, verðlags- og vaxtaþróunar

Í forsendum fjárhagsáætlunar 2013 er gert ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækki um 3,74% innan ársins. Gert er ráð fyrir að gengisvísitala íslensku krónunnar hækki um 0,6% á árinu 2013 sem þýðir að krónan veikist. Gert er ráð fyrir 4,3% ávöxtun á lausafé en að frádregnum 20% fjármagnstekjuskatti nemur það 3,45%.

Í vaxtaforsendum er gert ráð fyrir að meðalvextir erlendra lánaðorfu verði 0,5% og meðalvextir innlendra langtímalána verði 4,0%. Vextir erlendis hafa verið lágir á árinu 2012 og munu væntanlega ekki hækka fyrr en hagvöxtur erlendis tekur við sér.

Í erlendu lánasafni eru lán í tveimur erlendum gjaldmiðlum. Lán í CHF greiðist upp um mitt ár 2013 og lán í JPY greiðist að fullu í lok árs 2015. Lánin bera breytilega millibankavexti þ.e. LIBOR og nema meðalvextir 0,21%.


Skulda og áhættustýring

Unnið er að áhættustefnu A-hluta borgarsjóðs, endurskoðun áhættustýringar og reglna um lánastýringu og lausafjárstýringu. Erlend lán munu verða óveruleg í árslok 2012 og því mun athyglin beinast að innlendri fjármögnun og samspili hennar við stöðu á handbæru fé. Í ljósi nýrra fjármálareglna og ábyrgða A-hluta borgarsjóðs verður nauðsynlegt að taka aukið tillit til skulda og skuldbindinga B-hluta samstæðunnar.

Gjaldeyrishöft hafa stutt við gengið og viðskiptajöfnuður hefur verið jákvæður. Íslenska krónan hefur veikst um 2,3% frá áramótum (okt 2012). Hækkun vísitölu neysluverðs hefur verið meiri 2012 en áætlanir gerðu ráð fyrir og í byrjun október mældist tólf mánaða verðbólga 4,30%.

Áfram verður fylgst með lánum A-hluta og lánum fyrirtækja í samstæðu borgarinnar. Í lok september 2012 var erlent eingreiðslulán greitt upp á gjalddaga. Við þessa greiðslu er vægi erlendra lána mjög lítilt í heildarlánasafni eða innan við 3%. Gefin voru út skuldabréf innanlands á árinu 2012 í tveimur skuldbréfaflokkum og stefnt er að aukinni útgáfu innanlands á árinu 2013.

Á myndinni hér á eftir má sjá þróun gengisvogar Seðlabanka Íslands og vísitölu neysluverðs fyrir tímabilið janúar til október 2012. Eins og sjá má þá lækkaði verðbólga lítið á árinu þrátt fyrir mikla styrkingu krónunnar um mitt sumarið.




Mynd: Samanburður á þróun gengisvogar Seðlabanka Íslands og vísitölu neysluverðs (janúar=100)

Fjármunatekjur


Stýrivextir Seðlabanka Íslands hafa hækkað úr 4,75% í 5,75% í lok október 2012. Vextir hækkuðu í 5,00% um miðjan mars, hækkuðu síðan í tveimur skrefum í 5,75% fram í miðjan júní og hafa haldist óbreyttir síðan. Líkur eru á að stýrivextir hækki á næstunni. Leitast hefur verið við að ávaxta lausafé með sem öruggustum hætti með tilliti til mótaðilaáættu. Eign Reykjavíkurborgar í ríkisskuldabréfum jókst á árinu 2012 þar sem fjárfesting í ríkisverðbréfasafni borgarinnar var aukin. Áfram er haldið í það markmið að viðhalda sterkri sjóðsstöðu til að mæta greiðsluskuldbindingum. Fyrirhuguð er lánveiting til Orkuveitu Reykjavíkur sem mun lækka stöðu handbærs fjár um 3.8 milljarða.

Ávöxtun á handbæru fé hefur verið ásættanleg, sérstaklega ef tekið er mið að því að raunvaxtastig hefur lækkað frá árinu 2011. Ávöxtun skuldabréfasafns er háð sveiflum á markaði en frá áramótum hefur nafnávöxtunin verið 6%. Annað lausafé hefur verið ávaxtað á hagkvæmustu kjörum hverju sinni. Vaxtatekjur eru áætlaðar 828 mkr á árinu 2012 og áætlaðar 924 mkr. 2013.

Gert er ráð fyrir að handbært fé lækki á árinu 2013 úr 11,1 milljarði í 8,9 milljarða.



Mynd: Hlutfallsleg skipting lausafjár milli innlána og ríkisbréfa



Mynd: Lausafé A-hluta Reykjavíkurborgar, innlán og ríkisbréf í krónum

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUNARGERÐ

Haustið 2011 skipaði borgarstjóri stýrihóp um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun á vegum Reykjavíkurborgar og er hlutverk stýrihópsins að vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlunargerð hjá Reykjavíkurborg m.a. með því að skapa og þróa aðferðir og vinnulag við kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð, skilgreina og þróa markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar, miðla þekkingu um kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð og vinna á þessu ári í samvinnu við stjórnendur að afmörkuðum tilraunaverkefnum í kynjaðri fjárhags- og starfsáætlunargerð.

Í upphafi ársins 2012 var ákveðið bæði svið og fagskrifstofur skyldu velja a.m.k. eitt tilraunaverkefni til að þróa aðferðir og tæki kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar. Tilraunaverkefni urðu alls 17 talsins. Skipuð voru starfsteymi í kringum hvert verkefni ásamt teymisstjóra. Teymin skiluðu verkefnislýsingu sem leiðbeinandi viðmið varðandi útfærslu og framkvæmd verkefnanna. Þau fengu fræðslu um hugmyndafræði KFS og þjálfun í verkefnisstjórnun og við gerð árangursmælikvarða. Haldnir voru þrír stöðufundir á tímabilinu og voru teymisstjórar í lok júní með kynningu á bráðabirgðaniðurstöðum fyrir stýrihóp, formenn fagraða, framkvæmdastjóra sviða og borgarfulltrúa. Gagnlegt samstarf og samráð tókst við sérfræðing fjármálaráðuneytis, Katrínu Önnu Guðmundsdóttur, og við Hjálmar Sigmarsson hjá Jafnréttisstofu og Þorgerði Einarsdóttur og Guðbjörgu Andreu Jónsdóttur hjá Háskóla Íslands.

Verkefnið hefur verið kynnt víða á árinu 2012, bæði innan borgarkerfisins og utan og verkefnisstjóri hefur sótt fræðslu á námskeiðum og ráðstefnum. Verkefnisstjóri sótti ráðstefnu um kynjaða hagstjórn í Berlín í lok september sem haldin var af Evrópunefnd um kynjasambættingu og ráðuneyti atvinnu- og félagsmála Þýskalands. Jafnframt heimsótti verkefnisstjóri fjármálastjóra Berlínarborgar, Klaus Feiler og samstarfsmenn hans með það fyrir augum að koma á samstarfi borganna um innleiðingu og framkvæmd kynjaðrar fjárhagsáætlunargerðar. Verkefnisstjóri sat jafnframt fjögurra daga námskeið í Háskóla Íslands í kynjaðri hagstjórn hjá Elisabetu Klatzer sem sem er ein helsta fræðikona í heiminum á sviði kynjaðrar hagstjórnar og hefur um árabil komið að innleiðingu hennar víða í heiminum. Auk þess sóttu verkefnastjóri og fulltrúi fjármálaskrifstofu fyrirlestur Gerhards Stegers, fjárlagastjóra Austurríkis um kynjaða hagstjórn Austurríska ríkisins.

Stefnumótunarvinna fyrir framhald verkefnisins fór fram snemma hausti 2012 og voru lögð drög að verkefnaáætlun fyrir árin 2013 og 2014. Stefnt er að því að halda áfram að vinna verkefni á sviðum og skrifstofum borgarinnar með tækjum og aðferðum kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Verkefnin verða eftir atvikum ný eða áframhald á tilraunaverkefnum og eiga að snúa að meginmálaflokkum skrifstofa og sviða borgarinnar. Stýrihópurinn hefur að markmiði að setja í fjármálareglur borgarinnar ákvæði um verklag kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar á grundvelli reynslunnar af tilraunaverkefnum og að fordæmi þeirra borga og sveitarfélaga sem hafa orðið sér úti um reynslu af slíkri vinnu, ekki síst Berlínarborgar.

Stefnt er að því að auka samskipti við fjármálaskrifstofu Berlínar. M.a. er ráðgert að fá sérfræðinga frá Berlín til að halda hér námskeið en einnig að starfsmenn fjármálaskrifstofu fái tækifæri að kynna sér starfsemi Berlínar að þessu leyti í heimsókn þangað. Mun það verða liður í að auka vitund og umræðu um efnið auk þess að miðla þekkingu að utan til starfsmanna ríkis og borgar.

Stýrihópur stefnir að því að innleiða verklag og reglur um gagnamedferð sem tryggir að allar þær upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar sem völ er á verði kyngreinanlegar. Þá stefnir stýrihópur að því að samræma eyðublöð allra styrkjaumsókna á vegum borgarinnar og hagnýta þar með tilraunaverkefni sem liggur fyrir. Einnig er stefnt að því að endurskoða verklagsreglur um gerð fastlaunasamninga og aksturssamninga og eftirlit með þeim með það fyrir augum að koma í veg fyrir að starfsmönnum sé mismunað í launum. Verkefnisstjóri mun hafa umsjón með því að sækja þekkingu út fyrir borgina og halda utan um samskipti við samstarfsaðila og veita ráðgjöf til fagsviða og skrifstofa borgarinnar.

REGLUR UM GERÐ FJÁRHAGSÁÆTLUNAR

1. Markmið

- Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri borgarsjóðs og fyrirtækja borgarinnar, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu borgarsjóðs og stofnana og fyrirtækja borgarinnar við upphaf áætlunartímabilsins.
- Fimm ára áætlun felur í sér samþykktu stefnumótun borgarstjórnar í hverjum málaflakki.
- Fimm ára áætlun, fjárhagsáætlun og starfsáætlun eru mikilvægustu stjórnþæki borgarstjórnar til að ná fram markmiðum sínum.
- Við undirbúning fimm ára áætlunar, fjárhagsáætlunar og starfsáætlunar verði tekið mið af aðferðafræðum kynjaðrar starfs- og fjárhagsáætlunargerðar.
- Fjárhagsáætlun skal unnin þannig að ekki þurfi að breyta henni á rekstrarárinu nema að ófyrirséð atvik kalli sérstaklega á slíka ákvörðun. Þannig nýtist fjárhagsáætlunin sem öflugt stjórnþæki við rekstur borgarinnar.

2. Ábyrgð og verkaskipting

- Borgarstjórn fer með æðstu yfirstjórn á fjármálum borgarinnar, stofnana hennar og fyrirtækja. Borgarstjórn felur borgarráði og borgarstjóra ábyrgð á daglegum rekstri borgarinnar.
- Fagråd hefur það meginhlutverk að undirbúa stefnumótun og helstu áherslur borgarstjórnar í málaflakki. Fagråd hefur eftirlit með að rekstur sviðsins sé innan fjárhagsáætlunar og í samræmi við markaða stefnu og starfsáætlun.
- Borgarstjóri ber ábyrgð á gerð frumvarps að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun í samræmi við lög og samþykktir Reykjavíkurborgar. Borgarstjóri leggur fram frumvörp að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun í borgarráði.
- Fjármálastjóri fer með undirbúningi frumvarpa að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun og hefur yfirumsjón með fjármálastjórnun Reykjavíkurborgar, þ.m.t. fjárhagsáætlunargerð. Fjármálastjóri hefur eftirlit með að rekstur sviða sé í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun og starfsáætlun og tekur saman og kynnir fyrir borgarstjóra og borgarráði rekstrarupplýsingar og frávika greiningar með reglubundnum hætti.
- Fagsvið og miðlægar fagskrifstofur gera drög að fjárhagsáætlun og starfsáætlun sem rúmast innan hennar í samræmi við stefnumótun borgarstjórnar og áherslur fagráðs í viðkomandi málaflakki.

3. Vinnuferli við gerð fjárhagsáætlunar

Janúar

- Borgarråd felur sviðum og fagræðum að hefja undirbúning að vinnu við fjárhagsáætlun og fjárfestingaáætlun næsta árs og til næstu fimm ára á grundvelli gildandi fimm ára áætlunar.
- Samráðsfundur formanna fagráða og lykilstjórnenda vegna greiningar- og undirbúningsvinnu.
 - Framkvæmda- og eignasvið fer yfir gildandi áætlun um stofnframkvæmdir fasteigna, lausafjármuna, gatna og umferðamannvirkja og stöðu hennar. Kynnt er tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings fjárfestingaáætlunar.
 - Skrifstofa borgarhagfræðings leggur fram mat á þróun mannfjölda og atvinnu í samræmi við þjóðhagsforsendur.
 - Fjármálskrifstofa tekur saman yfirlit yfir efnahagshorfur samkvæmt þjóðhagsforsendum Hagstofu Ísland miðað við gildandi fimm ára áætlun.
 - Kynnt er tíma og verkáætlun fjárhagsáætlunar.
- Tíma og verkáætlun ársins lögð fram í borgarráði.
- Borgarstjóri kynnir sérstaka ábendingagátt vegna fjárhagsáætlunar á Betri Reykjavík fyrir almenning og starfsfólk.

Febrúar

• VINNUFUNDIR FAGRÁÐA:

- Formenn fagráða og sviðsstjórar undirbúa og skipuleggja vinnufundi fagráða. M.a. undirbúa umræðu um tækifæri til sparnaðar/hagræðingar, skuldbindingar, tækifæri og áhættur og gögn fyrir þarfagreiningu sviðsins vegna fjárfestinga í mannvirkjum, götum, opnum svæðum, áhöldum, tækjum og búnaði.
- Fagráð yfirfara áherslur og forgangsröðun í málaflokknum á grunni gildandi stefnumörkunar og fimm ára áætlunar.
- Framkvæmda- og eignasvið hefur vinnu við fjárfestingaáætlun, sem felur í sér þarfagreiningu vegna þjónustu borgarinnar, greiningu á valkostum og mati á hagkvæmni þeirra.
- Skrifstofa borgarstjóra tekur saman ábendingar frá almenningi og starfsmönnum og kynnir fagráðum / sviðum og skrifstofum.

Mars

- Fagráð vinna úr ábendingum íbúa og starfsmanna.
- Fagráð afgreiða tillögu að áherslum og forgangsröðun í málaflokknum til næstu fimm ára.
- Sviðsstjórar gera borgarstjóra grein fyrir tækifærum til sparnaðar/hagræðingar, skuldbindingum, áhættum og tækifærum í málaflokknum og tillögum fagráða um áherslur og forgangsröðun.

Apríl

- Fjármálaskrifstofa skilar launalíkönnum til vinnslu á sviðum.
- Fagsvið og skrifstofur vinna fyrstu drög að fjárhagsáætlun næsta árs og næstu fimm ára.
- Framkvæmda- og eignasvið skilar til fjármálaskrifstofu drögum að fjárfestingaáætlun og valkostum til næstu fimm ára.
 - Fjárfestingaáætlun skal fela í sér þarfagreiningu vegna þjónustu borgarinnar til næstu fimm ára, valkostum til að mæta þeirri þörf og mati á þeim.
 - Áætlun um fjárfestingu í mannvirkjum (stofnframkvæmd) og búnaði skal innihalda greiningu á áhrifum á árlegan rekstrarkostnað þegar mannvirki hefur verið tekið í notkun. Kostnaðaráhrif vegna fjárfestinga skulu reiknuð að fullu í fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun.
 - Framkvæmda- og eignasvið og fjármálaskrifstofa skulu í tengslum við gerð fjárfestingaáætlana gera nákvæma og tímasetta áætlun um fjárþörf vegna fjárfestinga.

Mái

- Sviðsstjórar kynna fyrir fagráðum fyrstu drög að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun, ásamt fjárfestingaáætlun.
- Sviðsstjórar skila til fjármálaskrifstofu drögum að næsta árs áætlun og fimm ára áætlun.
- Fjármálaskrifstofa tekur saman áætlun næsta árs og fimm ára áætlun sviða og skrifstofa og skilar samantekt til borgarstjóra og borgarráðs.

•

Júní

- Fjármálaskrifstofa leggur fjárhagslegt mat á útgjöld miðað við samantekin drög sviða að fjárhagsáætlun og mismunandi forsendur um gjaldskrár og ytri forsendur (sviðsmyndagreining).
- HÖFÐAFUNDUR um markmið og leiðir:
 - Fjármálaskrifstofa tekur saman yfirlit yfir efnahagshorfur samkvæmt þjóðhagsforsendum Hagstofu Ísland og áhrif þeirra á tekjuspá borgarinnar og kynnir drög að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun miðað við ytri og innri forsendur (sviðsmyndir).
 - Sviðsstjórar skila samræmdum lykiltölum til að auðvelda ákvarðanatöku pólitískra fulltrúa um forgangs-röðun.
- Borgarráð staðfestir tekjuforsendur og aðrar forsendur fjárhagsáætlunar næsta árs og næstu fimm ára. Lagðar eru línur um meðhöndlun innri og ytri gjaldskráa vegna vinnslu fjárhagsáætlunar.
- Borgarráð úthlutar fjárhagsrömmum til sviða og skrifstofa og felur þeim að útfæra fjárhagsáætlun næsta árs og næstu fimm ára á forsendum þeirra.¹

Ágúst

- STARFSDAGAR FAGRÁÐA vegna forgangsröðunar.
 - Gögn og niðurstaða Höfðafundar lögð til grundvallar ásamt fjárhagsrömmum.
- Sviðsstjórar hefja vinnu við útfærslu á starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs og næstu fimm ára.
 - Byggt skal á gildandi reglum og samningum Reykjavíkurborgar.²
 - Byggt skal á forsendum mannauðsskrifstofu um þróun kjara skv. kjarasamningum.
 - Byggt skal á forsendum innkaupaskrifstofu varðandi gildandi rammameninga um innkaup á vörum og þjónustu.
 - Byggt skal á gjaldskrár vegna innri viðskipta.

September

- Sviðsstjórar kynna lokadrög að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun ásamt starfsáætlun og greinargerð fyrir fagráðum. Fagráð staðfestir að drög að starfs- og fjárhagsáætlun séu í samræmi við ákvarðanir fagráðs um áherslur og forgangsröðun og markaða stefnu í málaflokknum.
- Sviðsstjórar skila fjármálaskrifstofu lokadrögum að starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs og til næstu fimm ára.

Október

- Fjármálaskrifstofa undirbýr frumvarp að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun ásamt greinargerð.
- Borgarstjóri leggur fram frumvarp að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun fyrir borgarráð ásamt starfsáætlun.
- Borgarráð vísar frumvarpi að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun til fyrri umræðu borgarstjórnar.
- Formenn fagráða og sviðsstjórar kynna starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs og til næstu fimm ára í borgar-ráði.
- Fyrri umræða í borgarstjórn um frumvarp að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun.

1) Við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert skal innri leiga vegna borgarmannvirkja og framleiga reiknuð upp miðað við forsendur fjárhagsáætlunar um breytingu vísitölu neysluverðs á milli ára. Fjárheimildum fagsviða verði breytt í samræmi við eftirfarandi:

- Hækkun/lækkun sem nemur breytingu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar á milli ára.
- Hækkun/lækkun sem nemur mismun áætlaðrar leigu liðins árs og raun.

2) Hér er vísað m.a. í innkaupareglur, kjarasamninga, vinnurétt og reikningsskilareglur.

Nóvember

- Borgarstjórn fjallar um frumvarp að fjárhagsáætlun, starfsáætlun og fimm ára áætlun.
- Fjármálaskrifstofa rýnir forsendur fjárhagsáætlunar m.v. þjóðhagsspá, frumvarp að fjárlögum og áform um skattalagabreytingar.
- Borgarráð metur hvort tilefni er til að endurskoða frumvarp að fjárhagsáætlun vegna breyttra forsenda.

Desember

- Borgarstjórn afgreiðir frumvarp að fjárhagsáætlun, starfsáætlun og fimm ára áætlun.

4. Framkvæmd fjárhagsáætlunar

4.1 Meðferð fjárheimilda innan rekstrarársins

- Sviðsstjóri ber ábyrgð á rekstri sviðsins og leitar hagkvæmustu leiða við rekstur þess innan marka fjárheimilda, starfsáætlunar og stefnumörkunar fagráðs um þjónustu á sviðinu. Í umboði sviðsstjóra felst sjálfstæði til að skipuleggja reksturinn sem best innan heimilda fjárhags- og starfsáætlunar.
- Borgarráð getur heimilað sviðsstjóra að færa fjárheimildir milli kostnaðarstaða, enda samræmist það stefnumörkun í málaflokknum og lögum.
- Sviðsstjóra er heimilt í samráði við fjármálastjóra að færa fjárheimildir skilgreindra safnliða (endurúthlutun) til undirstofnana, enda samræmist það stefnumörkun í málaflokknum og lögum. Þessi ráðstöfun skal kynnt í hlutaðeigandi fagráði og borgarráði.

4.2 Breyttar rekstrarforsendur innan rekstrarársins

- Verði verulegar breytingar á rekstrarforsendum innan ársins skal fjármálastjóri meta heildaráhrif á rekstrarniðurstöðu borgarinnar á grundvelli kostnaðarmats sviða eða sérfræðiskrifstofa og kynna borgarstjóra.
- Borgarstjóri getur falið sviðsstjórum og sérfræðingum að gera tillögur til sín um hvernig hægt er að bregðast við breyttum rekstrarforsendum. Borgarstjóri leggur fram í borgarráði tillögu um breytingu á fjárhagsáætlun ef þurfa þykir.

4.3 Færsla fjárheimilda á milli ára

- Almennt færist rekstrarafgangur á sviði/stofnun á milli ára ef rekja má rekstrarafgang með skýrum hætti til góðrar fjármálastjórnunar en ekki ytri áhrifavalda, frestunar verkefna, manneklu eða þjónustufalls. Sviðsstjóri gerir tillögur til borgarstjóra um færslu afgangis til ráðstöfunar í tiltekið skilgreint verkefni. Borgarstjóri leggur fyrir borgarráð tillögu um ráðstöfun hagnaðar ef verkefnið er í samræmi við stefnumörkun borgarinnar um þjónustu við borgarbúa og ekki komi til að sérstakar fjárhagsástæður borgarsjóðs kalli á annað. Samþykktum afgangi skal ráðstafað innan næstu tveggja rekstrarára og skal áætlað fyrir ráðstöfun afgangis.
- Rekstrarhalli á sviði/stofnun færist sömuleiðis milli ára ef rekja má hann til lakrar fjármálastjórnunar eða ef sviðsstjóri hefur ekki gert borgarráði tímanlega grein fyrir aðstæðum og gert viðeigandi ráðstafanir. Borgarstjóri leggur fyrir borgarráð tillögu um að slíkur halli verði fluttur á milli ára. Almennt skal miða við að svið/stofnun endurgreiði slíkan halla á tveimur árum og skal áætlað fyrir því hvernig honum skuli mætt.
- Ef rekja má rekstrarhalla til ytri áhrifavalda sem sviðsstjóri hefur gert borgarráði tímanlega grein fyrir og ekki var talin ástæða til eða mögulegt að draga á móti úr kostnaði við starfsemina, færist hann ekki á milli ára.
- Sviðsstjóri setur nánari reglur á sínu sviði um færslu afgangis/halla á grundvelli ofangreindra reglna og gerir grein fyrir þeim í starfsáætlun sviðsins.

5. Eftirlit og árangursmiðuð fjármálastjórn

- Borgarstjóri og aðrir stjórnendur í umboði hans bera ábyrgð á daglegum rekstri borgarinnar.
- Markmið fjármálastjórnunar er að öll svið og stofnanir gæti ítrustu kostnaðarhagkvæmni í rekstri og ástundi árangursmiðaða fjármálastjórn.
- Fjármálastjóri skal fylgja eftir fjárhagsáætlun með reglubundnum reikningsskilum og frávikagreiningu. Fjármálastjóri kynnir borgarstjóra mánaðarlega rekstraryfirlit. Þegar árshlutauppgjör og rekstrarniðurstaða ársins liggja gerir fjármálastjóri borgarráði grein fyrir rekstri, fjárfestingum og frávikum frá áætlun.
- Sviðsstjóri skal fylgjast með tækifærum til umbóta í rekstri og hafa frumkvæði að því að innleiða þau til að bæta þjónustu, auka skilvirkni og lækka kostnað. Sviðsstjóri skal skilgreina árangursmælikvarða fjármálastjórnunar á sínu sviði í starfsáætlun. Sviðsstjóri skal a.m.k. einu sinni á ári fara yfir lykiltölugreiningu á rekstri og ræða tækifæri til umbóta á rekstri við stjórnendur á sviðinu, með það að markmiði að bæta þjónustu, auka skilvirkni og lækka kostnað. Sviðsstjóri gerir borgarstjóra reglubundið grein fyrir hvernig þjónustumarkmiðum er náð innan ársins og ytri og innri áhrifavöldum á rekstur sviðsins. Sviðsstjóra ber að bregðast við frávikum sem birtast í mánaðarlegum skýrslum með viðeigandi hætti með það að markmiði að halda rekstrinum innan samþykkrar fjárhagsáætlunar og í samræmi við markmið og áherslur í starfsáætlun ársins.
- Innri endurskoðun leggur mat á virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttar með áherslu á úrbætur á vinnuferlum og breytingar sem til framfara horfa. Greinargerð Innri endurskoðunar skal lögð fram eigi síðar en við framlagningu ársreiknings.

Samþykkt í borgarráði 9. febrúar 2012

Viðauki 1: Ferlalysing

JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
BORGARSTJÓRI	FAGRÁÐ	FAGRÁÐ	SVIÐ / SKRIFSTOFUR	SVIÐ/SKRIFSTOFUR	BORGARSTJÓRI
BORGARRÁÐ felur fagráðum og sviðum að hefja undirbúning fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar. SAMRÁÐSFUNDUR: Formenn fagráða og lykil stjórnendur hefja undirbúnings og greiningarvinnu. BORGARSTJÓRI kynnir sérstaka ábendingargátt á Betri Reykjavík fyrir starfsmenn og íbúa	VINNUDAGAR FAGRÁÐA: Áherslur og forgangsröðun rýnd á grundvelli gildandi stefnumótunar og gildandi fimm ára áætlunar. FER: Þarfagreining vegna fjárfestinga-áætlunar, greining á valkostum og mat á þeim. Ábendingar frá almenningi og starfsmönnum kynntar fagráðum, sviðum og skrifstofum.	FAGRÁÐ vinna úr ábendingum íbúa og starfsmanna og afgreiða tillögu að áherslum og forgangsröðun. SVIÐSSTJÓRAR skila listum yfir tækifæri til sparnaðar/hagræðingar, skuldbindingar, tækifæri og áhættur, ásamt áherslum ráðsins og forgangsröðun í málaflokknum.	SVIÐ / SKRIFSTOFUR: Vinna fyrstu drög að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun. FER skilar drögum að fjárfestingaáætlun til næstu fimm ára, valkostum og mati á þeim.	FAGRÁÐ: Fyrstu drög að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun kynnt í fagráðum. SVIÐ / SKRIFSTOFUR: Skila til borgarstjóra og borgarráðs fyrstu drögum að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun, ásamt fjárfestingaáætlun.	HÖFÐAFUNDUR borgarstjóra: Borgarstjóri kynnir drög að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun fyrir borgarfulltrúum og æðstu embættismönnum. Rætt um efnahagsforsendur. Rætt um markmið og leiðir.
JÚNÍ (frh)	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER
BORGARRÁÐ	FAGRÁÐ	SVIÐ / SKRIFSTOFUR	BORGARRÁÐ	BORGARSTJÓRN	BORGARSTJÓRN
BORGARRÁÐ: Staðfestir tekjuforsendur og aðrar forsendur fjárhagsáætlunar. BORGARRÁÐ: Úthlutar fjárhagsrömmum. SVIÐUM /SKRIFSTOFUM falið að útfæra fjárhags- og starfsáætlun á grundvelli rammaúthlutunar.	STARFSDAGAR FAGRÁÐA: Fagræð staðfesta áherslur og forgangsröðun. SVIÐ / SKRIFSTOFUR útfæra fjárhags- og starfsáætlun og fimm ára áætlun.	Fagræð staðfestir að drög að starfs- og fjárhagsáætlun séu í samræmi við ákvarðanir fagræðs um áherslur og forgangsröðun og markaða stefnu í málaflokknum. SVIÐ / SKRIFSTOFUR kynna lokadrög að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun fyrir fagræðum og skila til borgarstjóra og borgarráðs.	BORGARRÁÐ leggur fram frumvarp að fjárhagsáætlun ásamt fimm ára áætlun fyrir borgarstjórn fyrir 1. nóv. Starfsáætlanir sviða kynntar í fagræðum. Starfs- og fjárhagsáætlanir sviða kynntar í borgarráði. BORGARSTJÓRN: Fyrri umræða.	BORGARSTJÓRN: Ræðir frumvarp að fjárhagsáætlun ásamt starfsáætlun og fimm ára áætlun.	BORGARSTJÓRN afgreiðir frumvarp að fjárhagsáætlun ásamt starfsáætlun og fimm ára áætlun fyrir 15. des

Viðauki 2: Nánar um ábyrgð og verkaskiptingu:

Borgarstjórn

- Ræðir frumvarp að fjárhags- og starfsáætlun við tvær umræður og afgreiðir.
- Ræðir frumvarp að fimm ára áætlun við tvær umræður og afgreiðir.
- Afgreiðir tillögur frá borgarráði um ákveðnar gjaldskrárbreytingar ss. sorphirðu- og hundaeftirlitsgjöld.

Borgarráð

- Afgreiðir reglur um fjárhagsáætlun.
- Ræðir og vísar frumvarpi að fjárhagsáætlun til fyrri umræðu í borgarstjórn og fjallar um breytingartillögur við það milli umræðna í borgarstjórn.
- Ræðir og vísar frumvarpi að fimm ára áætlun til fyrri umræðu í borgarstjórn og fjallar um breytingartillögur við það milli umræðna í borgarstjórn.
- Afgreiðir tillögur um gjaldskrár og breytingar á þjónustu með fjárhagsáætlun.
- Afgreiðir starfsáætlanir.

Borgarstjóri

- Ber stjórnsýslulega ábyrgð á undirbúningi fjárhagsáætlunar.
- Ber stjórnsýslulega ábyrgð á undirbúningi fimm ára áætlunar um rekstur, framkvæmdir og fjármál.
- Leggur fyrir borgarráð tillögur að reglum um fjárhagsáætlun.
- Leggur fyrir borgarráð frumvarp að fjárhagsáætlun.
- Leggur fyrir borgarráð frumvarp að fimm ára áætlun.
- Leggur fyrir borgarráð tillögur að gjaldskrár, fasteignagjöldum og útsvari.

Fagráð

- Hefur það meginhlutverk að undirbúa stefnumótun og helstu áherslur borgarstjórnar í málaflokknum.
- Fagráð staðfestir að drög að starfs- og fjárhagsáætlun séu í samræmi við ákvarðanir fagráðs um áherslur og forgangs röðun og markaða stefnu í málaflokknum.
- Fagráð hefur eftirlit með því að rekstur sviðsins sé í samræmi við markaða stefnu, fjárhags- og starfsáætlun. Sviðsstjóri leggur reglubundið fyrir fagráð upplýsingar um rekstur sviðsins. Fagráð getur kallað eftir viðbótarupplýsingum eftir því sem með þarf.

Sviðsstjóri

- Skoðar rekstrarforsendur næsta árs á grundvelli fimm ára áætlunar og metur hvort tilefni sé til að gera tillögur til borgarstjóra um breytingar.
- Gerir drög að fjárhagsáætlun m.v. forsendur fjármálaskrifstofu um áætlað verðlag, launakjör, gjaldskrár og stefnumótun fagráða í samstarfi við fjármálaskrifstofu.
- Kynnir fyrir fagráði tillögur að drögum að frumvarpi að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun, ásamt starfsáætlun.
- Kynnir frumvarp að fjárhagsáætlun sviðs og starfsáætlun sviðsins í borgarráði ásamt formanni fagráðs.
- Ber ábyrgð á að rekstur sviðsins sé innan fjárheimilda og í samræmi við markaða stefnu og samþykta starfsáætlun og gerir grein fyrir rekstrarstöðu sviðsins eftir árshlutauppgjör í fagráði og borgarráði.

Fjármálastjóri

- Fjármálastjóri fer með undirbúningi frumvarpa að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun.
- Hefur yfirumsjón með fjármálastjórnun, fjárhagsáætlunargerð, bókhaldi, fjárreiðum, innheimtum, lánamálum og reikningsskilum Reykjavíkurborgar.
- Hefur eftirlit með að rekstur sviða sé í samræmi við samþykta fjárhagsáætlun og starfsáætlun.
- Ber ábyrgð á að taka saman og kynna með reglubundnum hætti rekstrarupplýsingar og frávikagreiningar.

Fagsvið

ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

Leiðarljós


Borgarbúum sé sköpuð jákvæð umgjörð til íþróttar- og tómstundaiðkunar þar sem gleði, sköpunarkraftur, fjölbreytileiki, fagmennska og virðing ríkir.

Fjárhagsáætlun 2013

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2013
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	917.094
Rekstrartekjur samtals	917.094
Laun og launatengd gjöld	1.331.939
Annar rekstrarkostnaður	5.135.082
Rekstrargjöld samtals	6.467.021
Rekstrarniðurstaða	5.549.928

Starfsmenn	2013
Fjöldi starfsmanna	395
Fjöldi stöðugilda	214
Fjöldi starfsmanna - íþróttamál	224
Fjöldi starfsmanna á öðrum starfsstöðum	171

Skipurit



Hlutverk Íþróttar- og tómstundasviðs

- ◆ Veita þjónustu sem er aðgengileg og einkennist af fordómaleysi og umhyggju.
- ◆ Stuðla að virkri þátttöku borgarbúa í starfsemi þar sem í fyrirrúmi er vellíðan, heilbrigði, upplifun og þroskandi viðfangsefni.
- ◆ Eiga gott samstarf við íþróttar- og æskulýðsfélög, önnur svið borgarinnar og aðra aðila sem koma að þjónustu við íbúa borgarinnar.
- ◆ Tryggja að öryggi í starfsemi ÍTR sé í fyrirrúmi
- ◆ Efla og þróa fagumhverfi í þjónustu ÍTR.
- ◆ Búa starfsfólki gott umhverfi til að dafna og þróast í starfi.



Megináherslur 2013 - breytingar frá fyrra ári

Á vegum ÍTR er rekstur 6 sundlauga, Hins Hússins, siglingaklúbbsins Sigluness, Ylstrandar, Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, íþróttamannvirkja, skíðasvæða og fleira. ÍTR hefur umsjón með styrkveitingum til íþróttta- og æskulýðsfélaga, Frístundakortinu, samskiptum við íþróttta- og æskulýðsfélög og samtök þeirra. Á undanförunum misserum hafa verið gerðir nokkrir þjónustusamningar við íþróttafélög um rekstur íþróttamannvirkja sem áður voru hjá ÍTR.

Árið 2012 hófst viðamikil áætlun um nýframkvæmdir og viðhald á mannvirkjum ÍTR. Unnið var að uppbyggingu nýs hjólabrettagarðs í Laugardal, eimbað var tekið í notkun á Ylströndinni, gervigrasvöllur og grasæfingasvæði á athafnasvæði Fram í Úlfarsárdal auk félags- og búningsaðstöðu í Leirdal fyrir Fram og íbúa Grafarholts. Af framkvæmdum í sundlaugunum má nefna miklar endurbætur í Laugardalslaug, uppsetningu klórframleiðslutækja í Sundhöllinni, Laugardalslaug og Breiðholtslaug, nýtt eimbað í Grafarvogslaug, nýjan nuddpott og eimbað við Árbæjarlaug. Framhald verður á þessari áætlun á nýju ári en fyrirhugaðar eru framkvæmdir við nýtt eimbað í Breiðholtslaug, endurbygging búningssklefa í Laugardalslaug, nýr nuddpottur og barnaleiksvæði við Vesturbæjarlaug, endurbætur á bað- og búningssklefum í Sundhöllinni og Vesturbæjarlaug. ÍTR leggur á það áherslu að framkvæmdir við mannvirki valdi sem minnsti röskun á venjubundinni starfsemi og borgarbúar upplifi aukin þjónustugæði að þeim loknum.

Starfsemi ÍTR snýr að stærstum hluta að almennri þjónustu við borgarbúa í íþróttta- og tómstundamálum og stuðningi við þau félög og samtök sem standa fyrir slíkri starfsemi. Á árinu 2012 hefur verið unnið að stefnumótun í fjölmörgum málaflokkum sem varða þjónustuhlutverk og framtíðarsýn ÍTR. Í þeirri vinnu hefur náð samráð verið milli hagsmunaaðila innan borgarkerfisins og einnig við félög og samtök sem í hlut eiga. Í þessu tilliti má nefna stefnumótun í íþróttamálum í Reykjavík til 2020, jafnréttisáætlun íþróttafélaga, innleiðingu kynjaðrar fjárhagsáætlunar, mótun framtíðarsýnar fyrir sundlaugarnar, upplýsingatæknimál, málefni 16 ára og eldri, málefni fatlaðra ungmenna, forvarnamál og atvinnumál. Miklar væntingar eru til breytinga sem skýr stefnumótun leiðir af sér. ÍTR leggur sem fyrr áherslu á að með öflugum samráði og samstarfi í hverfum borgarinnar skapist vettvangur verkefna og sóknarfæra sem knúin eru áfram af vilja fólksins sem þar býr og starfar. Áhrif stefnumótunar á hlutverk ÍTR, þróun starfsemi og samskipti við ólíka hagsmunaaðila munu koma skýrar fram á næstu mánuðum. Virk þátttaka starfsfólks ÍTR við að móta hlutverk og þjónustu ÍTR hefur verið ómetanleg og lykilatriði við að hrinda góðum málum í framkvæmd.

Skipting rekstrar 2013



Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri

	2009	2010	2011*	Útkomu- spá 2012	Áætlun 2013
Starfsmannamál**					
Fjöldi starfsmanna (ársverk)	1.208	1203	311	311	395
Fjöldi stöðugilda	518	538	187	177	214
Fjöldi starfsmanna á sviði íþróttamála	213	204	160	160	224
Fjöldi starfsmanna sem vinna annarsstaðar hjá ÍTR	119	131	91	91	171
Karlar	121	127	89	89	208
Konur	92	77	71	71	187
Heildarfjöldi starfsmanna	1.182	1.240	251	251	395
Aðsóknartölur					
Aðsókn að sundstöðum ÍTR í þús	1.834	1.900	1.792	1.800	1.800
Aðsókn að Ylströnd í þús	453	472	414	470	470
Aðsókn að Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í þús	187	190	194	170	160
Börn á námskeiðum í Húsdýragarði	200	207	229	229	229
Kennsla í Húsdýragarði og Vísindaveröld, fjöldi nemenda		4.452	4.800	4.800	6.800****
Börn á námskeiðum í siglingaklúbbnum Siglunesi	328	337	320	513	500
Rekstrartölur					
Heitt vatn í þús. rúmmetra alls ÍTR***	1.537	1.616	1.650	1.650	1.801
Kalt vatn í þús. rúmmetra alls ÍTR	737	784	765	790	800
Raforkunotkun í þús. kílóvattastunda alls ÍTR	6.071	6.183	5.900	6.000	6.050
Frístundakortið - ráðstöfun					
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	64%	68%	75%	78%	81%
- Stelpur		73%	77%	80%	81%
- Strákar		69%	73%	76%	78%
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	71%	76%	77%	86%	90%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	77%	75%	85%	86%	88%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	63%	66%	74%	75%	77%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	42%	46%	55%	57%	58%
Frístundakortið - skráning í starfsemi félaga					
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	74	79%	87%	88%	89%
- Stelpur			87%	88%	89%
- Strákar			86%	87%	88%
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	80%	92%	99%	99%	99%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	86%	87%	93%	96%	97%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	75%	79%	85%	86%	86%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	55%	62%	66%	67%	68%
Fjöldi félaga með aðild	143	170	203	214	218

*Magntölur frá því fyrir stjórnsýslubreytingar

**Unnið er að nýrri framsetningu lykiltalna fyrir starfsmannamál

***Inn í magntölur árána 2010 og 11 vantar 3 gervigrasvelli sem voru á kennitölu FER

**** Nemendafjöldi var til 2012 aðeins miðaður við kennslu í Húsdýragarði

Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri, frh.

	2009	2010	2011	Útkomu- spá 2012	Áætlun 2013
Frístundakorti ráðstafað til íþróttafélaga			46%	50%	52%
Frístundakorti ráðstafað til lista- og menningarstarfsemi			18%	19%	19%
Frístundakorti ráðstafað til æskulýðsfélaga			2%	3%	3%
Frístundakorti ráðstafað til annars félagsstarfs			14%	15%	15%
Styrkir til félaga					
Rekstrarstyrkir	260.954	243.918	227.227	242.578	263.560
Húsaleigustyrkir	535.823	484.449	477.681	490.153	613.649
Greiðsla vegna mannvirkja	650.960	690.981	828.212	872.902	908.925
Aðrir styrkir	54.500	59.000	57.600	49.100	65.600
Byggingastyrkir	320.000	46.800	45.000	49.000	116.599
Styrkir ráðsins	25.000	15.000	10.000	10.000	10.000
Sumarráðningar ungs fólks					
Fjöldi ráðinn af íþrótt- og æskulýðsfélögum	147	210	231	180	
Fjöldi ráðinn af starfsstöðum ÍTR	108	251	278	315	
Fjöldi umsækjenda um sumarstörf	2.623	4.311	5.116	4.403	
Heildarfjöldi ráðinna	1.411	1.524	1.947	1.577	
Fjöldi á atvinnutengdum námskeiðum í Hinu Húsinu	63	147	81	150	
Hitt Húsið					
Fjöldi viðburða	437	442	466	902	900
Fjöldi virkra í viðburðum	6.424	6.550	6.681	18.673	18.000
Aðsókn að viðburðum í Hinu Húsinu í þús.	87.727	88.664	92.373	80.696	90.000
Innlit á vefsíðu Tótal ráðgjafar og Áttavitans	4.059	4.774	6.000	24.049	25.000
Fyrirspurnir á vefsíðu Tótal ráðgjafar og Áttavitans (frá 2012)	465	281	370	457	500
Húsnæði og vellir					
Fermetrar í innri leigu		60.075	60.075	60.075	60.075
Fermetrar í leigu hjá öðrum	31.925	31.925	35.690	35.690	35.690
Fjöldi fermetra á grasvöllum	295.368	295.368	302.743	310.743	310.743
Fjöldi fermetra á gervigrasvöllum	47.900	55.900	55.900	63.000	63.000

Skorkort 2013

Velgengispættir	Mælikvarðar	Raun 2011	Áætlun 2012	Áætlun 2013
Þjónusta				
Jákvæð umgjörð íþróttar – og tómstundastarfs	Fjöldi gesta í sundlaugum (í þús.)	1.771.000	1.812.000	1.850.000
	Fjöldi 6—18 ára skráður í starfsemi félaga / frístundakortskerfið	87%	88%	89%
Hvatning og stuðningur við ungt fólk	Hlutfall barna og unglinga sem nýta Frístundakortið	75 / 71%	78%	81%
Öryggi og gæði	Hlutfall starfsmanna sem þekkir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar vel	75%**	86%***	80%
Fjármál				
Góð og hagkvæm stýring og nýting fjármuna	Álagning í sölustarfsemi	50%	50%	50%
	Innheimtuhlutfall krafna	98%	99%	99%
Styrkar undirstöður fjárhagsáætlunar	Fjárhagsáætlun vs. raun %	+/- 1%	+/- 1%	+/- 1%
Verklag				
Skýrir verkferlar	Fjöldi verkferla á innri vef*	(50)	30	30
	Hlutfall starfsmanna sem eru sammála að vinnustaðurinn sinn leggi áherslu á gæði í störfum og þjónustu	88%**	89%***	90%
Aðgengilegar upplýsingar	Hlutfall sem fær nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/ eða vinnustað	80%**	70%***	80%
	Fjöldi innlita á vefsíður ÍTR á viku*	(7000)	4274	5000
	Hlutfall starfsmanna sem notar innri vef borgarinnar nokkrum sinnum í mánuði eða oftar	50%**	59%***	60%
Gott ástand mannvirkja og útivistarsvæða	Hlutfall viðhaldsverkefna og úttekta sé lokið innan við-miðunartíma	80% lokið	90% lokið	95%
Virkt samstarf og samráð við hagsmunaaðila	Fjöldi styrkhæfra samstarfsverkefna	37	40	25
Mannauður				
Eftirsóknarverður starfsvettvangur og hvetjandi umhverfi	Hlutfall starfsmanna sem telja vinnuaðstöðu sína góða	88%**	63%***	80%
	Hlutfall starfsmanna sem telur sig búa við starfsöryggi	84%**	71%***	80%
	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi	91%**	81%***	85%
Hæft og áhugasamt starfsfólk	Hlutfall starfsmanna sem hafa fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mán.	70%**	69%***	70%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum	78%**	56%***	75%
	Hlutfall starfsmanna sem þekkir markmið og stefnu vinnu-	92%**	85%***	85%
Árangursríkir sjórn-	Hlutfall starfsmanna sem telur ákvarðanir á sínum vinnu-	85%**	71%	80%

* Árið 2011 er að hluta fyrir stjórnsýslubreytingar.

** Byggir á gögnum 2009.

*** Byggir á gögnum 2011.

MENNINGAR– OG FERÐAMÁLASVIÐ

Leiðarljós:

Reykjavík eflist sem höfuðborg menningar í landinu; alþjóðleg borg með frjóu listalífi, fjölbreyttu mannlífi og öflugri ferðaþjónustu. Menningarbragur borgarinnar styrki sjálfsvirðingu og treysti samkennd allra landsmanna og laði til sín gesti allt árið um kring. Sérstaða Reykjavíkur sem hreinnar og nútímalegrar menningarborgar í nábýli við einstæða náttúru sé þekkt og virt.




Fjárhagsáætlun 2013

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2013
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	239.210
Rekstrartekjur samtals	239.210
Laun og launatengd gjöld	868.427
Annar rekstrarkostnaður	2.856.521
Rekstrargjöld samtals	3.724.948
Rekstrarniðurstaða	3.485.738

Starfsmenn	2013
Fjöldi starfsmanna	211
Fjöldi stöðugilda	144,7
Eftir skrifstofum	
Borgarbókasafn Rvk	74,4
Listasafn Reykjavíkur	20,8
Minjasafn Reykjavíkur	17,6
Höfuðborgarstofa	11,0
Menningarm.Gerðuberg	7,8
Ljósmyndasafn Rvk	5,0
Skrifstofa sviðs	4,8
Sérverkefni	2,0
Viðey	1,3

Skipurit



Hlutverk

Hlutverk sviðsins er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Það hefur yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur, Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs, Minjasafns Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu. Umsjón starfsemi í Viðey, Reykjavíkur—Bókmenntaborgar UNESCO og þverfaglegs starfs um barnamenningu er vistuð á skrifstofu sviðsins. Stofnanirnar starfa samkvæmt samþykktum Reykjavíkurborgar og lögum og reglugerðum á hverju sviði. Sviðið hefur jafnframt umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Menningar- og ferðamálasvið sér um samninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyra.


Megináherslur 2013 - breytingar frá fyrra ári

Gestrisin borg er yfirskrift menningar- og ferðamálasviðs árið 2013. Árið markar skemmtileg tímamót í starfi þriggja stofnana sviðsins þar sem Borgarbókasafn Reykjavíkur fagnar 90 ára afmæli, Listasafn Reykjavíkur minnst þess að 40 ár eru liðin frá því að myndlistin eignaðist heimili á Kjarvalsstöðum og Menningarmiðstöðin Gerðuberg heldur upp á 30 viðburðarár. Það er því sérstakt tilefni til þess að bjóða af rausnarskap í bæinn og munu starfsmenn Menningar- og ferðamálasviðs taka einstaklega vel á móti gestum - hvort sem þeir koma í leit að fróðleik, listupplifun, afþreyingu eða til að fá sköpunargleði sinni útrás. Aðgerðir sem unnið er að í kjölfar nýrrar ferðamálastefnu styrkja einnig gestrisni borgarinnar á margvíslegan hátt og gera Reykjavík að eftirsóttum áfangastað ferðamanna allt árið um kring.

Rekstur

Menningar- og ferðamálasvið leggur ríka áherslu á að finna hagkvæmstu leiðir í rekstri og styrkja eftir fremsta megni öflun sérteknra stofnana sviðsins. Rekstur og starfsemi sviðsins hefur óhjákvæmlega litast verulega af þröngri stöðu í íslensku efnahagslífi og því sérstaklega ánægjulegt að í fyrsta sinn um árabíl sé gert ráð fyrir vísitölubótum á rekstur. Breytingar á gjaldskrár stofnanna taka mið af gjaldskrárstefnu Reykjavíkurborgar, sanngirni og að borgarbúar njóti hagkvæmni stærðar Reykjavíkur. Þannig verður áfram unnið að því að efla Menningarkort Reykjavíkur og leitað leiða til að nýta sem best kaupmátt erlendra ferðamanna á stofnunum sviðsins. Styrkir og framlög til menningarstarfs í Reykjavík vega sífellt þyngra í ramma Menningar- og ferðamálasviðs og er það fyrst og fremst með tilkomu Hörpu og hækkunar á framlögum til LR í Borgarleikhúsi. 51 % af fjárhagsramma ársins verður því varið til styrkja og samninga, en 43 % af fjárhagsramma verður varið til rekstrar stofnana sviðsins.

Skipting rekstrar




■ Stjórnun sviðs

■ Stofnanir sviðs

■ Styrkir og samstarfssamningar

■ Annað

Stofnanir sviðs



■ Borgarbókasafn Reykjavíkur

■ Listasafn Reykjavíkur

■ Minjasafn Reykjavíkur

■ Höfuðborgarstofa

■ Menningarmiðstöðin Gerðuberg

■ Viðey

■ Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO

Árið 2013 verður haldið áfram að bæta við og þróa bókmenntamerkingar, skáldabekki og aðra miðlun orðlistar í borgarlandinu. Samstarfi við Símann um rafræna bókmenntamiðlun verður fram haldið og kappkostað að vera í takti við nýjustu tækni á þessu sviði. Vonir standa til að *Lestrarhátíð í Reykjavík* verði árlegur viðburður sem standi allan októbermánuð og að hún festi sig í sessi sem mikilvægasta einstaka lestrarhvetjandi verkefni ársins. Í september verður Alþjóðlega bókmenntahátíðin í Reykjavík haldin og í sama mánuði verður alþjóðáþing PEN einnig haldið í borginni og er Bókmenntaborgin helsti samstarfsaðili að þessu stóra þingi, sem haldið verður í Hörpu. Nýmæli hjá Bókmenntaborginni verður samvinna við Listahátíð í Reykjavík og aðkoma að viðburðum sem tengjast framlagi erlendra kvenna til íslenskrar menningar. Samstarf verður áfram við Goethe stofnun, sem býður þýskum höfundum dvöl í Reykjavík, samvinna við Bókmenntaborgina Dublin að undirbúningi verkefnis sem tengir saman bókmenntir landanna árið 2014 og þátttaka í pólsk-íslensku bókmenntaverkefni.


Barnamenning

Framhald verður á margvíslegu skapandi samstarfi milli Menningar- og ferðamálasviðs og Skóla og frístundasviðs (SFS) með sameiginlegum verkefnastjóra barnamenningar og verkefnum sem hvetja til lista- og menningarstarfsemi í skólaumhverfinu. Tónvísindasmiðjurnar Biophilia, samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Bjarkar Guðmundsdóttur heldur áfram. Aðal áherslan árið 2013 er að þróa nýja kennsluhætti þar sem tónlist, vísindi, tækni og fleiri námsgreinar eru samþættar og sköpun notuð sem rannsóknaraðferð. Menningarfáni Reykjavíkurborgar, þróunarverkefni sem hvetur til menningarstarfsemi á leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum, verður veittur í annað sinn. Verkefnastjóri gegnir mikilvægu hlutverki sem tengiliður Skóla- og frístundasviðs við menningarstofnanir. Barnamenningahátíð verður ár-viss viðburður og uppskeruhátíð barnamenningar í borginni.


Fjölmenning

Stofnanir sviðsins leggja æ meiri áherslu á fjölmenningarverkefni og samstarf um þau og virkja fjölmenningarsamfélagið til þátttöku í menningarlífinu. Litskrúðug fjölmenning á sinn þátt í fjölbreytileika Menningarnætur, Barnamenningarhátíðar og Heimsdags barna í Gerðubergi, sem leggur sérstaka áherslu á samþættingu barnamenningar, fjölmenningar og alþýðumenningar. Borgarbókasafn Reykjavíkur með sérstakan verkefnastjóra fjölmenningar er í fararbroddi og hinum fjölmörgu fjölmenningarverkefnum safnsins vex stöðugt fiskur um hrygg. Listasafn Reykjavíkur kynnir hús sína og starfsemi á ýmsum tungumálum og verður sem fyrr með sýningar eftir listamenn af erlendum uppruna og fræðslustarf þeim tengt. Það sama á við um Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Minjasafnið tekur á móti fjölda nemenda í tungumálanámi og fræðslu fyrir Íslendinga af erlendum uppruna, bæði í Árbæjarsafni og Landnámssýningunni, þar sem þegar er komin hljóðleiðsögn á 14 tungumálum og stefnir í fleiri. Safnið vinnur að nánara samstarfi við tungumálaskóla og fræðslusetur sem fara með mál innflytjenda.

Styrkir og samningar



Skipting gjalda



Styrkveitingar og framlög

Framlag Reykjavíkurborgar til Leikfélags Reykjavíkur er tvíþætt; annars vegar rekstrarstyrkur til starfsemi en hins vegar afnot LR af húseign og búnaði í Borgarleikhúsinu. Nýr samningur um framlagið tekur gildi í upphafi árs. Framlag til Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu er í raun endurgreiðsla á fjármögnun byggingarinnar en stærstu rekstrarstyrkirnir utan fyrrnefndra þátta fara til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listahátíðar í Reykjavík. Nýjar verklagsreglur um úthlutun styrkja menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar vegna styrkúthlutunar 2013 leggja grunninn að almennum styrkveitingum ráðsins. Þar er getið um ýmis styrkjaform eins og verkefnastyrki, styrki til almennrar liststarfsemi, skyndistyrki, Borgarhátíðasjóð og langtímasamninga sem borgarráð geti heimilað menningar- og ferðamálaráði að gera með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Viðurkenningar eins og Tónlistarhópur Reykjavíkur, Borgarlistamaður og Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar eru árlegir viðburðir. Borgarhátíðasjóður heldur áfram að eflast og færast samningar um hátíðirnar Gay Pride og Hestadaga nú yfir til sviðsins frá borgarráði. Sérstakar áherslur menningar- og ferðamálaráðs vegna styrkja 2013:

- Reykjavík sem bókmenntaborg – borg orðsins
- Börn og menningaruppeldi
- Samstarf eininga/stofnana/listgreina/listamanna að nýsköpunarverkefnum
- Fjölmennningarleg verkefni

Nýmiðlun

Starfshópur um nýmiðlun og upplýsingatækni frá 2012 leggur grunninn að bættri nýmiðlun á árinu 2013. Smærri vinnuhópar héldu utan um afmörkuð verkefni, s.s. val á nýju vefkerfi, fræðslu, fýsileika vefverslunar, gagnaöryggi og samvinnu við UTM. Unnið hefur verið markvisst að því að greina þarfir hvernar stofnunar á vél- og hugbúnaði auk fræðslu í miðlun. Unnið er að úrlausn þessara mála í samvinnu við UTM til að styðja betur við þá sem bera ábyrgð á kynningar- og fræðslumálum. Haustið 2012 var farið í umfangsmikla greiningu á heimasíðum og samfélagsmiðlum stofnananna. Lögð verður fram samræmd aðgerðaáætlun fyrir árið sem starfshópurinn mun sjá um að fylgja eftir. Snjallsímar og spjaldtölvur verða teknar í notkun og mikil áhersla verður lögð á lifandi myndefni og viðmót.

Erlent samstarf

Höfuðborgarstofa tekur vel á móti ferðamönnum, greiðir götu erlendra fjölmiðla, kynnir Reykjavík á erlendum mörkuðum og vinnur að markaðssetningu borgarinnar með samstarfsaðilum innan lands og utan, auk aðildar að alþjóðlegum samtökum ferðamála og viðburðahalds. Stjórnendur menningarstofnanna og sviðsins eiga aðild að alþjóðlegum samtökum hver á sínu sviði. Til að vera samkeppnisfær þarf alþjóðlega heildarsýn sem næst best með fræðsluferðum, kynnum og tengslum. Árangurinn verður svo sýnilegur með nýjungum í starfi, alþjóðlegum samstarfsverkefnum, sýningum, ráðstefnum og viðburðum ýmist hér á landi eða erlendis. Gott dæmi er sýning á verkum Kjarvals frá Listasafni Reykjavíkur í Þjóðarsafni Rússa í St. Pétersborg og á sama tíma sýning hér á ljósmyndum samtímamanns Kjarvals, Rússans Alexanders Rodchenko.

Stofnanir sviðsins



Borgarbókasafn Reykjavíkur

sýnir af sér gestrisni á 90 ára afmælisári sínu nú sem endranær. Helstu áherslur verða á stefnumótun, nýmiðlun, símenntun og fræðslu. Meginmarkmið og leiðarljós safnsins renna út í byrjun árs og verða endurskoðuð. Hafðar verða til hliðsjónar sviðsmyndir samráðs safnsins og stefnuskrá samstarfsverkefnisins Next Library við þá vinnu, auk menningarstefnu Reykjavíkurborgar.

Innra starf safnsins verður til sérstakrar skoðunar á árinu. Fræðsla og menntun starfsfólks verður í brennidepli og þá ekki síst á sviði nýmiðlunar. M.a. verður lögð áhersla á jafningjafræðslu í því samhengi. Leitað verður styrkja til utanfarar starfsfólks þar sem það mun kynna sér nýjungar á sviði almenningabókasafna.

Teknir verða upp tveir nýir þættir í Gegni; millisafnalánabáttur og aðfangabáttur. Þetta kallar á ný vinnubrögð og mun starfsfólk sækja námskeið og þjálfun vegna þessa. Einnig verður bætt við netspjalli á vefsetur safnsins.

Framsetning safnkosts verður skoðuð með það að leiðarljósi að koma betur til móts við óskir og þarfir gesta og einnig verður komið upp aðstöðu á söfnum fyrir hópa til að koma saman og sinna hugðarefnum sínum. Ný fjölmenningarverkefni líta dagsins ljós og bætast við þau sem fyrir eru hjá safninu.

Borgarbókasafn mun taka þátt í verkefninu Bergin í Breiðholti sem gengur út á að þjónusta Menningarmiðstöðvarinnar í Gerðubergi, frístundamiðstöðvarinnar í Miðbergi, lögubergs, Gerðubergssafns og félagsstarfsins í Gerðubergi verið heildstæðari, markvissari og samhæfðari. Einnig liggur fyrir tillaga um að safnið taki þátt í þriggja ára tilraunaverkefni í Norðlingaskóla um samrekstur skólasafns og Borgarbókasafns.



Listasafn Reykjavíkur

Á árinu stefnir safnið að því að gera upplýsingar um sýningasögu og listaverk í eigu þess aðgengileg í rafrænu formi á vefsíðu sinni á þann hátt að allur almenningur geti flett í gögnunum sér til ánægju og fræðslu um íslenska myndlist. Almennum safnkosti safnsins verður líka gerð skil í óvenjulegri og síbreytilegri sýningu, sem hefur það að markmiði að draga listaverkin öll fram í dagsljósið og gefa heildarmynd af safneigninni.

Stór sýning á verkum Kjarvals í eigu Listasafns Reykjavíkur verður á dagskrá Þjóðarsafns Rússlands í St. Pétursborg um haustið. Sýning á ljósmyndum eins mikilsverðasta listamanns Rússa, Alexanders Rodchenko, verður á sama tíma á Kjarvalsstöðum. Í Hafnarhúsi munu íslenskir áhugamenn um myndlist fá fyrsta tækifærið til að kynna list Roberts Smithsons hér á landi. Meðal íslenskra sýninga verður úttekt á gjörningalist Magnúsar Pálssonar í samstarfi við Listahátíð, sameiginleg innsetning Andreu Maack og Hugins Þórs Arasonar og stór yfirlitssýning yfir íslenska list frá u.þ.b. 1900 til 1950.

Áframhaldandi áhersla verður á fjölbreytta fræðsludagskrá og viðamikil samstarf verður um listræna viðburði, m.a. við Hönnunarmiðstöð Íslands, Iceland Airwaves, fjölmarga innlenda tónlistarhópa, Sinfóníuhljómsveit Íslands, LornaLAB og fleiri einstaklinga, samtök og hátíðir sem hafa skipað stóran sess í dagskrá safnsins til þessa.



Höfuðborgarstofa

ber ábyrgð á heildarkynningu Reykjavíkur á sviði ferðamála innanlands og utan og vinnur markvisst að því að skilgreina sóknarfæri og styrkleika Reykjavíkur á því sviði. Áherslur í ferða- og markaðsmálum 2013 taka mið af nýrri ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar 2011-2020, Styrkum stoðum, en þar er lagt upp úr áframhaldandi vörubróun og markaðssetningu á fjórum megin sviðum: Ráðstefnuborginni, Vetrarborginni, Menningarborginni, og Heilsuborginni. Unnið verður náið með Ráðstefnuborginni Reykjavík að ýmsum verkefnum tengdum funda- og hvataferðamarkaði. Mótun og þróun Jólaborgarinnar heldur áfram í enn öflugara samstarfi við ýmsa aðila. Lögð

verður áhersla á að fá fyrirtæki í ferðaþjónustu til samstarfs um að kynna betur starfsemi menningarstofnana. Samstarf verður við ÍTR um kynningu á sundlaugunum með það að markmiði að nýta betur jákvætt kynningargildi heita vatnsins og fjölgja gestum.

Samstarfsverkefnið Ísland allt árið til þriggja ára, sem Reykjavíkurborg tekur þátt í, hefur það að leiðarljósi að fjölga ferðamönnum utan háannar. Unnið verður að þróun markaðs- og söluáttak fyrir Gestakort Reykjavíkur m.a. með því að notendur kortsins geti keypt það beint í snjallsíma. Hafist verður handa við að endurskoða vörumerki og slagorð Reykjavíkur. Stefnt er að uppsetningu nýs ferðavefsvæðis í nýju vefumsjónarkerfi á árinu og að íslenski hluti vefsins verði fullkláraður. Sérstök áhersla verður lögð á að fá erlenda blaðamenn, þáttagerðafólk og kvikmyndagerðamenn til landsins í tengslum við ýmsa viðburði í samstarfi við Íslandsstofu og Ísland allt árið. Borgarhátíðir og stærri viðburðir verða kynntir sem hluti af Viðburðavertíð í Reykjavík - Reykjavík Festival Season sem hefst á Menningarnótt á hverju ári. Aðrir viðburðir skipulagðir af Höfuðborgarstofu eru Vetrahátíð, Barnamenningarhátíð, Menningarnótt, tendrun Friðarsúlu Yoko Ono og Aðventuhátíð.



Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Í ársbyrjun opnar sýning með myndum eftir Guðmund Ingólfsson; *Kvosin 1986 og 2011*, myndir sem sýna breytingu og þróun borgarskipulags á 25 ára tímabili. Um sumarið verður sýning á myndum eftir Spessa en þær koma úr myndaröð hans *Mótorhjól*. Þema haustsýningar verður *Náttúran í íslenskum bókmenntum*. Í *Fremra rými* verða þrjár sýningar og í *Skotinu* 6 sýningar. Rannsóknir á ljósmyndum eftir konur halda áfram.

Ljósmyndasafnið leggur til ljósmyndir í verkefni er tengist nýju hverfaskipulagi hjá Reykjavíkurborg. Safnið kemur að þýðingu á handbók um varðveislu safnkosts sem

Þjóðminjasafn Íslands stendur fyrir auk þess sem unnið er að sameiginlegri yfirlitssýningu með safnanna á ljósmyndum íslenskra kvenna 1870—2012 sem verður sett upp árið 2014.

Ljósmyndasafnið hefur hafið undirbúning ásamt UTM og fleirum að koma á sameiginlegum gagnagrunni fyrir ljósmyndir hjá Reykjavíkurborg. Í samstarfi við utanríkisráðuneytið og íslenska sendiráðið í Helsinki sótti Ljósmyndasafnið um að sýna samtímaljósmyndir í þekktasta og virtasta ljósmyndagallerí í Helsinki, Photogallery Hippolyte. Umsóknin fékk jákvæð viðbrögð og sýning á íslenskum samtímaljósmyndum opnar þar í júní 2013. Ljósmyndasafnið stýrir norrænni ljósmyndasýningu í Scandinavia House í New York. Norræni menningarsjóurinn styrkir verkefnið myndarlega. Verkefnið er unnið ásamt Fotomuseet í Odense, Finnish Museum of Photography í Helsinki, Moderna Museet í Stokkhólmi og Preus Fotomuseum í Horten í Noregi.



Menningarmiðstöðin Gerðuberg

Gerðuberg fagnar 30 ára afmæli á árinu 2013. Lagt hefur verið kapp á að skipuleggja fjölbreytta og áhugaverða dagskrá þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Í byrjun árs verður opnuð sýning á origami pappírslistaverkum eftir listamennina og hjónin Dave og Assia Brill. Gerðuberg tekur þátt í Hönnunarmars í fyrsta sinn með útskriftarsýningu Ólafs Helga Ólafssonar, Starina Couture. Viðburðaraðirnar sívinsælu á miðvikudagskvöldum, Handverkskaffi, Stefnumótakaffi, Heimspekikaffi og Bókakaffi

halda velli með spennandi viðfangsefnum. Þar má meðal annars fræðast um hamskurð, ferðalög um Marokkó, samískar bókmenntir og tónleikaferðalag tvíburasystranna í Pascal Pinon. Í byrjun mars fagnar Gerðuberg afmæli sínu með vandaðri tónlistardagskrá í umsjón Margrétar Bóasdóttur og barnafjölskyldum verður boðið á tvær kveðskaparsmiðjur; Krummi krunkar úti og Dans vil ég heyra, sem hafa átt miklum vinsældum að fagna meðal skólabarna. Sýningin Fuglar – Listin að vera fleygur boðar vorið í Gerðubergi. Þórunn Elísabet Sveinsdóttir myndlistarkona sér um sýningarstjórn. Margt áhugavert verður í boði fyrir börn og foreldra. Heimsdagur barna verður á dagskrá Vetrahátíðar í febrúar og börnum verður boðið á árlega Öskudagsgleði. Á Barnamenningarhátíð í apríl verða fuglar í aðalhlutverki en boðið verður upp á dagskrá sem tengist sýningarþema vorsins. Á haustmánuðum verður sett upp sýning um listrænar húðskreytingar þar sem leitast verður við að fá innsýn í tilhneigingu og þörf mannsins fyrir að skreyta líkama sinn. Erla María Árnadóttir myndskreytir sýnir teikningar sem einkennast af ljúfsætum óhugnaði. Kristín Steinsdóttir rithöfundur situr fyrir svörum á Ritþingi en hún er afkastamikill og margverðlaunaður höfundur.

Haldið verður áfram að vinna að verkefnum sem tengjast nýmiðlun og mörkuð verður stefna varðandi miðlun upplýsinga á veraldarvefnum í gegnum heimasíðu og samfélagsmiðla. Á afmælisárinu verður reynt að afla styrkja til að heimsækja erlend söfn og menningarmiðstöðvar til að sækja innblástur að viðburðadagskrá næstu ára sem og að efla enn frekar andann í starfsmannahópnum.



Minjasafn Reykjavíkur

Megináhersla í starfi Minjasafns Reykjavíkur er sem fyrr á verkefni er lúta að innra starfi; varðveislu, skráningu, rannsóknum og miðlun, sem felur í sér safnfræðslu og sýningar.

Unnið verður að endurbýggingu og viðhaldi safnhúsa í Árbæjarsafni og áfram að gerð sögulegra garða við safnhúsin. Unnið verður að gerð nýrrar grunnsýningar í húsinu Lækjargötu 4, þar sem þróun byggðar í Reykjavík verða gerð skil. Sýning á ljósmyndum Guðmundar Ingólfssonar úr Kvosinni verður haldin í samstarfið við Ljósmyndasafn. Í safnhúsum í Árbæjarsafni verður sérsýning sem kynnir þá byggingasögulegu rannsókn sem liggur til grundvallar endurgerð Hansenshúsi og önnur um hannyrðir tengdar íslensku þjóðbúningunum í Líkn.

Leikræn leiðsögn í Árbæjarsafni verður þróuð áfram. Leiðsögukort um Árbæjarsafn verður unnið með Íslendingum af erlendum uppruna. Safnið á sem fyrr í samstarfi við námsbraut í hagnýtri menningarmiðlun við H.Í. Samstarf verður við Heimilisiðnaðarfélag um sýningu og viðburði í tengslum við 100 ára afmæli félagsins. Efnt verður til samstarfsverkefnis á sviði samtímasöfnunar með Þjóðminjasafni og öðrum söfnun, Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands um rannsóknir á hóbýlaháttum og hversdagslífi.

Unnið verður að varðveislu menningarminja í borgarlandinu með skráningu, rannsóknum og miðlun með það að markmiði að auka aðgengi að upplýsingum um menningarminjar á vef safnsins og í Borgarvefsjá. Samstarf við LUKR landupplýsingarkerfi borgarinnar bætir aðgang almenninga að þekkingu um sögu borgarinnar og leiðir jafnframt til vandaðri stjórnsýslu. Fornleifaskráning fer fram í tengslum við skipulagsgerð og framkvæmdir. Húsakannanir verða unnar vegna hverfisSKIPULAGS og aðferðir við þá vinnu þróaðar og lagaðar að því skipulagsstigi.



Viðey

Viðey er margt; útivistareyja, listræn eyja, sögustaður, friðareyja. Áfram verður unnið að því að viðhalda og kynna fjölbreytileika og fegurð eyjunnar þannig að höfuðborgarbúar og allir aðrir gestir, innlendir sem erlendir, njóti sem allra best.

Stefnan er tekin á - Viðey allt árið - með mánaðarlegum tónleikum í eyjunni, gleðilegum eyjajólum, þorablóti, og ef snjó festir verður gönguskíðafólk sérstaklega boðið velkomið og brekkurnar við Viðeyjarstofu breytast í sleðabrekkur. Þetta ásamt Friðarsúlusiglingum á tímabilinu 9. október til 8. desember mun skapa líflega, en þó friðsæla, vetrareyju. Sumarstarfið verður fjölbreytt og með nokkuð hefðbundnu sniði. Skólabörnin verða áfram sérstaklega velkomin til Viðeyjar og fá fræðslu um sögu, listir, gróður og fugla, þriðjudagsgöngur eiga sinn fasta sess sem og ýmsir viðburðir og hátíðir um helgar.

Listaverkin í eyjunni eiga alla athygli skilið. Friðarsúla Yoko Ono er víðfræg en full ástæða er til að kynna betur verk Richards Serra. Einnig er stefnt að því að tengja merkan bókmenntaarf Viðeyjar við Reykjavík bókmenntaborg UNESCO. Viðey verður sjálfsagður áfangastaður ferðalanga sem áhuga hafa á menningu og listum. Þá verður hugað að bættu aðgengi fyrir hreyfihamlaða og sjónðapra og hefja á undirbúning við hönnun nýs og óvenjulegs leiksvæðis fyrir börn, sem eru stór hluti gesta Viðeyjar.

Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri

	Rauntölur 2009	Rauntölur 2010	Rauntölur 2011	Útkomu- spá 2012	Markmið 2013
Borgarbókasafn Reykjavíkur					
Gestafjöldi	698.133	684.987	656.087	628.000	630.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknnum	9.437	12.229	10.617	11.000	11.000
Fjöldi viðburða fyrir börn og fjölskyldur	38	47	48	45	40
Fjöldi gesta sem heimsóttu vefi BBS (meðaltal á mán) *	7.170	9.388	7.499	10.000	10.000
Fjöldi uppflettinga á vefi BBS (meðaltal á mán) **	48.240	55.102	33.752	54.000	55.000
Safnkostur	477.012	469.877	470.523	470.000	470.000
Safnkostur á íbúa	3,99	3,95	3,95	3,95	3,95
Velta safnkosts - útlán á eintak	2,46	2,45	2,35	2,35	2,35
Velta safnkosts - tónlist (eingöngu) útlán á eintak	3,5	3,01	2,64	2,64	2,64
Tölvur fyrir gesti	42	41	41	41	41
Afgreiðslustundir safnanna og bókaþís á viku	352	321	327	327	327
Afgreiðslustundir á ári	18.304	16.693	17.004	17.784	17.784
Afgreiðslust. Samstarfssafna í Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi á viku	88	83	80	80	80
Heildarhúsnæði í fermetrum - brúttó	6.726	6.726	6.622	6.622	6.622
Útlán	1.176.720	1.152.312	1.106.587	970.000	990.000
Útlán til skipa (fjöldi skipa)	6	6	7	7	7
Útlán til stofnana (fjöldi stofnana)	5	5	3	3	3
Bókin heim (fjöldi notenda)	85	72	75	75	75
Útlán á íbúa	9,8	9,7	9,3	9,3	9,3
Listasafn Reykjavíkur					
Gestafjöldi	219.307	241.952	193.865	175.000	200.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknnum	11.353	13.372	12.682	11.500	11.500
Fjöldi viðburða	97	95	103	105	105
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	7	7	6	7	5
Útlán listaverka	559	594	594	658	660
Fjöldi útgáfuverka	24	20	16	15	15
Fjöldi skráðra listaverka í eigu safnsins	13.872	16.082	16.349	16.446	16.500
Fjöldi útlisaverka í umsjón safnsins	136	137	138	138	139
Menningarmiðstöðin Gerðubergi					
Gestafjöldi	111.186	115.680	124.013	120.000	130.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknnum	1.450	4.468	5.922	4.500	6.000
Fjöldi viðburða	51	72	84	87	75
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	4	1	2	1	2
Samstarfsaðilar	28	42	42	37	40

* Talning á heimasíðu lá niðri frá því í janúar fram í júlí 2011 nema enskar síður og einstaka síða önnur.

** Talning á bókmenntavef lá niðri í nóvember og desember 2011

Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri, frh.

	Rauntölur 2009	Rauntölur 2010	Rauntölur 2011	Útkomuspá 2012	Markmið 2013
Ljósmyndasafn Reykjavíkur					
Gestafjöldi	31.414	31.143	31.967	32.000	32.000
Skólanemendur í skipulögðum heimsóknum	719	481	576	600	800
Fjöldi viðburða	19	20	23	21	22
Fjöldi afgreiddra mynda	2.300	2.189	3.090	2.500	3.000
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	8	8	14	9	12
Fjöldi innlita á heimasíðu	18.836	18.782	19.069	19.000	18.000
Minjasafn Reykjavíkur					
Gestafjöldi	71.974	72.838	64.514	66.500	70.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	12.632	12.969	11.141	12.000	13.000
Fjöldi viðburða	50	50	46	50	50
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	3	3	2	1	1
Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins	43	43	43	43	43
Fjöldi útgáfuverka	7	5	5	3	5
Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík	2.150	2.250	2.350	2.476	2.600
Fjöldi skráðra safngripa í Sarp	6.200	10.500	11.975	16.400	17.000
Viðey					
Gestafjöldi	20.117	22.860	19.421	25.000	26.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	940	1.958	2.011	2.000	2.100
Fjöldi viðburða	25	28	22	28	30
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	1	1	2	2	2
Höfuðborgarstofa					
Gestafjöldi á upplýsingamiðstöð	322.846	295.878	298.534	300.000	314.000
Hlutfall ánægðra gesta Menningarnætur	69%	62%	68%	68%	69%
Fjöldi heimsókna á vefsvæði www.menningarnott.is (14.-20. ágúst)	37.364		42.393	41.000	42.500
Sala á gestakorti (fjöldi korta)	8.160	8.091	8.091	8.500	11.000
Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi	502.000	556.301	629.000	650.000	669.500

Skorkort 2013

Velgengnisþættir	Mælikvarðar	Rauntölur 2011	Áætlun 2012	Markmið 2013
Þjónusta				
Menningaruppeldi	Fjöldi viðburða sérstaklega skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur	134	117	133
	Fjöldi barna og unglinga í skipulögðum heimsóknum.	42.949	40.400	44.400
Höfuðborg menningar	Hlutfall ánægðra gesta Menningarnætur samkvæmt Gallupkönnun	68%	77%	69%
	Fjöldi fjölmenningatengdra verkefna og viðburða	30	18	26
	Fjöldi nýrra sýninga á menningarstofnunum *			60
	Fjöldi erlendra ferðamanna í skipulögðum heimsóknum á stofnanir sviðsins	3.505	3.810	3.750
Eftirsóknarverður áfangastaður	Aðsókn að stofnunum sviðsins	1.388.402	1.452.000	1.402.000
	Ánægja með þjónustu/starfsemi stofnana sviðsins	87%	87%	88%
	Kynningarfundir um Reykjavík sem áfangastað *			105
Nýsköpun	Nýmæli í starfsemi	34	16	16
Fjármál				
Hagkvæm nýting og stýring fjármuna	Fjárhagsáætlun v/raun	1%	1%	1%
Sterk kostnaðarvitund	Kostnaður við rekstur stofnana sviðsins pr. gest	947	934	1.056
Verðmætasköpun	Fjöldi verkefna þar sem samstarfsaðilar fjármagna a.m.k. 15% af kostnaði	60	41	38
	Sértekjur stofnana sviðsins sem hlutfall af ramma	-17%	-19%	-17%
Verklag				
Samstarf og samráð	Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	42	26	38
	Fjöldi samráðsfunda og aðgerða sem hvetja til þátttöku almennings í þróun, stefnumótun og ákvarðanatöku	11	6	11
Öflug miðlun upplýsinga	Fjöldi heimsókna á vefsvæði stofnana sviðsins **	577.710	690.300	741.400
	Fjöldi fylgjanda á samfélagsmiðlum *			62.400
	Fjöldi síðuflettinga á vefsíðum *			3.127.300
Gott aðgengi og almenn þátttaka	Hlutfall gesta sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna		90%	90%
Hlúa að sögu og menningarminjum	Fjöldi rannsóknarverkefna	20	19	19

Skorkort 2013, frh.

Velgengnisþættir	Mælikvarðar	Rauntölur 2011	Áætlun 2012	Markmið 2013
Mannauður				
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið	80%	90%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem hlakka til að mæta í vinnuna	72%	86%	86%
	Hlutfall starfsmanna sem telur hæfni sína vel nýtt í starfi	71%	83%	85%
	Hlutfall starfsmanna sem telur samvinnu góða á sínum vinnustað	79%	90%	90%
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/eða vinnustað	66%	80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum	59%	80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem ekki hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum	99%	100%	100%
Árangursríkir stjórnunarhættir	Hlutfall starfsmanna sem bera traust til yfirmanns síns	69%	90%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem finnst vinnustað sínum vel stjórnað *			80%
	Hlutfall starfsmanna sem hafa farið í árlegt starfsmannasamtal á síðustu 12-15 mánuðum	56%	80%	80%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur fengið tækifæri til símenntunar og starfsþróunar á síðustu 12 mánuðum.	81%	80%	80%

* Nýir mælikvarðar 2013

** Talning lá niðri að hluta 2011

95-100% markmiðum náð	
75 - <95% þarf að nást	
Minna en 75% markmiða náð	



RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR

Miðlæg stjórnsýsla Reykjavíkurborgar er staðsett í Ráðhúsi og á Höfðatorgi.




Fjárhagsáætlun 2013

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2013
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	1.063.508
Rekstrartekjur samtals	1.063.508
Laun og launatengd gjöld	2.091.098
Annar rekstrarkostnaður	1.342.357
Rekstrargjöld samtals	3.433.455
Rekstrarniðurstaða	2.369.947

Starfsmenn	2013
Fjöldi starfsmanna	253
Eftir skrifstofum	
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	47
Fjármálaskrifstofa	85
Skrifstofa þjónustu og rekstrar	90
Mannréttindaskrifstofa	5*
Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar	**
Skrifstofa borgarstjórnar	8
Borgarlögmaður	9
Innri endurskoðun	9

Skipurit



* Starfsmannafjöldi á skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar mun liggja fyrir á nýju ári.

** Auk fastráðinna starfsmanna starfa 3-4 verkefnaráðnir starfsmenn á skrifstofu.

Broðin lína: valdtraut fjólskipaðs stjórnsýslu. Heil lína: embættisleg valdtraut. Punkt lína: tengi.

Hlutverk Ráðhúss Reykjavíkur

Miðlæg stjórnsýsla og stoðþjónusta á vegum Reykjavíkurborgar heyrir undir embætti borgarritara. Starfsstöðvar eru bæði í Ráðhúsi Reykjavíkur og á Höfðatorgi. Hin miðlæga stjórnsýsla fer með forystuhlutverk í stjórnsýslu og þjónustu Reykjavíkurborgar. Það er hennar að búa í hagin fyrir kjörna fulltrúa og tryggja aðgang þeirra að gögnum og greiningu til undirbúnings stefnumótunar. Það er jafnframt hlutverk hennar að fylgja eftir stefnumörkun með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fagsvið borgarinnar auk þess að halda uppi virku eftirliti með því að framkvæmd sé í samræmi við markaða stefnu og fjárhagslegar heimildir. Enn fremur að greiða fyrir lýðræðislegum stjórnarháttum með því að styrkja gagnvirk upplýsingaflæði milli stjórnenda, sviða og stofnana borgarinnar, íbúa og annarra samráðsaðila.

Á árinu 2012 var miðlæg stjórnsýsla tekin til endurskoðunar. Í samræmi við samþykkt borgarráðs leiddi borgarritari endurskipulagningu hennar með það í huga að einfalda og efla hana, sameina skrifstofur og ná fram hagræðingu. Eftir þessar breytingar eru í Ráðhúsinu eftirfarandi skrifstofur sem allar heyra undir embætti borgarritara: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, fjármálaskrifstofa, skrifstofa þjónustu og reksturs, mannréttindaskrifstofa og skrifstofa eigna og atvinnuþróunar.

Við breytingarnar voru mannauðsskrifstofa og skrifstofa borgarhagfræðings sameinaðar undir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara en kjaramálin voru færð undir fjármálaskrifstofu. Upplýsinga- og vefmál ásamt Borgarskjalasafni eru enn fremur hluti af skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Undir skrifstofu þjónustu og reksturs heyra þjónustu- og símaver, upplýsingatæknimiðstöð, mötuneyti Ráðhúss og Höfðatorgs, rekstur Ráðhúss, Höfðatorgs og Höfða. Borgarlögmaður og skrifstofustjóri borgarstjórnar heyra beint undir borgarstjóra.

Starfsemi Ráðhúss Reykjavíkur

Eftirfarandi skrifstofur heyra undir Ráðhús Reykjavíkur:

- Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara ber ábyrgð á almennri og sérhæfðri þjónustu við borgarstjóra, hefur yfirumsjón með miðlægri stoðþjónustu og samhæfingu innan stjórnsýslunnar. Starfsmenn skrifstofunnar annast skipulagningu viðburða og samskipti við borgarbúa og aðra samráðs- og hagsmunaaðila innan- og utanlands ásamt því að hafa yfirumsjón með ýmsum átaks- og þróunarverkefnum sem ganga þvert á borgarkerfið. Skrifstofan hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar, hefur forystu um stefnumótun og veitir borgaryfirvöldum ráðgjöf í þeim efnum. Skrifstofan ber einnig ábyrgð á greiningu og birtingu tölfraðilegra upplýsinga og sinnir álitsgjöf um efnahags- og atvinnumál. Þá leggur skrifstofan fram hagrænar forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar og þriggja ára áætlunar og sinnir auk þess ýmsum hagfræðilegum verkefnum þvert á svið borgarinnar. Skrifstofan sér um vefþjónustu borgarinnar, rafræna þjónustu og upplýsingamál. Borgarskjalasafn tilheyrir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.
- Fjármálaskrifstofa hefur yfirumsjón með fjármálastjórn Reykjavíkurborgar. Skrifstofan hefur snertifleti við alla þætti rekstrar A-hluta borgarsjóðs og veitir stjórnendum upplýsingar, stuðning og aðhald. Fjármálaskrifstofa ber ábyrgð á skipulagi og vinnslu fjárhagsáætlunar A-hluta og samstæðunnar, hefur á hendi innra fjárhagslegt eftirlit, metur áhættur í rekstrarumhverfi A-hluta og veitir borgarstjóra og borgarráði upplýsingar um rekstur, sjóðsstreymi, stöðu eigna og skulda og aðra þætti sem geta haft áhrif á rekstur til lengri og skemmri tíma. Þá annast skrifstofan bókhald, uppgjör og uppsetningu ársreiknings A-hluta og samstæðu og fer með fjárreiðu- og eignastýringu, þ.m.t. lána- og lausafjárstýringu. Fjármálaskrifstofa hefur yfirumsjón með innkaupamálum, ber ábyrgð á ráðgjöf á sviði innkaupamála, þjónustu við innkauparáð, framkvæmd innkaupa og útboðsmála ásamt verðkannana. Skrifstofan hefur eftirlit með innkaupum A-hluta. Þá hefur skrifstofan á hendi útreikninga og afgreiðslu launa og launatengdra gjalda, hefur eftirlit með launaþróun og framkvæmd kjarasamninga. Skrifstofan ber ábyrgð á túlkun kjarasamninga og vinnuréttar og fer með fyrirvar þeirra mála gagnvart viðsemjendum og aðilum vinnumarkaðar auk þess að sinna ráðgjöf á sviði vinnuréttar og kjarasamninga. Fjármálaskrifstofa hefur umsjón með fjárhagsbókhaldskerfi, uppgjör- og skuldabréfakerfum og mannauðskerfi borgarinnar.
- Skrifstofa þjónustu og reksturs hefur yfirumsjón með og annast samræmingu á þjónustu borgarinnar, sérstaklega rafrænni þjónustu og þjónustu í framlínu borgarinnar. Skrifstofan ber ábyrgð á rekstri þjónustuvers, undir hana heyra skjalasafn Ráðhúss og Skjalaver á Höfðatorgi sem og upplýsingatæknimál borgarinnar með tilheyrandi rekstri tölvubúnaðar, tæknilegu þróunarstarfi og hugbúnaðarþróun. Skrifstofan ber enn fremur ábyrgð á rekstri Ráðhúss, Höfðatorgs, Höfða sem og mötuneyta Ráðhúss og Höfðatorgs.
- Mannréttindaskrifstofa vinnur að framkvæmdaáætlun mannréttindamála, eflingu samráðs innan og utan borgarinnar í mannréttindamálum og hefur það hlutverk að standa vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, litarháttar, trúarbragða, aldurs, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

- Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar fer með málefni eignasjóðs og gerir tillögur til borgarráðs. Skrifstofan leiðir vinnu við fjárfestingaáætlun í samráði við fjármálaskrifstofu og fagsviðin, ásamt vinnu við fjárstýringu og lánsfjáráætlunargerð. Þá gerir skrifstofan áætlanir um kaup og sölu eigna og eignfærðs lausafjár. Skrifstofan sér um markaðssetningu og þróun lands í samræmi við atvinnustefnu borgarinnar og aðalskipulag. Samstarf er við önnur sveitarfélög og fyrirtæki borgarinnar, ríkið (Íslandsstofu) og einkaaðila vegna markaðssetningar á landi og atvinnuþróunar. Skrifstofan vinnur að gerð úthlutunarskilmála og sér um lóðaúthlutanir. Þegar við á tekur skrifstofan þátt í deiliskipulagsgerð með USK. Skrifstofan hefur umsjón með hlutafélögum sem tengjast nýsköpun, þróun og eða eignasjóð Reykjavíkurborgar. Hún leiðir verkefni tengd miðborginni og er í samstarfi við verslun og þjónustu, veitingafólk og aðra hagsmunaaðila. Þá tekur skrifstofan þátt í að efla öryggi miðborgarinnar í samstarfi við lögreglu, slökkvilið og önnur svið borgarinnar.
- Skrifstofa borgarstjórnar fer með umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð, forsætisnefnd og ýmsar aðrar nefndir, sinnir þjónustu við kjörna fulltrúa og fer með ýmis störf því tengdu. Skrifstofan heldur utan um undirbúning og framkvæmd kosninga.
- Borgarlögmaður fer með fyrirsvar fyrir Reykjavíkurborg og stofnanir hennar varðandi lögfræðileg málefni. Í því felst m.a. málflutningur og önnur réttargæsla og samningsgerð fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Skrifstofa borgarlögmanns ber ábyrgð á lögfræðilegri ráðgjöf, álitsgerðum og umsögnum til borgarráðs, borgarstjóra og fagsviða og stofnana borgarinnar.
- Innri endurskoðun er sjálfstæð og óháð skrifstofa sem starfar í umboði borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skrifstofan annast innri endurskoðun hjá Aðalsjóði, Eignasjóði og félögum sem borgin á helmingshlut í eða meira.

Fjárhagsáætlun 2013

Rekstur á miðlægum skrifstofum er áætlaður 2.370 mkr. Endurskoðuð áætlun árið 2012 er 2.235 mkr. Endurskoðun fjárhagsáætlunar á árinu 2012 hefur m.a. falið í sér hækkun vegna tölvu- og búnaðarkaupa UTM að fjárhæð 100 mkr fyrir árið 2012.

Viðbótarfjármagn til miðlegra skrifstofa helgast fyrst og fremst af eftirfarandi:

- Viðbótarlaunakostnaður vegna samningsbundinna launahækkana: 91.103 mkr.
- Hækkun nefndarlauna: 11 mkr.
- Verðbætur á innri leigu: 24,1 mkr.
- Aðrar verðbætur: 42,5 mkr.
- Umboðsmaður borgara: 15 mkr.
- Deildarstjóri reksturs og þjónustu: 9 mkr. Tilflutningur fjármagns frá Framkvæmda- og eignasviði.
- Mannauðssérfræðingur: 9,2 mkr. Tilflutningur frá Skóla- og frístundasviði.
- Stöðugildi vegna kynjaðrar fjárhagsáætlunar: 9 mkr.
- Breytingakostnaður vegna breytinga í miðlægri stjórnsýslu: 28,8 mkr. (biðlaun 21,8 mkr. og námsleyfi 7 mkr.)

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara ber ábyrgð á almennri og sérhæfðri þjónustu við borgarstjóra, hefur yfirumsjón með miðlægri stoðþjónustu og samhæfingu innan stjórnsýslunnar. Starfsmenn skrifstofunnar annast skipulagningu viðburða og samskipti við borgarbúa og aðra samráðs- og hagsmunaðila innan- og utanlands ásamt því að hafa yfirumsjón með ýmsum átaks- og þróunarverkefnum sem ganga þvert á borgarkerfið. Á árinu hefur skrifstofa borgarstjóra og borgarritara haft yfirumsjón með ýmsum breytinga- og þróunarverkefnum ásamt rekstrarúttektum. Þar má nefna undirbúning að stofnun umhverfis- og skipulagssviðs og endurskipulagningu miðlægrar stjórnsýslu. Unnið er að þróun atvinnustefnu og auknu íbúalýðræði á skrifstofunni og enn fremur hefur skrifstofan komið að verkefnum á borð við Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO, atvinnuátakinu Vinnandi vegur, kynjaðri fjárhagsáætlun, ráðstefnunni Spirit of Humanity Forum og 40 ára afmæli skákeinvígis Fischer og Spassky. Seint á árinu 2011 gerðist Reykjavík félagi í samtökunum ICORN en í því felst að borgin er skjólborg rithöfunda sem ekki er vært í heimalandi sínu vegna ofsókna. Fyrsti rithöfundurinn kom til landsins í nóvember 2011. Á árinu hefur borgarstjóri stutt baráttu mannréttinda, unnið ótúllega að friðarmálum og beitt sér fyrir mál- efnum langtímaatvinnulausra.

Mannauðsmál: Skrifstofan hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar og stuðlar að því að mannauðsþjónusta borgarinnar styðji við stefnu og megináherslur borgaryfirvalda. Starfsmenn skrifstofunnar hafa umsjón og eftirlit með framkvæmd starfsmannastefnu, tryggja samræmi í framkvæmd og veita stjórnendum ráðgjöf. Auk þess annast skrifstofan mannauðsþjónustu fyrir miðlæga stjórnsýslu í Ráðhúsi og kemur að gerð kjarasamninga. Meðal verkefna á árinu 2013 er innleiðing á fræðsluhluta Öskju mannauðskerfis, vinna við kynhlutlaust hæfnislaunakerfi í samvinnu við kjaradeild, þróun og aðlögun starfsmatskerfisins, fræðsluáætlun fyrir starfsmenn Ráðhúss og samræmd stjórnendapjálfun. Auk þess mun skrifstofan leggja ríka áherslu á gott samstarf við stjórnendur og mannauðsþjónustu sviða með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði þjónustunnar og leggja grunn að góðri vinnustaðamenningu.

Hagmál: Skrifstofan ber ábyrgð á greiningu og birtingu tölfræðilegra upplýsinga og sinnir álitsgjöf um efnahags- og atvinnumál. Þá leggur skrifstofan fram hagrænar forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar og þriggja ára áætlunar og sinnir auk þess ýmsum hagfræðilegum verkefnum þvert á svið borgarinnar.

Á næsta ári er stefnt að því að ljúka vinnu við breyttar áherslur við miðlun upplýsinga úr árbók Reykjavíkur. Þar með verður til öflugur gagnvirkur upplýsingabrunnur sem allir geta nálgast og sótt sér upplýsingar að vild. Áfram verður unnið að vörðhúsi gagna með söfnun miðlægra upplýsinga sem getur bætt gæði við ákvarðanatöku, bæði hvað varðar fjármál og lífsgæði. Þá verður komið upp vísi að „mælaborði“ þar sem má með einföldum hætti sjá þróun m.t.t. kostnaðar, magntala o.þ.h. Í þessari vinnu felast tækifæri til þess að efla gagnsæi upplýsinga og samanburðarhæfni sem er lykillinn að framsetningu sambærilegra kennitalna milli ólíkra stofnana borgarinnar. Grænt hagkerfi Reykjavíkurborgar verður til sérstakrar skoðunar. Að fyrirmynd systraborga okkar á Norðurlöndum verður mótað hvernig megi mæla og kynna grænan vöxt hjá borginni.

Skjalamál: Borgarskjalasafn Reykjavíkur mótar fyrir borgina í heild sinni og setur reglur um skjalastjórnun borgarstofnana og fyrirtækja í meirihlutaeign borgarinnar, hefur eftirlit með skjalastjórnun þeirra og tekur eldri skjöl þeirra til varðveislu. Safnið tekur jafnframt við skjölum einkaaðila og stuðlar að varðveislu á sögu borgarinnar.

Á næsta ári verður áhersla Borgarskjalasafns á innra starf, fræðslu, eftirfylgni með skjalavistunaráætlunum, eftirlit með skjalavörslu stofnana og undirbúningi að rafrænni langtímavistun.

Vefþjónusta og upplýsingamál:

Skrifstofan heldur utan um og ber ábyrgð á upplýsingamiðlun Reykjavíkurborgar og rafrænni þjónustu við íbúa. Skrifstofan ritstýrir og ber ábyrgð á vefsvæðum borgarinnar og sér um fréttatilkynnar til fjölmiðla. Þá flytur skrifstofan fréttir af öllum helstu málefnum Reykjavíkurborgar á breiðum grunni og greinir ákvarðanir borgaryfirvalda og viðburði sem undirstofnanir standa að og halda utan um. Skrifstofan sér um að svara fjölmiðlafyrirspurnum, heldur utan um móttöku erlendra fjölmiðlamanna og er ráðgefandi varðandi útgáfumál, auglýsingamál, kynningarherferðir og fundaherferðir. Starfsmenn sem sinna upplýsinga- og vefmálum vinna þvert á stjórnkerfið og taka þátt í ýmsum verkefnum sem svið borgarinnar og skrifstofur vinna að.

Á þessu ári eru fyrirhugaðir fundir með öllum skólastjórnendum í Reykjavík og forstöðumönnum frístundaheimila SFS. Þá eru einnig framundan fundir með þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Starfsmenn vefþróunar vinnur nú að breytingum á vef borgarinnar reykjavik.is. Haldið verður áfram að efla Facebook-síðu borgarinnar og sérstök áhersla verður lögð á að efla tengsl við skrifstofu þjónustu- og reksturs enda er starfsemin nátengd varðandi þjónustu við borgarbúa og upplýsingagjöf.

Fjármálaskrifstofa

Á sviði fjárhagsáætlunargerðar verður unnið að áframhaldandi þróun á aðferðum og verklagi við langtíma-áætlunargerð, bæði vegna fimm ára áætlunar og tíu ára áætlunar. Umbætur að þessu leyti varða sviðsmynda- og áhættugreiningar. Unnið verður að innleiðingu á áætlunarkerfi sem heldur utan um samstæðuáætlun Reykjavíkurborgar. Fjármálareglur sveitarfélaga munu væntanlega marka sífellt dýpri spor á þessa vinnu. Áhersla er lögð á að setja meiri kraft í innleiðingu á kynjaðri fjárhagsáætlunargerð við undirbúning fjárhagsáætlunar 2014 með endurskoðun á reglum um gerð fjárhagsáætlunar og meiri samþættingu en verið hefur. Þá verður einnig horft til umbóta sem lúta að því að efla aðkomu almennings, þátttökulýðræði, við undirbúning fjárhagsáætlunar.

Á sviði uppgjöra verður lokið við gerð verklagsreglna, verkferlagreininga og leiðbeininga vegna uppgjöra A-hluta og samstæðu og sett í rekstrarhandbók skrifstofunnar. Þá verður unnið að innleiðingu á uppgjörskerfi sem heldur bæði utan um uppgjör A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar.

Á sviði bókhalds verður haldið áfram með umbætur í verkferlum sem margar má rekja til vel heppnaðrar innleiðingar á rafrænum reikningum hjá Reykjavíkurborg. Unnið verður að hagræðingu, afstemmingum og einföldun verkferla og innlestri í Agresso frá öðrum kerfum. Stefnt er að enn frekari fjölgun rafrænna reikninga. Skoðuð verður þörf á uppfærslu Agresso, áhersla lögð á skýrslur og einföldun upplýsinga, námskeið og kennslu á Agresso.

Á sviði fjárstýringar verður unnið áfram að greiningum á endurbótum á fyrirkomulagi innheimtu og valkostum á því fyrirkomulagi með það í huga að auka skilvirkni, fagmennsku og hagkvæmni enn frekar en orðið er. Unnið verður áfram að endurskoðun reglna á sviði lána- og lausafjárstýringar og innleiðingu nýs skuldabréfakerfis til að halda utan um lán og kröfur borgarsjóðs. Þá verður áfram unnið að þróun veflausna í Rafrænni Reykjavík fyrir viðskiptamenn og birgja Reykjavíkurborgar.

Á sviði innkaupamála verður unnið að undirbúningi innleiðingar rafrænna innkaupa sem verður eitt mikilvægasta umbótaverkefni skrifstofunnar.

Á sviði kjaramála verður áhersla lögð á umbætur á launaeftirliti, fræðslu um efni kjarasamninga og vinnurétt, undirbúning stefnumótunar vegna komandi kjarasamninga, áframhaldandi þróun mannauðskerfis, einkum fræðslukerfis, og innleiðingu rekstrarhandbókar til að halda vel utan um gæðamálin.

Gagngerar endurbætur á stjórnendaupplýsingum, sem tengjast verksviði fjármálaskrifstofu, verður forgangsverkefni skrifstofunnar á næsta ári. Á þessu ári hefur vinnan einkum beinst að þarfagreiningum, samhæfingu skilgreininga og gagna og því að tryggja aðgengi stjórnenda að rekstrar- og fjárhagsupplýsingum. Þetta verkefni nær líka til þess að efla aðgengi almennings að fjárhagslegum upplýsingum um borgina.

Skrifstofa þjónustu og rekstrar

Skrifstofa þjónustu og reksturs hefur yfirumsjón með og annast samræmingu á þjónustu borgarinnar, sérstaklega rafrænni þjónustu og þjónustu í framlínu borgarinnar. Skrifstofan ber ábyrgð á rekstri þjónustuvers, undir hana heyra skjalasafn Ráðhúss og Skjalaver á Höfðatorgi sem og upplýsingatæknimál borgarinnar með tilheyrandi rekstri tölvubúnaðar, tæknilegu þróunarstarfi og hugbúnaðarþróun. Skrifstofan ber enn fremur ábyrgð á rekstri Ráðhúss, Höfðatorgs, Höfða sem og mótuneyta Ráðhúss og Höfðatorgs.

Framlínubjónusta: Skrifstofa þjónustu og reksturs er ráðgefandi um þjónustumál og gegnir samræmingarhlutverki á sviði framlínubjónustu. Þjónustuver Reykjavíkurborgar sinnir móttöku gesta og erinda á Höfðatorgi, ásamt símsvörum, vöktun upplýsinganetfangs borgarinnar og úrvinnslu fyrir flest svið og skrifstofur. Stefnt er að enn frekara samráði við fagsvið og skrifstofur borgarinnar um þjónustu við borgarbúa með það að markmiði að ná fram aukinni skilvirkni og hagræðingu í þjónustuveitingu.

Skjalamál: Eftir skipulagsbreytingar í miðlægri stjórnsýslu heyra skjalaver á Höfðatorgi og skjalasafn Ráðhúss undir sameiginlega yfirstjórn. Þessar einingar hafa umsjón með skjalamálum miðlegrar stjórnsýslu og sviða sem hafa aðsetur á Höfðatorgi. Þar er jafnframt ábyrgð á faglegri þróun hópvinnu- og skjalavistunarkerfisins GoPro hjá Reykjavíkurborg. Á árinu 2012 var m.a. unnið að gerð málalykla fyrir skóla- og frístundasvið og íþrótt- og tómstundasvið. Á haustmánuðum verður jafnframt unnið við að greiningu á skjalamálum á nýju sviði umhverfis- og skipulagsmála. Gert er ráð fyrir að ljúka við skönnun og skráningu aðaluppdráttu úr teikningasafni byggingarfulltrúa í október 2012.

Árið 2013 verður áhersla lögð á enn frekara samstarf við svið og skrifstofur, fræðslu um skjalamál, gerð skjalavistunaráætlana ásamt undirbúningi á rafrænni varðveislu skjala.

Upplýsingatæknimál: Upplýsingatæknideild hefur yfirumsjón með upplýsingatæknimálum Reykjavíkurborgar. Skrifstofan ber ábyrgð á rekstri tölvubúnaðar, tæknilegu þróunarstarfi, hugbúnaðarþróun, samskiptum og samningum við birgja. Á árinu 2013 verður unnið að því að vinna verkefni sem eru skilgreind í nýsamþykktari stefnu borgarinnar um „Nýtingu upplýsingatækni“. Sú stefnumótun mun meðal annars birtast í því að UTM mun þjónusta fleiri tegundir tækjabúnaðar, gögn borgarinnar verða opnuð, fleiri kerfi verða samþætt, hugað að nýju samskiptaskráningarkerfi svo fátt eitt sé nefnt.

Mannréttindaskrifstofa

Mannréttindaskrifstofa vinnur með mannréttindaráði og fylgir eftir ákvörðunum ráðsins. Skrifstofan aðstoðar einnig fjölmenningsráð Reykjavíkurborgar í störfum þess. Einnig fylgir mannréttindaskrifstofa eftir stefnumótun innan málaflokksins í samvinnu við ráðið og eflir samráð innan og utan borgarinnar í þeim málaflokkum sem stefnan nær til. Starfsmenn skrifstofunnar sjá um kynningu á mannréttindastefnu meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar og vinnu að útgáfu á ýmsu fræðslu- og kynningarefni um mannréttindi og jafnréttismál. Mannréttindaskrifstofa á samráð við tilnefnda mannréttindafulltrúa á skrifstofum og sviðum borgarinnar og tryggir að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, litarháttar, trúarbragða, aldurs, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar er hluti af miðlægri stjórnsýslu ráðhússins og gerir tillögur til borgarráðs. Verkefni skrifstofunnar eru þessi:

Skrifstofan fer með málefni eignasjóðs Reykjavíkurborgar. Skrifstofan leiðir vinnu við fjárfestingaáætlun í samráði við fjármálaskrifstofu og fagsviðin, ásamt vinnu við fjárstýringu og lánfjáráætlunargerð í samráði við fjármálaskrifstofu. Hún gerir áætlanir um kaup og sölu eigna og eignfærðs lausafjár í samstarfi við fagsviðin.

Skrifstofan sér um markaðssetningu og þróun lands í samræmi við atvinnustefnu borgarinnar og aðalskipulag og í samráði og samvinnu við fagsvið borgarinnar. Samstarf er við önnur sveitarfélög og fyrirtæki borgarinnar, ríkið (Íslandsstofu) og einkaaðila vegna markaðssetningar á landi og atvinnuþróunar.

Skrifstofan vinnur að gerð úthlutunarskilmála og sér um lóðaúthlutanir í samræmi við atvinnustefnu og aðalskipulag. Þegar slíkt á við tekur skrifstofan þátt í deiliskipulagsgerð með Umhverfis- og skipulagssviði (USK).

Skrifstofan hefur umsjón með hlutafélögum sem tengjast nýsköpun, þróun og eða eignasjóð Reykjavíkurborgar.

Skrifstofan leiðir verkefni tengd miðborginni, tekur þátt í þróunarverkefnum til að efla miðborgina, bæta samkeppnisstöðu og fjölbreytileika hennar. Hún er í samstarfi við verslun og þjónustu, veitingafólk og aðra hagsmunaaðila og tekur þátt í að efla öryggi miðborgarinnar í samstarfi við lögreglu, slökkvilið og önnur svið borgarinnar.

Skrifstofa borgarstjórnar

Skrifstofa borgarstjórnar fer með umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð og forsætisnefnd, sem og ýmsar aðrar nefndir. Skrifstofan heldur utan um þjónustu við borgarfulltrúa og aðra kjörna fulltrúa í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, þ.m.t. lögfræðilega ráðgjöf, fræðslu og umsjón með kjörum þeirra og starfsaðstöðu. Þá veitir skrifstofan nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, sem og starfsmönnum þeirra, ýmsa ráðgjöf, s.s. lögfræðilega ráðgjöf á sviði fundarskapa og stjórnkerfis Reykjavíkurborgar sem og umsjón með framkvæmd almennra kosninga í Reykjavík. Þá er undirbúningur og meðferð umsagna borgarráðs um rekstrarleyfi veitingastaða á verkswiði skrifstofunnar, sem og erlend samskipti borgarstjórnar.

Auk hefðbundinna verkefna tók undirbúningur og framkvæmd kosninga mikið til sín á fyrri hluta ársins 2012 en forsetakosningar voru haldnar 30. júní.

Á árinu 2013 er gert ráð fyrir sambærilegum málafjölda hjá borgarráði og með embættisafgreiðslum. Enn er unnið að endurskoðun gildandi samþykktu Reykjavíkurborgar vegna gildistöku sveitarstjórnarlaga í ár.

Unnið verður áfram að því að auka og bæta aðgengi kjörinna fulltrúa og almennings að upplýsingum hjá Reykjavíkurborg, sérstaklega á vef Reykjavíkurborgar auk þess sem ætlunin er að halda áfram að bæta rafrænt aðgengi að fundargögnum og fundargerðum borgarstjórnar og borgarráðs. Áfram verður unnið að því að kanna hvort forsendur eru fyrir því að sjónvarpa borgarstjórnarfundum og/eða vista hljóðupptökur þeirra á vef Reykjavíkurborgar.

Borgarlögmaður

Verkefni borgarlögmanns taka mið af þeim málum sem upp koma á hverjum tíma. Fastur liður í starfsemi borgarlögmanns er lögfræðileg ráðgjöf, álitserðir og umsagnir, yfirlestur og skjalagerð fyrir stofnanir og fyrirtæki Reykjavíkurborgar vegna samninga við þriðja aðila.

Áfram er búist við mikilli vinnu við málflutning en fjöldi dómsmála er til meðferðar fyrir báðum dómstigum. Sömu leiðis er reiknað með að töluverður tími starfsmanna fari í fyrirsvar gagnvart ýmsum úrskurðaraðilum á stjórnarsýslustigi. Mat á bótagrundvelli skaðabóta er á ábyrgð borgarlögmanns og jafnframt uppgjör bótagreiðslna. Borgarlögmaður gefur álit á bótaskyldu um tjón sem tryggð eru með samningum við tryggingafélög auk þess að gera upp slysabætur á grundvelli kjarasamninga starfsmanna Reykjavíkurborgar eða utan samninga. Vinna við afgreiðslu bótaskylda á hendur Reykjavíkurborg er stöðugt vaxandi þáttur í starfsemi borgarlögmanns og telja verður að heilt stöðugildi hjá borgarlögmanni fari í vinnu vegna slíkra krafna.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðun er sjálfstæð og óháð skrifstofa sem starfar í umboði borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skrifstofan annast innri endurskoðun hjá aðalsjóði, Eignasjóði og félögum sem borgin á helmingshlut í eða meira. Innri endurskoðun leitast við að leggja mat á og bæta virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum og styðja borgaryfirvöld þannig í því að ná markmiðum sínum. Innri endurskoðun er borgarráði, borgarstjóra og öðrum stjórnendum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um mál sem lúta að innri endurskoðun og meðferð og nýtingu fjármuna Reykjavíkurborgar. Meðal annars kemur skrifstofan með ábendingar varðandi innra eftirlit og um aðgerðir sem auka skilvirkni borgarkerfisins.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar hóf störf á árinu 2012. Innri endurskoðandi er ritari nefndarinnar. Nefndin starfar í umboði borgarráðs og hefur það verkefni að hafa heildarsýn yfir endurskoðunarverkefni borgarinnar, bæði ytri og innri endurskoðenda. Nefndin fer yfir endurskoðunaráætlanir endurskoðenda og hefur m.a. eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.

Endurskoðunaráætlun Innri endurskoðunar sem lögð er fram til samþykktar í borgarráði byggist á vali og forgangsroðun verkefna á mati á áhættu í starfsemi Reykjavíkurborgar hverju sinni og hugsanlegum ávinningi sem ætla má að leiði af hverju verkefni fyrir sig. Við gerð endurskoðunaráætlunar er haft samráð við kjörna fulltrúa, æðstu stjórnendur borgarinnar og endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar. Á árinu 2013 verður lögð áhersla á könnun á virkni innra eftirlits miðlægra skrifstofa og skoðun á mikilvægum fjárhagslegum ferlum. Áformað er að gera úttekt á fyrirkomulagi innra eftirlits gagnvart upplýsingakerfum m.a. m.t.t. öryggis gagna, aðgreiningar starfa og aðgengismála. Þá verður í samræmi við áherslur staðla sem Innri endurskoðun vinnur eftir lagt mat á eftirlitsumhverfi borgarinnar með því að fara yfir stöðu stjórnarháttanna, áhættustýringar og innra eftirlits.

Lykiltölur

	2010	2011	2012	Áætlun 2013
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara				
Stjórnsýsluerindi	2.150	1.885	1.089 ¹	1.650
Þar af til borgarráðs	436	483	309 ¹	480
Móttökur	41		75 ¹	130
Fréttatilkynningar	99	138	401 ³	500
Viðtalsbeiðnir frá erlendum fjölmiðlum	106	103	64 ¹	75
Borgarskjalasafn – hillumetrar af mótteknum skjölum	250	233	450 ²	300
Borgarskjalasafn – fjöldi fyrirspurna	1.734	1.633	1.750 ²	1.700
Vefur - vikulegt innlit	40.147	44.948	44.800 ¹	48.000
Vefur - fjöldi skoðaðra síðna á viku	233.783	199.850	215.200 ¹	230.000
Rafræn Reykjavík – fjöldi umsókna	37.127	24.114	27.000 ¹	30.000
Rafræn Reykjavík – fjöldi notenda	37.266	40.744	41.500 ¹	44.000
Skrifstofa þjónustu og rekstrar				
Þjónustubeiðnir afgreiddar innan 24 tíma	72%	76%	74%	80%
IP símtæki	2.200	2.200	2.200	2.400
Diskanotkun	60 TB	75 TB	95 TB	115 TB
Þjónustuver – fjöldi símtala	212.017	204.212	205.000	205.000
Þjónustuver – fjöldi skráðra heimsókna	45.977	46.369	46.400	46.000
Borgarlögmaður				
Dómsmál				
Lokið	42	68	86	
Í rekstri	38	37	42	
Samtals	80	105	128	
Þar af fyrir Velferðarsvið	45	45	54	
Uppgjör slysabótamála skv. kjarasamningum				
Innkomin	53	65	67	
Í vinnslu	36	43	75	
Fullnaðaruppgjör bóta ⁴	17	31	43	
Samtals greiddar bætur, kr.	11.959.051	23.591.415	40.833.047	

1) Miðað við 4. október 2012

2) Útkomuspá 2012

3) Miðað við 5. október 2012. Samanlagður fjöldi allra fréttatilkynninga og veffrétta upplýsingadeildar.

4) Lokauppgjör geta dregist milli ára, vegna úrvinnslu gagna s.s. matsgerða

ÖNNUR ÚTGJÖLD

Undir liðinn önnur útgjöld á sameiginlegum kostnaði eru færðir ýmsir kostnaðarliðir sem eru sameiginlegir fyrir innri starfsemi Reykjavíkurborgar eða falla ekki með beinum hætti undir starfsemi fagsviða. Um er að ræða styrki og ýmis framlög, sérstök framlög vegna atvinnumála, rekstur miðlægra tölvukerfa, innheimtukostnað skatttekna, sameiginlegan launa og starfsmannakostnað, breytingar lífeyrisskuldbindingar og ýmis önnur útgjöld. Þar á meðal er vistað fjármagn til ófyrirséðra útgjalda.

Styrkir og ýmis framlög eru áætluð 453 mkr. Þar af eru 335 mkr vegna afsláttar elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignagjöldum, styrkir borgarráðs 30 mkr, styrkur til Kirkjubýggingasjóðs 11,5 mkr og ýmsar samningsbundnar greiðslur 76 mkr.

Sérstök framlög til atvinnumála eru áætluð 540 mkr. Gert er ráð fyrir að nota þessa fjármuni til að að verja sumarstörf og stuðla að atvinnuáttaki meðal atvinnulausra og að hluta til atvinnuþróunar eða sóknaráætlunar.

Rekstur miðlægra bókhalds- og launakerfa er áætlaður 112 mkr. Auk þess er vistað sérstakt framlag til endurnýjunar á tölvubúnaði 200 mkr til að takast á við nauðsynlega endurnýjun búnaðar hjá stofnunum borgarinnar.

Innheimtukostnaður skatttekna er áætlaður 447 mkr. Innheimtukostnaður staðgreiðslu nemur 0,5% útsvarstekjum og greiðist til ríkisins sem annast innheimtu útsvarsins og nemur áætlun 274,6 mkr. Kostnaður vegna fasteignamatsskrár er jafnframt hlutfall af fasteignasköttum og nemur áætlun 120 mkr. Innheimtukostnaður vegna fasteignaskatta er áætlaður 53 mkr.

Slysabætur eru áætlaðar 42,4 mkr og breyting orlofsskuldbindingar 35 mkr.

Gert er ráð fyrir að gjaldfærsla vegna breytingar á lífeyrisskuldbindingum nemi 2.600 mkr í áætlun ársins 2013. Endurskoðuð áætlun 2012 gerir ráð fyrir 1.582 mkr gjaldfærslu, sem er bráðabirgðamat miðað við launahækkunar ársins. Er þá ekki tekið mið af breytingum á eignum sjóðsins. Að öðru leyti er vísað í nánari skýringar undir forsendum fjárhagsáætlunar, þar sem fjallað er sérstaklega um lífeyrisskuldbindingar.

Ýmis kostnaður fyrir utan liðinn ófyrirséð er áætlaður 477 mkr, þar af er hluti af leigu Ráðhúss og innri leigu tækja og áhalda 277 mkr.

Tekið hefur verið frá fjármagn á liðnum ófyrirséð sem nemur 380 mkr sem eru til þess að mæta óvæntum og ófyrirséðum útgjöldum borgarinnar, þar af öllum kostnaði vegna dóms- eða kærumála.

SKÓLA– OG FRÍSTUNDASVIÐ

Leiðarljós

Að börnum og ungmennum í borginni líði vel,
fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.




Fjárhagsáætlun 2013

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2013
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	3.346.946
Rekstrartekjur samtals	3.346.946
Laun og launatengd gjöld	22.019.584
Annar rekstrarkostnaður	14.549.176
Rekstrargjöld samtals	36.568.760
Rekstrarniðurstaða	33.221.815

Stöðugildi	2013
Fjöldi starfsmanna	Í vinnslu
Fjöldi stöðugilda	4.069
Eftir skrifstofum (þjónustupáttum)	
Leikskólar	1.495
Grunnskólar	2.082
Frístundamiðstöðvar	387
Námsflokkar Reykjavíkur	8,6
Skólahljómsveitir	26,8
Skólasafnamiðstöð	4
Myndver	1,3
Skrifstofa sviðsins	64,5

Skipurit



Hlutverk

- Veita börnum og ungmennum bestu mögulegur tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið,
- Vera framsækið forystuafli í skóla– og frístundastarfi.

Megináherslur 2013 - breytingar frá fyrra ári

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur er stærsta svið borgarinnar. Undir sviðið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar og starfsemi Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnamiðstöðvar, myndvers og skólahljómsveita. Sviðið hefur umsjón og/eða eftirlit með starfsemi sjálfstætt starfandi leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og myndlistarskóla, auk annarrar sambærilegrar starfsemi sem styrkt er af Reykjavíkurborg. Þá annast sviðið umsjón og eftirlit með þjónustusamningi við þjónustumiðstöðvar í hverfum vegna sérfræðiþjónustu til leik- og grunnskólabarna og frístundaráðgjöf. Jafnframt hefur sviðið eftirlit með daggæslu í heimahúsum. Þjónusta sviðsins nær til um það bil 20.000 barna og fjölskyldna þeirra og á fimmta þúsund starfsmanna á sviðinu.

Mikilvægustu viðfangsefni og áherslur skóla- og frístundaráðs á næstu árum eru:

- Pverfaglegt samstarf grunnskóla, leikskóla og frístundamiðstöðva.
- Innleiðing á nýrri aðalnámskrá grunnskóla og leikskóla og stefnumótun um framtíðarhlutverk frístundamiðstöðva.
- Efling ráðgjafar um skóla án aðgreiningar og stuðning við börn með sérparfir í skóla- og frístundastarfi ásamt endurskoðun og samræming á úthlutun fjármagns til sérkennslu í skólum og stuðnings í frístundastarfi.
- Endurskoðun og samræming á úthlutun fjármagns og stefnu vegna barna af erlendum uppruna í skóla- og frístundastarfi.
- Innra og ytra mat leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs.
- Vinsamlegt samfélag, alþjóðlegt verkefni um góð samskipti.
- Samþætting skóla- og frístundastarfs.
- Læsi/Lestrarhvetjandi umhverfi barna í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi.
- Fræðsla um jafnrétti kynjanna.
- Efling lýðheilsu barna og ungmenna.
- Menningarstarf í leikskólum, grunnskólum og á frístundaheimilum, Menningarfáninn og Biophilia.
- Foreldrasamstarf.
- Græn skref.
- Gæði og fagmennsku í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi.
- Endurskoðun stefnu fyrir Námsflokka Reykjavíkur.
- Rannsóknir og þróun í skóla- og frístundamálum.
- Þátttaka í erlendum samstarfsverkefnum.
- Mötuneytismál – gæði og rekstur.
- Aðgengilegar upplýsingar um fjármál og aukin kostnaðarvitund.

Skóla- og frístundasvið mun hér eftir sem hingað til leggja áherslu á að nýta tækifæri og leiðir sem gefast á árinu 2013 til að stuðla að aukinni hagkvæmni í rekstri. Gert ráð fyrir tekjuhækkun uppá rúmar 471 mkr eða upb 5,6% hækkunar gjaldskráa þjónustugjalda (gjaldskrár verða rúnaðar af í heila tugi eða hundruð). Gert er ráð fyrir hækkun útgjalda uppá tæplega 2,3 milljarða. Hækkun fjárheimilda sviðsins er því tæplega 1,8 milljarður á milli ára. Gert er ráð fyrir að sviðið fái að fullu bætt metin kostnaðaráhrif kjarasamninga sem koma til framkvæmda á árinu 2013, innri leiga verður einnig að fullu bætt, bæði viðbótarhúsnæði og áhrif verðlagsbreytinga. Skóla- og frístundasvið fær einnig hækkun á fjárheimild vegna verðlagshækkana á annan rekstrarkostnað auk þess sem óútfærðri hagræðingartillögu frá fyrra ári er aflétt af sviðinu. Til viðbótar fær sviðið hækkun vegna áætlunar skóla- og frístundsviðs um fjölgun barna í leikskólum, grunnskólum og á frístundaheimilum og hækkun til að mæta öðrum skuldbindingum s.s. hækkunar á hráefnis- og orkuverði, sjá nánar í upptalningu hér að neðan.

Frístundamiðstöðvar

Sex frístundamiðstöðvar heyra undir sviðið og stýra þær starfsemi 32 frístundaheimila, 21 félagsmiðstöðvar og fjögurra frístundaklúbba. Auk þess eru 5 frístundaheimili sem sameinuð eru grunnskólum. Helstu breytingar í fjárhagsáætlun á milli ára eru:

- Gert er ráð fyrir kjarasamningsbundnum launahækkunum.
- Gert er ráð fyrir hækkun innri leigu bæði vegna viðbótarhúsnæðis og vísitöluhækkana, þó þannig að lækkun innri leigu áhalda og búnaðar kemur að hluta á móti þessum hækkunum.
- Gert er ráð fyrir vísitöluhækkun á allan annan rekstrarkostnað frístundaheimila og á orkukostnað, ræstingu og leigu af þriðja aðila í félagsmiðstöðvum og frístundamiðstöðvum.
- Gert er ráð fyrir fjölgun barna í frístundaheimilum, reiknað sem fjöldi 5 daga pláss, um 73,8 pláss, úr 2.996,2 í 3.070 pláss að meðaltali á árinu. Fjárheimild sviðsins hækkar um 12 mkr vegna þessa. Miklar breytingar eru á fjölda nemenda á þjónustualdri í Reykjavík. Því er töluverð óvissa um nemendafjölda haustið 2013. Lagt er til að spár verði endurskoðaðar í janúar og aftur í apríl. Ef þá kemur í ljós að fjölgun verður umfram þá spá sem liggur að baki áætlun 2013, upplýsi SFS um það næsta vor. Veruleg fjölgun hefur orðið á fjölda barna í frístundaheimilum haustið 2012. Verið er að rýna þær tölur og skoða hvort þörf er á aukafjármagni til þess að þjónusta þann hóp á vorönn 2013.
- Gert er ráð fyrir fjölgun barna sem þurfa stuðning um 103 börn. 27 börn sem þurfa stuðning eru að hætta í 4. bekk en áætlað að 130 börn þurfi stuðning af þeim sem eru að byrja í 1. bekk. Fjárheimild sviðsins hækkar um 30 mkr vegna þessa.
- Gert er ráð fyrir að börnum í frístundaklúbbum fjölgi um 9 á árinu 2013, úr 100 í 109. Fjárheimild sviðsins hækkar um 14 mkr vegna þessa.
- Gert er ráð fyrir auknu fjármagni vegna tilraunaverkefnis í Fellaskóla um samþætt skóla- og frístundastarf með áherslu á málprosa og læsi til samræmis við samþykkt borgarráðs í ágúst 2012. Fjárheimild sviðsins hækkar um 11 mkr vegna þessa.
- Gert er ráð fyrir auknu fjármagni vegna safnfrístundar í 3. og 4. bekk í Fellaskóla og Hólabrekkuskóla til samræmis við samþykkt borgarráðs í ágúst 2012. Fjárheimild sviðsins hækkar um 6,7 mkr vegna þessa.
- Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 var gert ráð fyrir sameiningu tveggja frístundamiðstöðva, Frostakjól og Kamps frá 1. ágúst 2012, horfið var frá þeirri sameiningu. Því er fjárheimild hækkuð aftur um 11,5 mkr.

Á milli umræðna voru eftirfarandi breytingatillögur gerðar og þær samþykktar á fundi borgarstjórnar 4.des.

- Lagt er til að áætlaðar tekjur Reykjavíkurborgar frá Jöfnunarsjóði vegna frístundaklúbba 65.000 þkr verði færðar frá skóla- og frístundasviði og verði færðar með skatttekjum. Þetta hefur ekki áhrif á útgjaldaheimildir sviðsins. Breytingatillaga ÆS-10
- Lagt er til að 290.452 þkr fjárheimildir vegna þjónustusamnings sem í gildi hefur verið á milli Velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs verði fluttar frá skóla- og frístundasviði til Velferðarsviðs. Hér er um að ræða fjármagn vegna þjónustu sem veitt hefur verið á þjónustumiðstöðvunum við leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili. Þessi ráðstöfun felur ekki í sér breytingar á þjónustunni sem áfram verður þróuð og veitt íbúum í nánú samstarfi umræddra sviða. Fjármálastjóra verði falið að útfæra breytingarnar niður á kostnaðarstaði í samráði við VEL. Breytingatillaga ÆS-14
- Lagt er til að fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 9.800 þkr vegna aukins barnafjölda í frístund á vorönn 2013. Barnafjöldi miðar við talningar í október 2012 en fjöldinn reynist meiri en frumvarp að fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205. Fjármálastjóra er falið að útfæra breytingarnar á kostnaðarstaði í samvinnu við Skóla og frístundasvið. Breytingatillaga ÆS-23.

Leikskólar og dagforeldrar

Borgarreknir leikskólar eru 62 auk tveggja sameinaðra leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila. Sjálfstætt starfandi leikskólar í borginni eru 18. Helstu breytingar á fjárhagsáætlun á milli ára eru:

- Gert er ráð fyrir kjarasamningsbundnum launahækkunum. Búið er að áætla kostnað vegna launahækkana starfsmanna í FL sem ákveðnar voru í haust en ekki er búið að skipta hækkuninni á einstaka leikskóla, fjárheimildir leikskóla breytast sem því nemur.
- Gert er ráð fyrir hækkun innri leigu bæði vegna viðbótarhúsnæðis og vísitöluhækkana, þó þannig að lækkun innri leigu áhalda og búnaðar kemur að hluta á móti þessum hækkunum.
- Gert er ráð fyrir vísitöluhækkun á annan rekstrarkostnað. Til viðbótar er gert ráð fyrir hækkun á hráefnis-kostnaði (28 mkr) og hækkun á orkukostnaði (7 mkr) vegna hækkana sem þegar hafa orðið.
- Gert er ráð fyrir auknum kostaði vegna fjölgunar leikskólapláss haustið 2012 um 107 pláss, en börnin sem hófu leikskóladvöl haustið 2012 voru fleiri en þau sem hófu nám í 1. bekk. 40 pláss af þessari fjölgun urðu í sjálfstætt starfandi leikskólum. Fjárheimild sviðsins hækkar um tæpar 114 mkr vegna þessa. Miklar breytingar eru á fjölda barna á þjónustualdri í Reykjavík. Því er töluverð óvissa um barnafjölda haustið 2013. Lagt er til að spár verði endurskoðaðar í janúar og aftur í apríl. Ef þá kemur í ljós að fjölgun verður umfram þá spá sem liggur að baki áætlun 2013, upplýsi SFS um það næsta vor.
- Afleysing vegna undirbúnings faglegu starfi í leikskólum er færð aftur til sama horfs og var fyrir hagræðingu vegna kreppunnar. Fjárheimild sviðsins hækkar um 67 mkr vegna þessa.
- Viðbótarfjármagn er sett til kaupa á hlífðargöllum fyrir leikskólastarfsfólk (2,4 mkr) og viðbótarfjármagn er sett í tækjapott (1 mkr) vegna þarfar á endurnýjun tækja í hluta eldhúsa leikskóla.
- Gert er ráð fyrir hækkun á framlagi til sjálfstætt starfandi leikskóla til samræmis við hækkunir á útgjöldum borgarrekinnna leikskóla en þær hafa áhrif til hlutfallslegrar hækkunar á framlagi til sjálfstætt starfandi leikskóla.
- Gert er ráð fyrir sama fjölda barna hjá dagforeldrum á árinu 2013 og áætlað var á árinu 2012, þ.e. 880 börnum að meðaltali. Þar sem meðalgreiðsla á hvert barn fyrri hluta árs 2012 er hærri en áætlað var, er gert ráð fyrir hærri meðalgreiðslu á hvert barn á árinu 2013 en áætlað var á árinu 2012. Fjárhæð greiðslu er mismunandi eftir vistunartíma barna og félagslegri stöðu foreldra (viðbótarframlög greidd vegna barna einstæðra foreldra, starfsmanna í borgarreknum leikskólum, öryrkja og þegar báðir foreldrar eru námsmenn). Einnig er gert ráð fyrir hækkun á framlagi vegna launahækkana og almennra verðlagshækkana um 3,72%. Þessar hækkunir rúmast innan hækkunar á fjárheimild sviðsins vegna vísitöluhækkana.

Á milli umræðna voru eftirfarandi breytingatillögur gerðar og þær samþykktar á fundi borgarstjórnar 4.des.

- Lagt er til að 290.452 þkr fjárheimildir vegna þjónustusamnings sem í gildi hefur verið á milli Velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs verði fluttar frá skóla- og frístundasviði til Velferðarsviðs. Hér er um að ræða fjármagn vegna þjónustu sem veitt hefur verið á þjónustumiðstöðvunum við leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili. Þessi ráðstöfun felur ekki í sér breytingar á þjónustunni sem áfram verður þróuð og veitt íbúum í nánú samstarfi umræddra sviða. Fjármálastjóra verði falið að útfæra breytingarnar niður á kostnaðarstaði í samráði við VEL. Breytingatillaga ÆS-14
- Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs vegna kennslu barna innflytjenda í leikskólum og grunnskólum verði hækkaðar um 5.000 þkr vegna mikillar fjölgunar barna af erlendum uppruna. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205. Fjármálastjóra er falið að útfæra breytingarnar á kostnaðarstaði í samvinnu við skóla og frístundasvið. Breytingatillaga ÆS-32.
- Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs vegna kennslu barna innflytjenda í leikskólum og grunnskólum verði hækkaðar um 5.000 þkr vegna mikillar fjölgunar barna af erlendum uppruna. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205. Fjármálastjóra er falið að útfæra breytingarnar á kostnaðarstaði í samvinnu við skóla og frístundasvið. Breytingatillaga ÆS-32.

Grunnskólar

Reykjavíkurborg rekur 36 grunnskóla, þar af 2 sérskóla og 5 grunnskóla sem eru sameinaðir leikskólum, frístundaheimilum eða tónlistarskóla. Að auki eru 6 sjálfstætt starfandi grunnskólar í borginni. Helstu breytingar í fjárhagsáætlun á milli ára eru:

- Gert er ráð fyrir kjarasamningsbundnum launahækkunum.
- Gert er ráð fyrir hækkun innri leigu bæði vegna viðbótarhúsnæðis og vísitöluhækkana, þó þannig að lækkun innri leigu áhalda og búnaðar kemur að hluta á móti þessum hækkunum. Samtals lækkaði innri leiga vegna áhalda og búnaðar um 38 mkr, þar af fara 27 mkr á móti hækkun á innri leigu húsnæðis en 11 mkr getur sviðið nýtt til endurnýjunar á búnaði. Ekki liggur fyrir í hvað fjármagnið verður nýtt en þó er ljóst að vegna breytinga á fyrirkomulagi á gjaldskrá UTM hefur verið óskað eftir hækkun á viðhaldskostnaði auk þess sem UTM getur fjárfest í ljósritunarvélum og endurleigt SFS.
- Gert er ráð fyrir vísitöluhækkun á annan rekstrarkostnað. Til viðbótar er gert ráð fyrir hækkun hækkun á orku-kostnaði (tæpar 22 mkr) vegna hækkana sem þegar hafa orðið.
- Gert er ráð fyrir að nemendafjöldi í borgarreknum grunnskólum aukist um 70 börn á árinu 2013. Fjárheimild sviðsins hækkar um 33,8 mkr vegna þessa. Miklar breytingar eru á fjölda nemenda á þjónustualdri í Reykjavík. Því er töluverð óvissa um nemendafjölda haustið 2013. Lagt er til að spár verði endurskoðaðar í janúar og aftur í apríl. Ef þá kemur í ljós að fjölgun verður umfram þá spá sem liggur að baki áætlun 2013, upplýsi SFS um það næsta vor.
- Gert er ráð fyrir hækkun á framlögum til sérkennslu, sérstaklega hækkun fjárhæða vegna vegna stuðnings og sérkennslu í þremur þyngstu flokkunum. Auk þess er gert ráð fyrir breytingu á úthlutunarreglum og að skólar sem eru með nemendahóp sem vikur verulega frá því sem almennt gerist í grunnskólum fái sérstakan fjárhagslegan stuðning. Það gæti verið vegna t.d. fjölda nemenda af erlendum uppruna, fjölda nemenda með alvarlegar þroskaraskanir eða aðrar fatlanir og fjölda barna úr fjölskyldum sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður. Fjárheimild sviðsins hækkar um 53,8 mkr vegna þessa.
- Gert er ráð fyrir s.k. neyðarsjóði fyrir grunnskóla sem ekki geta sagt upp áskrift nemenda í mat en afskrifa þurfa tekjur sem ekki innheimtast. Fjárheimild sviðsins hækkar um 8,2 mkr vegna þessa.
- Gert er ráð fyrir hækkun á lögbundnu framlagi vegna barna í sjálfstætt starfandi grunnskólum til samræmis við áætlaða breytingu á framlagi skv. útreikningum, Hagstofu Íslands. Fjárheimild sviðsins hækkar um tæpar 44,5 mkr vegna þessa.
- Gert er ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna kennslu nemenda úr miðstigi í Breiðagerðisskóla í húsnæði Háaleitis-skóla - Hvassaleiti veturinn 2012-2013, vegna endurbóta á húsnæði Breiðagerðisskóla. Fjárheimild sviðsins hækkar um 8,5 mkr vegna þessa.
- Viðbótarfjármagn er sett í tækjapott (4,8 mkr) vegna brýnnar þarfar á endurnýjun tækja í hluta mötuneytiseldhúsa grunnskóla.
- Í fjárhagsáætlun ársins 2012 var óútfærð hagræðing að fjárhæð 116 mkr. sem meðal annars var stefnt að að ná með annarri nýtingu á húsnæði Safamýrarskóla eftir sameiningu hans í Klettaskóla, sem og breytingum á fyrirkomulagi mötuneyta. Það gekk ekki eftir og ekki hefur náðst að finna raunhæfar leiðir til hagræðingar á árinu. 45 mkr af hækkun fjárheimilda sviðsins var sett í að lækka þessa óútfærðu hagræðingu en það sem eftir stóð, 71 mkr, var aflétt af sviðinu eftir úthlutun ramma í ágúst.

Á milli umræðna voru eftirfarandi breytingatillögur gerðar og þær samþykktar á fundi borgarstjórnar 4.des.

- Lagt er til að fjárheimild, 4.622 þkr, vegna Náttúruskóla Reykjavíkur (B2209) verði flutt frá Umhverfis- og samgöngusviði til skóla- og frístundasviðs, í samræmi við ákvarðanatöku við stofnun nýs Umhverfis- og skipulagsviðs. (Samhliða þessari breytingu eru 3 mkr fluttar af föstum styrkjum SFS til Náttúruskólans, áður var þetta hlutur SFS í kostnaði Náttúruskólans, fært sem styrkur). Breytingatillaga ÆS-05.
- Lagt er til að áætlaðar tekjur Reykjavíkurborgar frá Jöfnunarsjóði vegna sérskóla 992.652 þkr verði færðar frá skóla- og frístundasviði og færðar með skatttekjum. Þetta hefur ekki áhrif á útgjaldaheimildir sviðsins. Breytingatillaga ÆS-10 (einungis bókhaldsleg tilfærsla á milli sviða).
- Lagt er til að áætlaðar tekjur Reykjavíkurborgar frá Jöfnunarsjóði vegna kennslu barna innflytjenda 8.760 þkr verði færðar frá Skóla- og frístundasviði og verði færðar með skatttekjum. Þetta hefur ekki áhrif á útgjaldaheimildir sviðsins. Breytingatillaga ÆS-10 (einungis bókhaldsleg tilfærsla á milli sviða).
- Lagt er til að áætlaðar tekjur Reykjavíkurborgar frá Jöfnunarsjóði vegna sjúkrakennslu nemenda 13.500 þkr verði færðar frá Skóla- og frístundasviði og verði færðar með skatttekjum. Þetta hefur ekki áhrif á útgjaldaheimildir sviðsins. Breytingatillaga ÆS-10 (einungis bókhaldsleg tilfærsla á milli sviða).
- Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 16.300 þkr vegna framlags í rekstur Námsgagnasjóð skv. samningi við ríkið. Fjárheimild er verðbætt í samræmi við áætlun um vísitölu neysluverðs. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205. Fjármálastjóra er falið að útfæra breytingarnar á kostnaðarstaði í samvinnu við Skóla og frístundasvið. Breytingatillaga ÆS-25 (einungis bókhaldsleg tilfærsla á milli sviða).
- Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 12.200 þkr vegna framlags í Endurmenntunarsjóðs grunnskóla skv. samningi við ríkið. Fjárheimild er verðbætt í samræmi við áætlun um vísitölu neysluverðs. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205. Fjármálastjóra er falið að útfæra breytingarnar á kostnaðarstaði í samvinnu við Skóla og frístundasvið. Breytingatillaga ÆS-26 (einungis bókhaldsleg tilfærsla á milli sviða).
- Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 3.400 þkr vegna framlags til Tölvumiðstöðvar fatlaðra skv. samningi við ríkið. Fjárheimild er verðbætt í samræmi við áætlun um vísitölu neysluverðs. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205. Fjármálastjóra er falið að útfæra breytingarnar á kostnaðarstaði í samvinnu við Skóla og frístundasvið. Breytingatillaga ÆS-27 (einungis bókhaldsleg tilfærsla á milli sviða).
- Lagt er til að 290.452 þkr fjárheimildir vegna þjónustusamnings sem í gildi hefur verið á milli Velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs verði fluttar frá skóla- og frístundasviði til Velferðarsviðs. Hér er um að ræða fjármagn vegna þjónustu sem veitt hefur verið á þjónustumiðstöðvunum við leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili. Þessi ráðstöfun felur ekki í sér breytingar á þjónustunni sem áfram verður þróuð og veitt íbúum í nánú samstarfi umræddra sviða. Fjármálastjóra verði falið að útfæra breytingarnar niður á kostnaðarstaði í samráði við VEL. Breytingatillaga ÆS-14 (einungis bókhaldsleg tilfærsla á milli sviða).
- Lagt er til að fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 9.000 þkr til fjármögnunar á þátttöku-bekkjum fyrir þroskahamlaða nemendur. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205. Fjármálastjóra er falið að útfæra breytingarnar á kostnaðarstaði í samvinnu við Skóla og frístundasvið. Breytingatillaga ÆS-21.
- Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 9.000 þkr til fjármögnunar á þátttöku-bekkjum fyrir nemendur með hegðunar- og tilfinningavanda. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205. Fjármálastjóra er falið að útfæra breytingarnar á kostnaðarstaði í samvinnu við Skóla og frístundasvið. Breytingatillaga ÆS-22
- Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs vegna kennslu barna innflytjenda í leikskólum og grunnskólum verði hækkaðar um 5.000 þkr vegna mikillar fjölgunar barna af erlendum uppruna. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205. Fjármálastjóra er falið að útfæra breytingarnar á kostnaðarstaði í samvinnu við skóla og frístundasvið. Breytingatillaga ÆS-32.

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar

Borgin rekur fjórar skólahljómsveitir og einn tónlistarskóla, Tónlistarskóla Kjalarness. Reykjavíkurborg gerir samninga við 18 tónlistarskóla vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og grunnnáms í söng. 13 tónlistarskólar fá greiðslu frá Jöfnunarsjóði í gegnum Reykjavíkurborg vegna framhaldsnáms í hljóðfæraleik og/eða miðnáms og framhaldsnám í söng. Helstu breytingar í fjárhagsáætlun á milli ára eru:

- Fjárheimild sviðsins hækkar um 3,5 mkr vegna breytinga á kennsluhlutfalli skólastjóra skólahljómsveita í síðustu kjarasamningi.
- Fjárheimild sviðsins er hækkuð um 2,2 mkr til að skólahljómsveitir geti tekið þátt í æfingabúðum og landsmótum.
- Gert er ráð fyrir fjölgun kennslustunda hjá tónlistarskólum í borginni um upb 3.300 stundir á ári, til samræmis við samþykkt borgarráðs í júlí 2012, fjárheimild hækkar um 35 mkr vegna þessa.

Á milli umræðna voru eftirfarandi breytingatillögur gerðar og þær samþykktar á fundi borgarstjórnar 4.des.

- Lagt er til að áætlaðar tekjur Reykjavíkurborgar frá Jöfnunarsjóði vegna tónlistarskólanna 233.333 þkr verði færðar frá skóla- og frístundasviði og verði færðar með skatttekjum. Þetta hefur ekki áhrif á útgjaldaheimildir. Breytingatillaga ÆS-10 (einungis bókhaldsleg tilfærsla á milli sviða).

Gjaldskrár

- Gert ráð fyrir tekjuhækkun uppá rúmar 471 mkr eða upb 5,6% hækkunar gjaldskráa þjónustugjalda leikskóla og frístund og fyrir fæði í grunnskóla (gjaldskrár verða rúnaðar af í heila tugi eða hundruð).
- Gert er ráð fyrir 5,6% hækkun innri gjaldskráa, þ.e. Hækkun á leigu íþróttahúsa til ÍTR og samsvarandi hækkun á kostnaði vegna þjónustu þjónustumiðstöðva og UTM.

Annað

- Í rammaúthlutun var gerður fyrirvari um fjölda barna / nemenda. Í fyrstu viku í október verður áætlun um fjölda barna / nemenda endurskoðuð. Ef breytingar eru frá spá sem gerð var í vor, verður fjárhagsáætlun endurskoðuð.
- Lagt er til að fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 20.000 þkr til að hrinda í framkvæmd og fjármagna tillögu um endurskipulagningu mótuneyta á vegum Reykjavíkurborgar, sbr. tillaga borgarstjóra sem liggur fyrir fundi borgarráðs 29. nóv. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205. Fjármálastjóra er falið að útfæra breytingarnar á kostnaðarstaði í samvinnu við Skóla og frístundasvið. Breytingatillaga ÆS-31.

Skipting rekstrar 2013

Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri

	Áætlun 2009	Áætlun 2010	Áætlun 2011	Áætlun 2012	Áætlun 2013
Starfsstaðir					
Fjöldi leikskóla (og leikskóla sem sameinaðir eru grunnskóla)	97	97	95	82	82
Leikskólar Reykjavíkur	78	78	75	62	62
Sjálfstætt starfandi leikskólar	19	19	19	18	18
Sameinaðir leik- og grunnskólar og frístundaheimili	0	0	1	2	2
Fjöldi grunnskóla í Reykjavík				44	45
Grunnskólar Reykjavíkur / sérskólar (þar af 2 sérskólar og 4 sameinaðir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili)				36	36
Sjálfstætt starfandi grunnskólar				6	6
Fjöldi skólahljómsveita				4	4
Tónlistarskólar					
Tónlistarskólar sem á vegum Reykjavíkurborgar				1	1
Tónlistaskólar með þjónustusamning við Reykjavík v. grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og grunnnáms í söng				18	18
Tónlistaskólar sem fá greiðslu frá Jöfnunarsjóði í gegnum Reykjavíkurborg vegna framhaldsnáms í hljóðfæraleik og miðnáms og framhaldsnáms í söng					13
Frístundamiðstöðvar				6	6
Frístundaheimili					32
Frístundaheimili sameinuð grunnskólum*					5
Frístundaklúbbar				1	4
Félagsmiðstöðvar					21
Barnið, nemandinn, ungmenntið					
Fjöldi barna / rýma í leikskólum í Reykjavík	6.551	6.742	6.865	7.020	7130
Leikskólar Reykjavíkur	5.721	5.731	5.735	5.828	5891
Sjálfstætt starfandi leikskólar	803	996	1.124	1.062	1105
Sameinaðir leik- og grunnskólar	0	0	50	130	134
Viðbótarpláss 1.september til að tryggja að öll tveggja ára börn komist í leikskóla				107	0
Fjöldi reykvískra barna í leikskólum utan Reykjavíkur				22	40
Sjálfstætt starfandi leikskólum				22	22
Sveitarfélagsreknum leikskólum					18
Fjöldi barna með lögheimili utan Reykjavíkur sem dvelja í leikskóla í Reykjavík					52
Fjöldi dvalargilda í leikskólum í Reykjavík	71.427	70.203	71.575	72.392	71.678
Leikskólar Reykjavíkur	60.410	58.527	57.715	58.734	58.619
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	11.017	11.676	13.326	12.103	11.754
Sameinaðir leik- og grunnskólar	0	0	534	1.353	1.305
Viðbótarpláss 1.september 2012 fyrir börn í 2010 árgangi				1.370	0
Fjöldi dvalargilda í leikskólum utan Reykjavíkur				202	237
Fjöldi íbúða		373	373	373
Hjúkrunarrými				
Fjöldi hjúkrunarrýma á Droplaugarstöðum		82	82	82
Heildarkostnaður - Droplaugarstaðir		758.293	807.947	842.386
Meðalkostn. á notað rými á dag		25	27	28
Framlag ríkissjóðs á rými á dag á Droplaugarstöðum		21	22	22
Fjöldi hjúkrunarrýma í Seljahlíð		20	20	20
Heildarkostnaður - Seljahlíð hjúkrunardeild		242.710	242.766	252.997
Meðalkostnaður á notað rými á dag í Seljahlíð		33	33	34
Framlag ríkissjóðs á rými á dag		22	23	23
Heimaþjónusta				
	2)			
Heildarrekstrarkostnaður í fél. heimaþjónustu (gjöld)		1.355.090	1.470.112	1540.704
Þar af heildarkostnaður kvöld og helgarþjónusta		180.288	190.649	197.052
Félagsleg heimaþjónusta - fjöldi heimila		3.836	4.162	4.361
Heildarkostnaður heimahjúkrun		990.184	1.065.000	1.116.400
Heimahjúkrun - meðalfjöldi á mánuði með virka þjónustu		873	939	984

Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri, frh.

		Raun 2010	Esk. 2011	2012*
Stuðningsþjónusta (Liðv. og Tilsj./persl.ráðgj.)				
Heildarkostnaður		222.054	243.664	279.297
Fjöldi notenda		582	639	732
Þjónusta við fatlað fólk				
Stuðningsþjónusta fyrir fatlað fólk - Heildarkostnaður		118.971	115.728	156.831
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn - Heildarkostnaður		67.461	68.899	72.059
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn - Fjöldi barna		225	230	240
Dagþjónusta fyrir fatlað fólk - Heildarkostnaður		204.036	197.830	236.202
Búsetuúrræði - Heildarkostnaður	3)	3.321.721	3.626.558	3.924.649
Matarþjónusta				
Fjöldi notenda með heimsendan mat		1.139	1.019	1.009
Fjöldi heimsendra máltíða		135.522	121.200	120.000
Þjónusta við börn				
Fjöldi barnaverndartilkynninga		4.170	3.800	3.800
Heildarkostnaður við varanlegt fóstur		68.290	66.324	84.888
Fjöldi barna í varanlegu fóstri		95	92	95
Heildarkostnaður við tímab. fóstur og fóstur skv. 84 gr. bvl.		128.530	128.754	122.790
Fjöldi barna í tímab. fóstri og fóstri skv. 84 gr. bvl.		109	110	110
Heildarkostnaður -Stuðningsfjölskyldur		23.201	26.236	27.728
Fjöldi barna - Stuðningsfjölskyldur		124	140	148

Upphæðir eru í þúsundum króna og tekjur ekki meðtaldar. Allar upplýsingar eru á ársgrundvelli nema að annað sé tekið fram.

- 1) Dregin hefur verið frá endurgreiðsla ríkisins v/ erlendra ríkisborgara.
- 2) Seljahlíð meðtalin
- 3) Málefni geðfatlaðra fluttust til Reykjavíkurborgar 1.5.2010 en allur málaflokkurinn fluttist yfir 1.1.2011.

Skorkort 2013

	Mælikvarðar	Viðmið Gult			Raun 2011	2012 útk.spá	2013 áætlun
Þjónusta							
	Hlutfall umsækjenda um félagslegt leiguhúsnæði sem fær sérstakar húsaleigubætur á alm. markaði.	25%	-	34%	26%	28%	29%
	Hlutfall notenda heimaþjónustu sem fær aðra aðstoð en þríf.	28%	-	33%	37%	37%	37%
	Hlutfall notenda heimaþjónustu sem fær kvöld- og helgarþjónustu	10%	-	14%	16%	17%	18%
	Hlutfall íbúa í sértækum tímabundnum búsetuúrræðum sem gerir samkomulag um félagslega ráðgjöf.	20%	-	24%	10%	10%	25%
	Hlutfall notenda sem fær fjárhagsaðstoð 12 mánuði á ári.	9,50%	-	10%	14%	14%	13%
	Hlutfall þátttakenda í Kvennasmiðju sem eru ekki með fjárhagsaðstoð til framfærslu eftir 12 mánuði.	48%	-	62%	33%	65%	65%
	Hlutfall þeirra sem uppfylla skilyrði greinar 16 A í reglum um fjárhagsaðstoð og fær aðstoð.	55%	-	64%	41%	55%	65%
	Hlutfall atvinnuleitenda án bótaréttar sem fá fjárhagsaðstoð í tvo mánuði eða lengur mæti á kynningarnámskeið „Virkni til velferðar“	60%		69%		-	70%
	Hlutfall ungmenna á aldrinum 18—24 ára sem komin eru með áætlun um virkni innan tveggja mánaða	65%	-	79%		-	80%
Fjármál							
	Stuðningsþjónusta, rekstur innan fjárheimilda	101%	-	104%		102%	100%
	Heimaþjónusta, rekstur innan fjárheimilda	101%	-	104%		101%	100%
	Ofgreiðslur fjárhagsaðstoðar yfir skilgreindum mörkum rýnd sérstaklega	55%	-	60%	*	80%	80%
	Málaflokkur fatlaðs fólks rekinn innan skilgreindra fjárhags viðmiða	101%	-	104%	*	100%	100%
Verklag							
	Hlutfall mála sem skotið er til Velferðarráðs og eru afgreidd innan 30 daga.	55%	-	65%		60%	
Mannauður							
	Hlutfall stm. sem telja hæfni sína vel nýtta í starfi.	70%	-	79%	81%	*	90%
	Hlutfall stm. sem telja að starfsfólk miðli þekkingu sín á milli	70%	-	74%	84%	*	90%
	Hlutfall stm. sem hafa fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á sl. 12 mánuðum	65%	-	74%	67%	*	75%
	Hlutfall stm. sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið	70%	-	79%	86%	*	90%
	Hlutfall stm. sem hafa fengið hrós fyrir vel unnin störf	60%	-	69%	63%	*	80%
	Hlutfall stm. sem hafa farið í starfsþróunarsamtal á sl. 12-15 mánuðum	70%	-	74%	35%	*	75%
	Hlutfall stm. sem telja sig geta notið sveigjanleika í starfi til að samræma starf og einkalíf	70%	-	74%	80%	*	85%
	Hlutfall stm. sem telja að upplýsingasstreymi sé gott	60%	-	69%	65%	*	75%
	Hlutfall stm. sem er tilbúinn að takast á við breyttar vinnuaðstæður og skipulag	70%	-	74%	82%	*	85%

* Viðhorfsskönnun ekki gerð árið 2012

FRAMKVÆMDA- OG EIGNASVIÐ

Leiðarljós

Framkvæmda- og eignasvið er leiðandi á sviði framkvæmda, reksturs og viðhalds eigna Reykjavíkurborgar




Fjárhagsáætlun 2013

Rekstur (Fjárhæðir í þús. kr.)	Áætlun 2013
Rekstrartekjur	18.085.446
Söluhagnaður eigna og lóða	650.000
Samtals tekjur:	18.735.446
Laun og launatengd gjöld	1.255.923
Annar rekstrarkostnaður	4.525.870
Afskriftir	3.641.048
Samtals gjöld:	9.422.570
Fjármunatekjur/(gjöld)	6.002.593
Rekstrarniðurstaða:	3.310.283

Fjárfesting (Fjárhæðir í þús. kr.)	Áætlun 2013
Byggingaframkvæmdir	2.870.000
Gatna- og umhverfisframkvæmdir	3.275.000
Lóðir, lönd og skipulagseignir	150.000
Áhöld, tæki og hugbúnaður	250.000
Sérstök átaksverkefni	500.000
Fjárfestingar samtals:	7.045.000
Gatnagerðargjöld	-347.000
Fjárfestingar nettó:	6.698.000

Skipurit 2013



Starfsmenn	2013
Fjöldi starfsmanna	175
Fjöldi stöðugilda	174,7
- Eftir skrifstofum:	
Yfirstjórn - stöðeildir	25
Landupplýsingar	12
Mötuneyti	6
Mannvirkjaskrifstofa	15
Skrifstofa gatna og eignaumsýslu - alls	117
Skrifstofa G&E	14
Hverfastöðvar - fasteignaþjónusta	16
Hverfastöðvar - gatnaþjónusta	57
Þjónustumiðstöð	30

Hlutverk

Framkvæmda- og eignasvið hefur undanfarin ár annast framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar í samráði við fagsvið borgarinnar, stýrt hönnun þeirra, byggingu og séð um viðhald. Sviðið annast gerð leigusamninga fyrir fagsvið og gerir þjónustusamninga um hvers kyns rekstur og átaksverkefni sem falla að eignarekstri. Kaup og sala eigna hefur verið er á hendi sviðsins sem og undirbúningur að úthlutun lóða ásamt sölu byggingarréttar.

Megináherslur 2013 - breytingar frá fyrra ári

Við stjórnkerfisbreytingar 1. september varð til nýtt svið, Umhverfis- og skipulagssvið, með sameiningu Framkvæmda- og eignasviðs (FER), Skipulags- og byggingasvið (Skipbygg) og Umhverfis- og samgöngusvið (USR). Jafnframt varð til ný skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar. Hluti verkefna FER færirst á nýja skrifstofu og hluti til hins nýja sviðs.

Við breytingarnar var eftirfarandi haft að markmiði:

- Tryggja árangur í lykilverkefnum á sviði umhverfis- og skipulagsmála, umhirðu og framkvæmda.
- Tryggja heildstæða þjónustu við borgarbúa og atvinnulíf sem væru skilvirk, aðgengileg og sýnileg.
- Móta tillögu um skipulag sem styddi við heildstæða sýn á verkefni sem væru þvert á núverandi svið með hagræðingu að leiðarljósi.
- Efla frumkvæði varðandi þætti eins og fegrun og hreinsun borgarumhverfisins.

Helstu verkefni á nýju Umhverfis- og skipulagssviði eru m.a. stefnumótun í umhverfis- og skipulagsmálum og samgöngumálum. Náttúruvernd, gæði umhverfis, úrgangs- og loftslagsmál, framkvæmd og endurskoðun vegna Staðardagskrár 21. Forhönnun og kostnaðarmat stofnframkvæmda og utanumhald vegna þeirra ásamt viðhaldi samkvæmt samningi við SEA.

SEA fer með málefni eignasjóðs Reykjavíkurborgar. SEA mun leiða vinnu við fjárfestingaráætlun í samráð við fjármálaskrifstofu (FMS) og fagsviðin, ásamt vinnu við fjárstýringu og lánsfjárár-ætlun-argerð í samráði við FMS. Gera áætlanir um kaup og sölu eigna og eignfærðs lausafjár í samstarfi við fagsviðin.

SEA sér einnig um markaðssetningu og þróun lands í samræmi við atvinnustefnu borgarinnar og aðalskipulag og í samráði og samvinnu við fagsvið borgarinnar. Samstarf er við önnur sveitafélög og fyrirtæki borgarinnar, ríkið (Íslandsstofa) og einkaaðila vegna markaðssetningar á landi og atvinnuþróunar.

Skrifstofan sér um gerð úthlutunarskilmála og lóðaúthlutanir í samræmi við atvinnustefnu og aðalskipulag.





Fjárfestingar og framkvæmdaáætlun 2013

Fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun ársins 2013 gerir ráð fyrir að tæpum 7 milljörðum króna verði varið til fjárfestinga. Það er um 500 mkr. hækkun frá árinu 2012. Þar með er stuðlað að því að auka enn frekar framkvæmdir til eflingar atvinnu í borginni. Einkum horft til vinnuafsfrekra framkvæmda svo sem meiriháttar viðhaldsverkefna og endurbóta og að þær muni sem minnst auka rekstrarkostnað Reykjavíkurborgar að framkvæmdum loknum.

Framkvæmdaáætlunin verður fjármögnuð að helmingi með lánum og er hún sett fram með fyrirvara um að lánsfé muni fást á ásættanlegum kjörum. Eins og samþykktarferli framkvæmda gerir ráð fyrir verða tillögur um fjármögnun framkvæmda lagðar fyrir borgarráð eftir því sem útstreymi fjármuna vegna fjárfestinga kallar á slíkar ákvarðanir. Áfangar í framkvæmdaferlinu verða kynntir fyrir borgarráði og fagráðum.

Samvinna og samráð við hverfaráð og íbúa um forgangsöröðun verkefna verður haldið áfram, enda var góð reynsla að þeirri samvinnu á árinu 2012. Með því að virkja íbúa í hverfum verður betur vakað yfir ástandi opinna svæða og torga í hverfum borgarinnar. Vefurinn Betri Reykjavík verður notaður bæði til að fá fram hugmyndir um verkefni í hverfunum, sem og til að velja milli verkefna eftir að búið verður að áætla framkvæmdakostnað við þau. Áhersla er lögð á að flýta samráðsferlinu svo mögulegt verði að bjóða verkefni út tímanlega.

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu framkvæmdir sem áætlaðar eru árið 2013.

Helstu gatna- og umhverfisframkvæmdir 2013

Þjóðvegir og aðrar umferðargötur	
Ýmsar framkvæmdir með Vegagerðinni	Samstarf við Vegagerðina
Forgangur Strætó og úrbætur	Forgangsreinar / biðstöðvar
Geirsgata – Mýrargata	Endurgerð gatna

Nýbyggingahverfi	
Gönguleiðir, ræktun og frágangur	Stofnframkvæmdir í eldri hverfum
Þétting byggðar	Þétting í eldri hverfum
Nýr Landspítali (NLSH)	Undirbúningur og byrjunarframkvæmdir
Stúdenda- og vísindagarðar HÍ	Gatnagerð og umhverfisfrágangur vegna stúdentaíbúða

Miðborgin	
Lækjargata – Lækjartorg – Austurstræti – Ingólfstorg	Endurbætur
Klapparstígur	Endurgerð norðan Hverfisgötu
Hverfisgata	Endurgerð, 1. áfangi
Laugavegur	Endurbætur
Frakkastígur	Endurgerð, 1. áfangi

Umhverfis- og aðgengismál	
Gönguleiðir í eldri hverfum, endurnýjun	Endurnýjun göngu- og hjólastíga í eldri borgarhverfum
Gönguleiðir skólabarna og aldraðra	Endurbætur m.t.t. aðgengis- og öryggismála
Göngu- og hjólastígar. Hjálreiðaáætlun o.fl.	Breikkun og/eða nýir stígar eftir aðstæðum
Ellidaárósar, göngu- og hjólabrýr	Samstarf við Vegagerðina
Breiðholtsbraut við Norðlingabraut, göngubrú	Samstarf við Vegagerðina

Umferðaröryggismál	
Hraðahindrandi aðgerðir, vástaðir.	Úrbætur m.t.t. umferðaröryggis.



Helstu byggingaframkvæmdir 2012

Menningar- og ferðamálasvið

Viðey	Þjónustuhús við bryggju o.fl.
Stofnanir MOF	Ýmsar nýframkvæmdir og endurbætur

Skóla- og frístundasvið

Klettaskóli	Viðbygging
Breiðagerðisskóli	Endurbætur austurálmú
Endurbygging skólalóða, boltagerði	Framkvæmdir samkvæmt forgangsörðun
Endurbygging leikskólalóða, öryggismál	Endurgerð og lagfæringar
Framlög til framhaldsskóla	Kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar í stofnframkvæmdum

Íþrótt- og tómstundasvið

Úlfarsárdalur, íþróttasvæði Fram	Æfingavellir
Sundhöll Reykjavíkur	Útilaug, undirbúningur
Sundlaugarmannvirki, átaksverkefni	Endurbætur sundlaugarmannvirkja
Fjölskyldu- og húsdýragarður Laugardal	Nýframkvæmdir og endurbætur á eldra

Velferðarsvið

Spöngin 43	Bygging félagsmiðstöðvar
------------	--------------------------

Endurbætur , meiriháttar viðhald og átaksverkefni

Leikvellir, torg og opin svæði	Ýmsar framkvæmdir í eldri hverfum
Meiriháttar viðhaldsverkefni fasteigna	Ýmis verkefni
Betri hverfi	Í samvinnu við íbúa og hverfaráð



Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri

	Raun 2010	Raun 2011	Áætluð út- koma 2012	Áætlun 2013
Lóðaúthlutun				
Úthlutun og sala byggingaréttar ¹⁾	- 27 íbúðir	- 10 íbúðir	19 íbúðir	177 íbúðir
Eftir húsgerðum:				
Einbýli	- 7 íbúðir	1 íbúð	3 íbúðir	12 íbúðir
Rað-, par- og tvíbýlishús	- 2 íbúðir	- 11 íbúðir	16 íbúðir	20 íbúðir
Fjölbýlishús	- 18 íbúðir	0	0	145 íbúðir
Eignarekstur				
Fjöldi fasteigna í rekstri	339	342	344	344
Flatarmál fasteigna í rekstri	498.952 m ²	501.682 m ²	518.000 m ²	519.000 m ²
Fjöldi bifreiða í eigu eignasjóðs	0	69	71	123
Fjöldi vinnuvéla í eigu eignasjóðs	0	0	7	7
Borgarlandið - helstu stærðir				
Götur með bundnu slitlagi (lengd og yfirborð)	508 km 4.365.000 m ²	515 km 4.404.000 m ²	516 km 4.448.961 m ²	517 km 4.453.410 m ²
Göngu- og hjólaleiðir með bundnu slitlagi (lengd og yfirborð)	762 km 2.015.000 m ²	766 km 2.021.000 m ²	771 km 2.037.559 m ²	779 km 2.059.972 m ²
Opin svæði - heildarstærð ²⁾	5.600.000 m ²	16.055.482 m ²	15.992.761 m ²	16.072.725 m ²
Borgarlandið - þjónusta				
Hreinsun gatna og gönguleiða	6.285.000 m ²	6.425.000 m ²	6.486.520 m ²	6.518.953 m ²
Hreinsun opinna leiksvæða	250.000 m ²	274.870 m ²	278.626 m ²	280.019 m ²
Grassláttur opinna svæða (og skóla- og leikskólalóða frá 2012)	3.792.000 m ²	3.806.138 m ²	4.145.320 m ² ³⁾	4.166.047 m ²
Sorpstampar	1.119 stampar	1.178 stampar	1.196 stampar	1.220 stampar
Fjöldi bekkja	740 bekkir	896 bekkir	902 bekkir	915 bekkir
Vetrarþjónusta gatna - ökulengd akreina	1.183 km	1.011 km	1.026 km	1.027 km
Vetrarþjónusta gönguleiða ⁴⁾	760 km	757 km	771 km	800 km
Hitakerfi í götum og stígum	215.000 m ²	227.782 m ²	227.782 m ² ⁵⁾	230.060 m ²
Ljósastaurar	26.869 stk.	27.461 stk.	27.615 stk.	27.800 stk.

1) Tölurnar sýna nettófjölda íbúða sem byggja má á þeim lóðum sem seldur var byggingaréttur á, þ.e. á lóðum sem hefur verið ráðstafað og sem hefur verið skilað eða afturkallaðar. Tölur um sölu byggingaréttar 2012 miðast við 20. okt. 2012.

2) Allt opið svæði í byggð. Skilgreiningar breyttar frá og með 2011. Sjá kort og skilgreiningu á vef: www.reykjavik.is/fer (borgarland - opin svæði).

3) Árið 2012 var bætt inn tölum vegna sláttar á skóla- og leikskólalóðum.

4) Allar gönguleiðir með bundnu slitlagi.

5) Uppfærslu vantar í gagnagrunn Landupplýsingakerfis Reykjavíkur (LUKR).

FRAMLÖG TIL B-HLUTA FYRIRTÆKJA

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Framlög Reykjavíkurborgar til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins eru áætluð 681 mkr og er gert ráð fyrir að þau aukist um 49 mkr frá árinu 2011 eða 7,74%. Rekstrarframlag er áætlað 650 mkr, þar af vegna Almanna- varna 4 mkr. Stofnframlag í fjárfestingasjóð er áætlað 31,6 mkr.

Áætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins án gerir ráð fyrir að framlög eigenda nemi 1.110 mkr, þar af 6 mkr til Almanna- varna og tekjur frá ríkinu vegna sjúkraflutninga nemi 824 mkr. Áætlunin miðar við að ríkið greiði 42% hlut- deild í rekstrarkostnaði Slökkviliðsins vegna samnings um sjúkraflutninga eða sama og áætlun síðasta árs gerði ráð fyrir. Samningar við ríkið vegna sjúkraflutninga hafa verið lausir frá því um síðustu áramót, en á síðustu árum hefur ríkið aðeins greitt um 30-32% hlutdeild í rekstri Slökkviliðsins vegna þjónustunnar. Áætluð framlög sveitar- félaga til Slökkviliðsins miða við að ríkið greiði 42% hlutdeild í sjúkraflutningum sem er í samræmi við álit mats- manns sem fenginn var til þess að meta réttmæta skiptingu kostnaðar á milli ríkisins og Slökkviliðsins árið 1994. Samningaviðræður hafa farið fram við ríkið á þessu ári um greiðslur vegna þjónustu við sjúkraflutninga, en ekki hefur fengist í þá niðurstaða. Í sumar var tekin sameiginleg ákvörðun samningsaðila um að fá að nýju oddamann til að meta hlut sjúkraflutninga í rekstri. KPMG var fengið til verksins og niðurstaðan er í meginatriðum sú að kostnaðarhlutdeild ríkisins ætti að vera enn hærri eða um 52% ef miðað væri við sanngjarna skiptingu kostnaðar. Í skýrslu KPMG er hagræði beggja af samstarfinu metinn um 440 mkr á ári og miðað við 52% greiðsluhlutdeild nemi hagræði ríkisins 275 mkr á ári á móti því að sjá um sjúkraflutninga eina sér. Þrátt fyrir skýra niðurstöðu úttektar- aðila hefur ekki fengist niðurstaða í málið.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda miðar við hlutfall íbúa 1. desember ár hvert. Eftirfarandi tafla lýsir skipt- ingu framlaga miðað við að ríkið greiði 42% hlut í rekstri vegna sjúkraflutninga. Rekstrarframlag miðar við saman- tekið framlag til Slökkviliðsins og Almanna- varna.

Fjárhæðir í mkr.	Hlutfallsleg skipting m.v. íbúafjölda	Rekstar- framlag SHS og AHS	Framlag í fjárfestinga- sjóð
Samtals		1.110	54
Reykjavík	58,95%	649,7	31,6
Kópavogur	15,12%	169,8	8,3
Hafnarfjörður	12,91%	144,8	7,0
Garðabær	5,30%	61,4	3,0
Mosfellsbær	4,26%	48,3	2,3
Seltjarnarnes	2,19%	23,1	1,1
Álftanes	1,26%	13,1	0,6

Nánari lýsing á fjárhagsáætlun Slökkviliðsins fyrir árið 2013 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

Strætó bs.

Framlög til Strætó bs. eru áætluð 1.756 mkr, sem skiptast annars vegar í rekstrarframlag 1.598 mkr og hins vegar í framlög vegna nema-fargjalda 158 mkr. Gert er ráð fyrir að rekstrarframlög til Strætó hækki um 111 mkr m.v. áætlun Reykjavíkurborgar 2012 eða um 7,4%. Framlög vegna nema-fargjalda lækka hins vegar á milli ára vegna breytinga sem orðið hafa á fyrirkomulagi þeirra.

Fjárhagsáætlun Strætó miðar við að heildartekjur verði um 4.880 mkr. Þar af nemi rekstrarframlög eigenda 2.723 mkr, sem skiptast í rekstrarframlög 2.476 mkr og framlög til niðurgreiðslu á nema-fargjöldum 245 mkr, tekjur af fargjöldum nemi 1.226 mkr, sértekjur nemi 5,5 mkr og framlag frá ríkinu nemi 925 mkr.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda er fundin út með kostnaðarskiptireglu sem tilgreind er í eigendasamkomulagi. Eftirfarandi tafla lýsir skiptingu framlaga annars vegar miðað við áætlun Strætó og hins vegar miðað við frumvarp að fjárhagsáætlun:

Fjárhæðir í mkr.	Hlutfallsleg	Heildar-	Rekstrar-	Nema-
Samtals		2.723	2.476	245
Reykjavík	64,50%	1.756	1.598	158
Kópavogur	13,29%	362	329	33
Hafnarfjörður	9,71%	264	241	24
Garðabær	5,29%	144	131	13
Mosfellsbær	4,45%	121	110	11
Seltjarnarnes	1,83%	50	45	4
Álftanes	0,93%	25	23	2

Ekki er gert ráð fyrir stofnframlögum eigenda til Strætó, en að rými sé til fjárfestinga í vögnum af framlagi ríkisins og handbæru fé sem er sterkt.

Nánari útlistun á starfsemi og fjárhagsáætlun Strætó fyrir árið 2013 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

NÝ UPPLÝSINGAKERFI 2013

Áætlun um þróun helstu upplýsingakerfa Reykjavíkurborgar 2013 er unnin í samstarfi við svið og skrifstofur borgarinnar og er áætluð fjárförf samtals 150 mkr. Leiðarljós forgangsriðunar fyrir árið er að fækka tímabundið verkefnum og beina kröftunum að kjarnaverkefnum sem nýtast öllum eða sem flestum starfseiningum borgarinnar. Áætlunin sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Verkefni: CRM/CIRM kerfi (Citizens/customer Relationship Management)

CRM/CIRM kerfi eru kerfi fyrir fólk sem vinnur í framlínu, símaveri, þjónustuverum, þjónustumiðstöðvum og annars staðar þar sem starfsmenn borgarinnar eru í samskiptum við viðskiptavini. Flest svið og skrifstofur hafa þörf fyrir kerfi sem heldur utan um samskipti við íbúa/viðskiptavini. Vinnuhópur sem tók til starfa í byrjun árs mun greina þarfar sviða og skrifstofa borgarinnar fyrir CRM kerfi og leggja mat á hvort eitt kerfi getur þjónað allri borginni. Hópurinn geri tillögu að stefnu borgarinnar í CRM málum. *Sérstaklega ætlað: Öll svið og skrifstofur. Áætluð fjárförf: 8 mkr.*

Verkefni: Skjalavistun borgarinnar

Vinnuhópur mun leggja til og útfæra heildarstefnumörkun í skjalamálum Reykjavíkurborgar með það fyrir augum að skjalavistunarkerfi borgarinnar vinni sem ein heild. Meðal annars verður skoðað hvort sameina eigi öll skjalakerfi í einn miðlægan grunn, meta þörf Reykjavíkur á rafrænni varðveislu gagna og huga að möguleikum á innra verkbeiðnakerfi tengt skjalagrunnum fyrir alla borgina. Einnig verða gerðar tillögur að lausnum og skipulagi varðandi geymslu og aðgengi að ljósmyndum innan stjórnsýslunnar þar sem m.a. verður hugað að mismunandi geymslu eftir tegundum og notkunarsviði ljósmynda, t.d. í kynningarskygni, til varðveislu o.s.frv. Samhliða þessu verður áframhald á vinnu við einföldun GoPro skjala- og fundaumsjónarkerfis og birtingu fundagagna á vef og innleiðingu leitarvélar sem leitar þvert á grunna. *Sérstaklega ætlað: Öll svið og skrifstofur. Áætluð fjárförf: 8 mkr.*

Verkefni: Nýjar lausnir í skóla og skrifstofuumhverfi

Endurnýjunarþörf á tölvubúnaði borgarinnar er mikil og uppsöfnuð og því er nauðsynlegt að huga að nýjum og áhrifaríkum lausnum á því sviði. Í því sambandi þarf að líta til sýndarumhverfis, sýndarútstöðva og fleiri nýrra og ódýrra lausna sem einnig geta nýtt eldri búnað á nýjan hátt. Sérstaklega þarf að huga að lausnum í skólaumhverfinu en einnig er gott að skoða hvort slíkar lausnir geti verið hagkvæmar í skrifstofuumhverfi. Hér þarf einnig að skoða hvort snjalltæki geti nýst fleiri hópum hjá borginni en nú er og hugsanlega leyst annan tölvubúnað af hólmi t.d. í deildarstjórn á leikskólum svo eitthvað sé nefnt. *Sérstaklega ætlað: Öll svið og skrifstofur. Áætluð fjárförf: 35 mkr.*

Verkefni: Rafræn Reykjavík/Rafræn þjónusta/Vefþjónusta/Reykjavíkurrappið

Átak verður gert í endurskoðun Rafrænnar Reykjavíkur með því markmiði að efla vefinn, bæta og útvíkka. Stefnt er að því að þróa nýjar lausnir og haft verður samráð við svið og skrifstofur um þjónustuframboð. Skoðað verður með gerð „appa“ (smáforrita) fyrir borgina þar sem ýmsum þjónustupáttum yrðu gerð skil og hugsanlega nýjir teknir inn. Nokkur verkefni eru þegar í farvatninu s.s. rafrænar byggingarleyfisumsóknir, birting stöðu reikninga í RR, gagnvirk skráning fyrir mannvirki ÍTR o.fl. og verður áfram unnið að þeim. *Sérstaklega ætlað: SPR/FMS/USK/ÍTR/SBB. Áætluð fjárförf: 35 mkr.*

Verkefni: Opinn hugbúnaður

Sett verður í gang a.m.k. eitt tilraunaverkefni með opnum hugbúnaði í skólaumhverfinu. Kerfisbundið verður farið yfir öll kerfi borgarinnar og þau skoðuð m.t.t. notkunar á opnum hugbúnaði. *Sérstaklega ætlað: Allir/SFS. Áætluð fjárförf: 6 mkr.*

Verkefni: Ný stýrikerfi/snjalltæki

Átak verður gert í að aðlaga önnur stýrikerfi en Windows (t.d. OSX, Linux og Android) að megin kerfum borgarinnar með það í huga að gera vinnuumhverfið sveigjanlegra og aðlagað að þörfum og óskum notenda. Sérstök áhersla verður lögð á Apple aðlögun í upphafi. *Sérstaklega ætlað: Öll svið og skrifstofur. Áætluð fjárförð: 6 mkr.*

Verkefni: Þráðlaus net

Áætlun um uppbyggingu þráðlauss umhverfis í skólum og stofnunum verður gerð og hafin. Einnig verður gerð áætlun um þráðlaus net fyrir almenning í borginni og lokið við verkefni sem barst af Betri Reykjavík. Að lokum verða þráðlaus gestanet á Höfðatorgi og Ráðhúsi endurskoðuð sem og þráðlaus starfsmannaaðgangur í Ráðhúsi. *Sérstaklega ætlað: Öll svið og skrifstofur. Áætluð fjárförð: 2 mkr.*

Verkefni: Velferðarkerfi

Haldið verður áfram stöðugri þróun kerfa Velferðarsviðs til samræmis við breyttar skyldur og áherslur. *Sérstaklega ætlað: Velferðarsvið. Áætluð fjárförð: 17 mkr.*

Verkefni: Reykjavík.is/Betri Reykjavík

Flutningur Reykjavíkurvefs í nýtt hugbúnaðarumhverfi og þróun Betri Reykjavíkur. Að mati Upplýsinga- og vefdeildar þjónar núverandi vefkerfi ekki þörfum borgarinnar nægilega vel. Vefurinn verður fluttur í opinn hugbúnað. Áfram verður unnið að bótum á BR. *Sérstaklega ætlað: SBB. Áætluð fjárförð: 8 mkr.*

Verkefni: Samræmd upplýsingagjöf (Qlick View)

Áframhaldandi þróun lykiltalnaverkefnis sem gengið hefur mjög vel. *Sérstaklega ætlað: SBB. Áætluð fjárförð: 3 mkr.*

Verkefni: Kerfi SFS

Áframhald þróunar ýmissa kerfa á Skóla- og frístundasviði. Sérstaklega ætlað: Skóla- og frístundasviði. Áætluð fjárförð: 11 mkr.

Verkefni: Fjarfundir

Tilraunaverkefni með fjarfundi á milli Ráðhúss og Höfðatorgs. Líklegt er að með góðum og öflugum fjarfundalausnum megi spara mikið af ferðalögum starfsmanna borgarinnar á milli húsanna og þar með draga úr umferð og mengun ásamt því að nýta tíma starfsmanna betur. Byrjað verði með því að útbúa eitt fundarherbergi á Höfðatorgi og eitt í Ráðhúsi með slíkum búnaði og metið í framhaldinu hvort frekari uppbygging eigi að eiga sér stað. *Sérstaklega ætlað: Allir. Áætluð fjárförð: 6 mkr.*

Verkefni: Ýmislegt/opin verkefni

Sjóður til að bregðast við ófyrirséðu og verkefnum sem hugsanlega upp koma inna fjárhagsársins. Einnig til að loka opnum verkefnum eins og t.d. Outlook innleiðingu. Ef afgangur verður við upphaf síðasta ársfjórðungs verður fénu ráðstafað í önnur verkefni sem hér eru talin upp eða hafa ekki komið til framkvæmda. *Sérstaklega ætlað: Allir. Áætluð fjárförð: 20 mkr.*

B–hluta fyrirtæki

BÍLASTÆÐASJÓÐUR

Leiðarljós

Starfsfólk Bílastæðasjóðs leitast við að sýna lipurð í samskiptum og hefur jafnræðisreglu að leiðarljósi í störfum sínum



Fjárhagsáætlun

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2013
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	768.470
Rekstrartekjur samtals	768.470
Laun og launatengd gjöld	205.268
Annar rekstrarkostnaður	314.005
Afskriftir	97.000
Rekstrargjöld samtals	616.273
Fjármagnsliðir	0
Rekstrarniðurstaða	152.197

Megináherslur 2013 og helstu breytingar milli ára

Árið 2013 verður ráðist í breytingar á greiðslukortakerfum Bílastæðasjóðs til að mæta nýjum skilmálum kreditkortafélaganna er varðar pin númer o.fl. Ljóst er að slík vinna verður flókin þar sem um margar ómannaðar útstöðvar er að ræða og ekki enn komið á hreint hvernig verður staðið að málum en unnið er að lausn með framleiðanda tækjanna. Þá er stefnan sett á að bæta enn frekar upplýsingakerfi sjóðsins og ráðast í gerð á appi fyrir stöðuverði til notkunar við álagningu stöðvunarbrotagjalda. Þá er verið að skoða útvíkkun gjaldsvæða en ljóst er að þörf er á að skoða aðstæður norðan Hverfisgötu og í Pingholtunum. Þá á að skipa stjórn yfir Bílastæðasjóði nú um áramótin og mun árið því einkennast að einhverju leyti að því, þ.e. stefnumótunarvinnu um framtíðarskipulag gjaldskyldu o.fl.

Megináherslur 2014-2017 Framtíðarsýn

Áfram verður útvíkkun gjaldskyldra svæða til skoðunar sem og endurskoðun á gjaldskrá, en nauðsynlegt er að fara í slíka vinnu a.m.k. annað hvert ár til að koma í veg fyrir að grípa þurfi til tugi eða hundruð prósentu hækkunar ef of langt líður á milli. Þá er líklegt að uppbygging við Hörpu haldi áfram að hluta á þessum árum en Bílastæðasjóður á stæði í bílahúsinu þar og er skuldbundinn til að koma enn frekar að verkinu.

Fjárfestingar

Bílastæðasjóður hyggst kaupa fleiri miðamæla næstu árin, bæði fyrir ný svæði sem og til að skipta út fyrir gamla mæla auk þess sem frekar verður bætt í upplýsingakerfi, m.a. app smíðað fyrir stöðuverði. Þá verður haldið áfram í stærri viðhaldsverkefnum í Vonarstræti 4 en þörf er á að endurnýja glugga o.fl. Hætt hefur verið við lagfæringar á gólfi Kolaports sem áætlað er að kosti u.þ.b. 100 mkr. Er það of dýr aðgerð m.v. tekjur af húsinu, en engin hættu stafar af skemmdum í gólfinu. Frekari fjárfestingar í mannvirkjum eru síðan ekki áætlaðar fyrr en frekari uppbygging á sér stað við Hörpu.

Fjárpörf

Bílastæðasjóður er skuldlaus og er ekki fjárpörf til staðar nema til komi frekari uppbygging við tónlistarhúsið Hörpu. Skuldbindingar utan efnahags vegna þessa nema u.þ.b. 900 mkr.



FAXAFLÓAHAFNIR SF.

Fjárhagsáætlun

<i>Fjárhæðir í þús. kr.</i>	Áætlun 2013
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	2.661.865
Rekstrartekjur samtals	
Laun og launatengd gjöld	639.380
Annar rekstrarkostnaður	868.003
Afskriftir	777.389
Rekstrargjöld samtals	2.284.772
Fjármagnsliðir	-67.780
Rekstrarniðurstaða	309.313

Megináherslur 2012 og helstu breytingar milli ára

Umfang rekstrar og verkefni eru með hefðbundnum hætti á milli ára. Framkvæmdir eru í samræmi við langtíma-áætlun hafnarinnar. Meginverkefni ársins 2013 eru framkvæmdir við lengingu Skarfabakka og kaup á stálþili vegna lengingar Tangabakka á Grundartanga.

Framtíðarsýn

Faxaflóahafnir sf. eru leiðandi fyrirtæki á Íslandi í rekstri hafna og þróun lóða og atvinnusvæða. Mikilvægi þeirra hafnasvæða sem fyrirtækið á og rekur kemur m.a. fram í langtíma samgönguáætlun Alþingis. Fyrirtækið hefur verið sjálfbært varðandi rekstur og framkvæmdir og mikilvægast er að Faxaflóahafnir sf. haldi þeirri stöðu sinni um leið og áfram verði þróuð aðstaða á sjó og landi sem skapar tækifæri til uppbyggingar atvinnu- og efnahagslífs á grundvelli samfélagslegrar ábyrgðar.

Fjárfestingar

Til framkvæmda er áætlað að verja 988,0 mkr. og skiptist sú fjárhæð á eftirfarandi hafnarsvæði og verkþætti:

Gamla höfnin	190,0 mkr.
Sundahöfn	420,0 mkr.
Grundartangi	312,0 mkr.
Akranes	34,0 mkr.
Tæki og búnaður	32,0 mkr.
Alls	988,0 mkr.

Í Gömlu höfninni er áætlað að halda áfram landþróun milli Sjóminjasafnsins og slippasvæðisins m.a. með því að setja þar út flotbyggju, skábraut og með umhverfisfrágangi. Þá er gert ráð fyrir nauðsynlega gatnagerð á Norðurgarði í tengslum við uppbygginu HB Granda hf. Loks er gert ráð fyrir að halda áfram endurnýjun á efri hæð Bakkaskemmu.

Í Sundahöfn verður áfram unnið við lengingu Skarfabakka samkvæmt verksamningi, en samhliða verður hafist handa við nauðsynlega undirbúningsvinnu vegna hafnarbakka utan Klepps. Í þeim efnum er nauðsynlegt að hefja undirbúning að umhverfismati framkvæmdarinnar, skipulagsmálum og hönnun bakkans, sem væntanlega kæmi þó ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 2015 og ljúka á árinu 2018. Auk ofangreindra verkefna er gert ráð fyrir framkvæmdum við endurnýjun slitlags gatna og hafnarbakka.

Á Grundartanga er lagt til að á árinu 2013 verði keypt stálþil vegna lengingar Tangabakka, en að niðurrekstur stálþilsins og aðrar framkvæmdir hafnarbakkans lendi á árinu 2014.

Á Akranesi er fyrirhugað að fara í nauðsynlega dýpkun í hafnarmynni til þess að auka kyrrð innan hafnar.

Fjárförf

Rekstur og framkvæmdir eru fjármagnaðar af reglulegum tekjum og tekjum af úthlutun lóða án lántaka.

FÉLAGSBÚSTAÐIR HF

Meginforsendur

Meðfylgjandi drög að fjárhagsáætlun Félagsbústaða hf. fyrir tímabilið 2012-2017 eru samkvæmt gangvirðisuppgjöri í samræmi við framsetningu á ársuppgjörum félagsins frá árinu 2003.

Verðlagsforsendur áætlunarinnar eru samkvæmt tilmælum Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar 5,04% fyrir árið 2012 og 3,74% fyrir 2013. Fyrir tímabilið 2014-2017 er miðað við forsendur þjóðhagsspár, eða 2,8% fyrir árið 2014 og 2,5% fyrir 2015-2017. Félagsbústaðir áætla að nafnverð íbúðarhúsnæðis í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu hækki um 6% á yfirstandandi ári og 4% árið 2013 en raunvirði haldist síðan óbreytt út tímabilið.

Kaup og sala íbúða

Í árslok 2011 áttu Félagsbústaðir samtals 2208 íbúðir. Á árinu 2012 er áætlað að fjölga íbúðum félagsins um 20. Ráðgert er að selja 30 íbúðir á árinu, þ.a. 20 íbúðir í Yrsufelli 1-3 og kaupa samtals 50 íbúðir, aðallega 2ja. herbergja, þ.a. 12 íbúðir í Fagrabergi í Breiðholti, í samvinnu við Félag eldri borgara í Reykjavík og 10 íbúðir samkvæmt beiðni Velferðarsviðs í tengslum við þjónustukjarna í eigu Félagsbústaða fyrir geðfatlað fólk.

Á árunum 2013-2015 verður haldið áfram að fækka íbúðum í Fellahverfi samtals um 54 í Unufelli og Fannarfelli og kaupa í staðinn íbúðir í öðrum hverfum borgarinnar. Samtals er ráðgert á þessu tímabili að selja samtals 90 íbúðir en kaupa 140 íbúðir og fjölga þar með íbúðum félagsins um 50 íbúðir, þar af 22 íbúðir fyrir geðfatlaða árin 2013 og 2014.

Árin 2016 og 2017 er áætlað að selja samtals 20 íbúðir og kaupa 40 almennar leiguíbúðir.

Áætluð fjölgun íbúða á áætlunartímabilinu 2012-2017 nemur því 90 íbúðum samtals. Íbúðum í Fellahverfi fækkar samkvæmt þessu um 74 íbúðir á tímabilinu, eða úr 176 í 102 íbúðir. Hlutfall íbúða í Efra Breiðholti af heildarfjölda íbúða í eigu Félagsbústaða lækkar samkvæmt áætluninni úr 20% í dag í 15% í lok tímabilsins en þetta ferli hófst árið 2006 með sölu á 20 íbúðum Fannarfelli 2-4.

Rekstur

Samkvæmt útkomuspá yfirstandandi árs nema leigutekjur 2.802 millj.kr. sem er 10% hækkun frá fyrra ári og tæp 5% umfram áætlaða verðlagspróun sem skýrist af fjölgun íbúða frá árinu á undan, aðallega sambýlum fyrir fatlað fólk sem keypt voru af Jöfnunarsjóði í árslok 2011. Rekstrargjöld eru áætluð 1.419 millj.kr., sem er 3,7% aukning frá árinu á undan og áætlaður rekstrarhagnaður fyrir fjármagnskostnað og matsbreytingu eigna á árinu 2012 því 1.383 millj.kr. sem er um 17% aukning frá árinu 2011. Bætt rekstrarafkoma á yfirstandandi ári fyrir fjármagnskostnað og matsbreytingu eigna er að mestu tilkomin vegna lækkunar á viðhaldskostnaði og framlagi til afskrifta leiguskulda sem hlutfall af leigutekjum. Áætluð afkoma rekstrar fyrir verðbætur lána og matsbreytingu eigna nemur 381 millj.kr., eða 13,6% leigutekna miðað við 284 millj.kr., eða 11,2% leigutekna árið 2011.

Áætluð verðbreyting lána lækkar um 13 % milli ára sem skýrist af 205 millj.kr. höfuðstólslækkun erlends láns frá árinu 2007 sem færð er til lækkunar á þessum lið. Matsbreyting fjárfestingaeigna að frádreginni eignfærslu langtímakostnaðar er áætluð 1.915 millj.kr. í samræmi við forsendu um 6% hækkun nafnverðs fjárfestingaeigna og hagnaður ársins 2012 því áætlaður 1.175 millj.kr.

Leigutekjur ársins 2013 eru áætlaðar 2.933 millj.kr. sem er 4,7% aukning frá fyrra ári, eða tæpt 1% umfram áætlaða verðlagshækkun ársins. Áætluð rekstrargjöld hækka um 4,3% frá fyrra ári og vaxtagjöld um 4,1%. Afkoma fyrir verðbætur lána og matsbreytingu eigna er áætluð 410 millj.kr. eða um 14% leigutekna.

Áætlaðar verðbætur hækka um 9,4% sem skýrist af höfuðstólslækkun lána á árinu 2012 sem áður er getið. Að teknu tilliti til 4% matsbreytingar fjárfestingaeigna nemur áætlaður hagnaður af rekstri Félagsbústaða 689 millj.kr. á árinu 2013.

Gert er ráð fyrir að rekstur Félagsbústaða þróist með svipuðum hætti árin 2014-2017 enda forsendur þær sömu yfir tímabilið og fjölgun íbúða óveruleg. Afkoma rekstrar fyrir verðbreytingu lána og matsbreytingu eigna er að meðaltali um 456 millj. kr. eða um 14,3% af leigutekjum.

Áætlaður árlegur hagnaður tímabilsins 2014-2017 nemur að meðaltali um 613 millj.kr.

Efnahagur

Áætlaðar heildareignir Félagsbústaða í árslok 2012 nema 39,5 milljörðum kr. og eigið fé 9,9 milljarði kr., eða 25,1% heildareigna en var 23,7% í árslok 2011. Gert er ráð fyrir að heildareignir félagsins á tímabilinu hækki í tæpa 48 milljarða í árslok 2017 og eiginfjárlutfall verði 27,8%

Í áætluninni er gert ráð fyrir að árlegt hlutfjárframlag Reykjavíkurborgar vegna fjölgunar íbúða verði 45 millj.kr. sem hefur haldist óbreytt allt frá árinu 2004.

Sjóðsstreymi

Veltufjárframlag rekstrar á árinu 2012 er áætlað 390 millj.kr. og handbært fé frá rekstri 418 millj.kr. Fjárfestingarhreyfingar ársins nema 700 millj.kr., sem fela í sér fjárfestingar í íbúðarhúsnæði að fjárhæð 1.152 millj.kr. að framtöldu 452 millj.kr. söluandvirði eigna. Fjármögnunarhreyfingar ársins eru áætlaðar 586 millj.kr., aðallega ný lán, hlutfjárframlag borgarinnar að frádregnum afborgunum af lánum. Hækkun handbærs fjár á árinu 2012 nemur því samtals 286 millj.kr. og áætlað handbært fé 293 millj.kr. í árslok 2012.

Með vísan til sölu 20 íbúða í Fellahverfi hér að framan þá eru þær íbúðir skuldalausar og þar sem þær íbúðir sem keyptar verða í staðinn í öðrum hverfum borgarinnar eru fjármagnaðar með 90% lánum íbúðalánasjóðs myndast töluvert handbært fé auk þess sem skuldsetning félagsins vex að sama skapi.

Töluverð óvissa ríkir í dag á húsnæðislánamarkaði vegna breytinga á lánsformi húsnæðislána þar sem í vaxandi mæli er farið að fjármagna húsnæðis kaup almennings með óverðtryggðum lánum. Í áætluninni er því gert ráð fyrir að nýta hluta handbærs fjár sem verður til við sölu skuldlausra eigna í Fellahverfi til niðurgreiðslu á óhagstæðum lánum í lánasafni félagsins eftir því sem kostur er og heimildir í lánasamningum leyfa. Þannig er gert ráð fyrir niðurgreiðslu lána umfram samningsbundnar afborganir á árinu 2012 að fjárhæð 264 millj.kr., 232 millj.kr. á árinu 2013 og 220 millj.kr. á árinu 2014.

Miðað við framangreinda áætlun um niðurgreiðslu langtímalána árin 2012-2014 er handbært fé í árslok 2013 áætlað 345 millj.kr. og 414 millj.kr. í árslok 2014 og árleg staða í lok árs tímabilið 2015-2017 að meðaltali um 700 millj.kr.

Sjóðsstreymi

Talsverð og vaxandi spenna hefur ríkt á leigumarkaði íbúðarhúsnæðis undanfarin tvö ár sem leitt hefur til aukinnar eftirspurnar langt umfram framboð með tilheyrandi hækkun leiguverðs á almennum markaði. Nýbygging íbúðarhúsnæðis sem nánast lagðist af á árinu 2008 hefur ekki tekið við sér að neinu marki, íbúafjölgun á höfuðborgarsvæðinu, fjölgun námsmanna á húsnæðismarkaði, fjölgun kaupsamninga ásamt auknum straumi ferðamanna til landsins yfir lengri tíma ársins en áður eru allt þættir sem hafa leitt til þessa ástands á almennum leigumarkaði í borginni.

Frá því Þjóðskrá tók að skrá leigu á almennum markaði með skipulegum hætti í ársbyrjun 2011 hefur leiguverð til ágúst s.l. hækkað um 18,7% miðað við 9,5% hækkun neyslúvísitölu yfir sama tímabil. Síðustu 3 mánuði hefur leiguvísitalan hækkað um 6,8% miðað við 1,3% hækkun vísitölu neysluverðs.

Á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar voru í júlí s.l. 768 umsækjendur sem er 77 fleiri en á sama tíma árið 2011, eða um 11% aukning. Af þessum hópi voru á sama tíma 493 skilgreindir í brýnni þörf, sem er 15% aukning frá fyrra ári. Af þeim sem eru í brýnni þörf eru 401, mestmegnis einstaklingar sem eru að bíða eftir 1-2 ja herbergja íbúðum. Lítið framboð er af litlum íbúðum á húsnæðismarkaði í Reykjavík sem breytist ekki fyrr en nýbygging íbúðarhúsnæðis tekur aftur við sér.

Áform um byggingaframkvæmdir á vegum Félagsmálastofnunar stúdenta og Búseta í Reykjavík ásamt undirbúningi að nýju opinberu húsnæðisbótakerfi sem gæti ef vel tekst til stuðlað að myndun fasteignafélaga um útleigu íbúðarhúsnæðis sem nú er í eigu fjármálastofnana gefa vonir um að meira jafnvægi skapist á leigumarkaði í borginni á næstu árum. Á meðan hins vegar er útlit fyrir að fleiri einstaklingar og fjölskyldur leiti eftir úrræðum hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu.

MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI HF

Megináherslur 2013

Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum milli áranna 2012 og 2013. Framleiðsla bæði Grjótmulningsstöðvar og Malbikunarstöðvar árið 2012 verður sú lægsta í sögu fyrirtækisins. Sömuleiðis verður útlögn Framkvæmdadeildar fyrirtækisins sú minnsta sem verið hefur frá stofnun fyrirtækisins. Vonir standa til þess að rekstrarskilyrði árið 2013 verði örlítið betri þó fátt bendi til þess að framboð verkefna aukist að einhverju marki. Reiknað er með að malbiksframleiðsla og malbiksútlögn verði eitthvað meiri á næsta ári og hún er 2012.

Forgangsatriði er að ganga frá lóðamálum fyrirtækisins þannig að gerður verði lóðasamningur um núverandi lóð til ákveðins tíma. Að öðrum kosti er hætt við að fyrirtækið standi höllum fæti í harðri samkeppni við alþjóðleg stórfyrirtæki sem hafa haslað sér völl hér á landi, sem og við smærri innlenda aðila.

Megináherslur fyrirtækisins næsta ár verða fólgnar í því að verja hag fyrirtækisins og forða því frá áföllum. Áfram verður haldið að hagræða í rekstri og um leið að verja störf eftir því sem nokkur kostur er.

Framtíðarsýn

Fyrirtækið starfar á útboðs- og samkeppnismarkaði og velta þess og afkoma ræðst af markaðsaðstæðum og hagsveiflu hverju sinni. Á næstu árum virðist sem stórar framkvæmdir á vegum ríkisins séu vart í auglýsingu á höfuðborgarsvæðinu. Ekki eru heldur horfur á því að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu muni auka framlög til malbiksframkvæmda á næsta ári. Nýbyggingar vega og gatna verða minni en nokkru sinni fyrr, en meiri óvissa er varðandi hefðbundnar yfirlagnir, einkum þegar til lengri tíma er lítið. Allt bendir til þess að einkaaðilar munu einnig halda að sér höndum og lítið er um stór verkefni á þeirra vegum í auglýsingu. Gera má ráð fyrir því að mjög hart verði barist um þau verkefni sem til falla. Engu að síður er vonast til að úr rætist smátt og smátt frá og með næsta ári, en það mun taka nokkur ár áður en hægt er að reikna með að malbiksframleiðsla nálgist meðalframleiðslu áranna 1997-2009.

Fjárfestingar

Verulegar líkur eru á að fjárfest verði í endurvinnslubúnaði á næsta ári, svo hægt sé að endurnýta hráefni og ná þannig fram sparnaði við framleiðsluna og gera hana umhverfisvænni. Þar er hins vegar ekki um mjög háa upphæð að ræða. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um frekari fjárfestingar árið 2013 og líklegt er að þær verði með minnsta móti. Á næstu árum þarf að huga að uppsetningu blöndunar búnaðar fyrir ýmis íblöndunarefni til að ná fram meiri gæðum í framleiðslu fyrirtækisins. Klára þarf minni háttar framkvæmdir vegna lóðamála og næstu ár mun koma að því að endurnýja þurfi hluta af tækjum og jafnvel vörubílum fyrirtækisins. Engar ákvarðanir eru teknar um fjárfestingar án undangenginnar ítarlegrar umfjöllunar í stjórn fyrirtækisins.

Fjárförf

Líklegt er að fyrirtækið þurfi að taka skammtímalán vegna reksturs á næsta ári. Verði ákveðið að fara í fjárfestingar er lántaka nauðsynleg, en engar ákvarðanir verða teknar um lántökur án þess að það verði rætt ítarlega í stjórn fyrirtækisins.

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS

Leiðarljós SHS er að veita gæðaþjónustu vegna forvarna og fyrstu viðbragða til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir. Hjá liðinu starfi vel menntað og þjálfað starfsfólk með skýr markmið



Fjárhagsáætlun

Fjárhæðir í þús. kr.	Áætlun 2013
Fjárfestingar	2.109.319
Rekstrartekjur (aðrar tekjur)	2.109.319
Rekstrartekjur samtals	1.603.809
Laun og launatengd gjöld	312.677
Annar rekstrarkostnaður	75.727
Afskriftir	1.992.213
Rekstrargjöld samtals	105.748
Rekstrarniðurstaða	11.358

Í töflunni má sjá áætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins án fasteignafélagsins

Megináherslur 2013 og helstu breytingar á milli ára

Markmið laga um brunavarnir nr. 75/2000 er að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi. Ábyrgð sveitarstjórna er skilgreind í 10. gr. laganna og 16. gr. kveður á um skyldur slökkviliðsstjóra til þess að sjá til þess að lögunum og reglugerðum settum samkvæmt þeim sé framfylgt.

Áætlaðar tekjur slökkviliðsins árið 2013 hækka um 142 m.kr. frá fyrra ári. Framlag eigenda hækkar um 92 m.kr. en sértekjur hækka um 3 m.kr. og gert er ráð fyrir að tekjur vegna sjúkraflutninga hækki um 47 m.kr. Þess ber þó að geta að enn er ekki búið að endurnýja samning við Sjúkratryggingar Íslands um rekstur sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu þrátt fyrir að samningaviðræður hafi staðið yfir í eitt ár. Framlag í fjárfestingarsjóð hækkar um 33 m.kr. og fer í 54 m.kr. en framlag skv. stofnsamningi ætti að vera rúmar 89 m.kr. Er þetta fimmta árið í röð sem framlaginu er frestað og hefur því alls um 369 m.kr. fjárfestingarframlagi verið frestað frá árinu 2009. Frestun fjárfestinga getur komið harkalega niður á öryggi starfsins og þeirra sem því sinna, en meðalaldur slökkvibíla er kominn yfir 16 ár. Fyrir utan hækkun á framlagi í fjárfestingarsjóð hækkar framlag eigenda um 59 m.kr. vegna verðlagsbreytinga og hækkunar launa vegna kjarasamninga.

Á árinu er gert ráð fyrir að ráða inn nýja starfsmenn þar sem gert er ráð fyrir að ný slökkvistöð við Skarhólabraut í Mosfellsbæ verði tekin í notkun í byrjun árs 2014, sem skýrir að hluta til hækkun launakostnaðar.

Megináherslur 2014 - 2017 — Framtíðarsýn

Stjórn SHS samþykkti í byrjun árs 2012 að ráðast í byggingu nýrrar slökkvistöðvar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ. Undirbúningsvinnu og hönnun á byggingunni lýkur á þessu ári og einnig er gert ráð fyrir að farið verði í útboð fyrir árslok. Byggingartími er áætlaður rúmlega eitt ár og því er gert ráð fyrir að taka nýja slökkvistöð í gagnið á fyrra helmingi árs 2014. Fjölga þarf starfsmönnum og gert er ráð fyrir að þeir verðir ráðnir á seinni helmingi ársins 2013 þar sem nokkurn tíma tekur að þjálfa nýja starfsmenn þannig að þeir séu tilbúnir að hefja störf þegar ný slökkvistöð verður tilbúin. Um leið þarf að kaupa nýjan slökkvibíl og annan búnað. Annar búnaður SHS, sérstaklega slökkvibílar, er kominn til ára sinna og því ekki hægt að fresta því mikið lengur að endurnýja búnaðinn.

Fjárfestingar

Í 11. gr. stofnsamnings byggðasamlagsins er kveðið á um framlag í fjárfestingarsjóð, sem tekur mið af gengi SDR. Við gerð áætlunar fyrir árið 2013 ákvað stjórn SHS að aðildarsveitarfélögin myndu reiða fram hluta framlags í fjárfestingarsjóð, eða 54 m.kr., á árinu 2013. Heildarframlag í fjárfestingarsjóð skv. stofnsamningi á að nema um 89 m.kr. á ári á núverandi gengi. Alls hefur 369 m.kr. stofnsamningsbundnu framlagi til SHS verið frestað á árunum 2009 til 2013.

Eins og áður hefur komið fram er nauðsynlegt að kaupa nýjan slökkvibíl vegna nýrrar slökkvistöðvar og endurnýja eldri bíla. Gert er ráð fyrir að hefja undirbúning að því að panta nýja bíla en ekki er reiknað með því að þeir verði komnir til landsins fyrr en árið 2014.

Fjárförf

